



Sámur

BLAÐ
HUNDARÆKTARFÉLAGS
ÍSLANDS

2. tbl · 35. árg. · september 2013 · verð 999 kr.



Stofstells skríður
dregur úr einhverfu - bls. 6



Sveppasýkingar í hundum - bls. 8



Reykjavík Winner 2013 - bls. 16



Ræktandinn - bls. 34



TEGUNDARKYNNING: **Shetland sheepdog**

Hundavernd VÍS tryggir hundinn þinn

Hið óvænta gerir ekki boð á undan sér og því er mikilvægt að hafa hundana rétt tryggða. Líftrygging er góður kostur fyrir þá sem vilja líftryggja hundinn sinn. Sjúkrakostnaðartrygging færir hundinum bestu meðhöndlun sem völ er á ef hann veikist eða

slasast. Auk líf- og sjúkrakostnaðartrygginga býður VÍS upp á afnotamissistryggingu, umönnunartryggingu og ábyrgðartryggingu fyrir hunda. Dýravernd VÍS tryggir einnig hesta og ketti og hún kostar minna en þú heldur.



Stjórn HRFÍ

Formaður:

Jóna Th. Viðarsdóttir

Varaformaður:

Herdís Hallmarsdóttir

Gjaldkeri:

Delia Howser

Meðstjórnendur:

Arinbjörn Friðriksson,
Brynja Tomer,

Guðmundur A. Guðmundsson
og Ólafur E. Jóhannsson.

Ábyrgðarmenn:

Fríður Esther Pétursdóttir
Jóna Th. Viðarsdóttir

Ritstjóri:

Auður Sif Sigurgeirsdóttir

Auglýsingastjóri:

Magnús Sævar Magnússon

Ritnefnd:

Anja Björg Kristinsdóttir,
Berglind Magnúsdóttir,
Guðrún Margrét Baldursdóttir
Inga Björk Gunnarsdóttir og
Porsteinn Thorsteinson

Prófarkalestur:

Auður Sif Sigurgeirsdóttir

Yfirlitur og önnur aðstoð:

Fríður Esther Pétursdóttir,
Jóna Th. Viðarsdóttir og
Sóley Ósk Sigurgeirsdóttir



Umbrot og prentun:

Oddi umhverfisvottuð
prentsmiðja

Sámur kemur út þrisvar sinnum á ári í 5000 eintaka upplagi. Blaðið er fyrst og fremst sent skuldlausum félögum HRFÍ sem eru yfir 2300 manns. Auk þess fá erlend hundaræktarfélög, fjölmiðlar, sjúkrahús og bókasöfn blaðið sent til sín. Tímariði er einnig selt í lausasölu. Aðsent efni í blaðið er á ábyrgð höfundar og þarf ekki að lýsa skoðun ritnefndar eða stefnu félagsins. Eftirprentun er bönnuð nema að fengnu leyfi höfundar.

Útgefandi:

Hundaræktarfélag Íslands
Síðumúla 15
108 Reykjavík
Sími: 588-5255

Vefsíða: www.hrfi.is
Netfang: hrfi@hrfi.is

ISSN 1027-4235
Sámur 2. tbl. 35. árg 2013

Frá ritstjóra

Að þessu sinni langar mig að nota tækifærið og hvetja alla félagsmenn og aðra hundeigendur til að vinna með hundunum sínum því það er fátt skemmtilegra. Allir hundar hafa gaman af einhvers konar vinnu og eigendur ættu að reyna að finna sport sem hentar þeirra hundi.



Á Íslandi er ótrúlega margt í boði sem tengist vinnu með hunda. Þar má nefna hlýðninámskeið, klikkernámskeið, hvolpanámskeið, hundafimi, retriever-námskeið, fuglahundanámskeið, sporanámskeið, sýningarnámskeið, smalahundanámskeið og svo mætti lengi telja. Allir ættu að finna eitthvað sem hentar bæði þeim sjálfum og hundunum. Svo má einnig nefna verkefni Rauða kross Íslands, heimsóknarvini, en margir ferfætlingar og eigendur þeirra taka þátt í verkefninu og láta gott af sér leiða. Félagsskapurinn er ekki síður skemmtilegur og eru til fjölmargir hópar sem hittast reglulega og æfa saman.

Það er hrein unun að fylgjast með vinnuglöðum hundi leysa hin ýmsu verkefni sem fyrir hann eru lögð, hvort sem um er að ræða smalahund, sporahund, veiðihund eða hlýðinn hund sem vill allt fyrir eiganda sinn gera. Ég skellti mér á sporanámskeið í sumar með schäfer-hundinn minn og hafði einstaklega gaman af að fylgjast með honum vinna. Núna get ég sporað með hann eins oft og mig langar til vegna þess að á námskeiðinu lærði ég allt sem ég þarf að kunna í sportinu. Eftir námskeiðið var hann dauðþreyttur, ekki líkamlega heldur andlega og svaf það sem eftir var dags. Ég hef einnig sótt fjölmörg hlýðninámskeið, sýningarnámskeið, dansnámskeið og klikkernámskeið og í hvert sinn hef ég lært eitthvað nýtt sem ég get notað í þjálfun hundanna minna. Einnig hef ég einstaklega gaman af því að horfa á hvers kyns vinnuþróf þó ég taki ekki endilega þátt í þeim sjálf.

Kæru lesendur Sáms, ég hvet ykkur eindregið til að kynna ykkur það sem er í boði fyrir ykkur og hundana ykkar. Öllum hundum finnst gaman að vinna, galdurinn er að finna eitthvað sem hentar bæði honum og ykkur!

Kær haustkveðja til ykkar allra,

Auður Sif Sigurgeirsdóttir, ritstjóri.

Forsíðumynd:

Forsíðumyndina að þessu sinni prýðir boxer-tíkin, Bjarkeyjar Moment in Time. Eigandi hennar er Raket Ósk Þrastardóttir og ræktandi er Inga Björk Gunnarsdóttir sem jafnframt tók myndina.

Efnisyfirlit:

Frá ritstjóra	3
Fríður Esther Pétursdóttir framkvæmdastjóri HRFÍ.	4
Stefstells Skrudður dregur úr einhverfu	6
Sveppasykingar í hundum.	8
Frábær árangur íslenskra fjárhunda í hlýðni	10
Feldhirða hvolpa	12
Hvað hafa ber í huga við línuræktun.	14
Reykjavík Winner 2013.	16
Nýir meistarar.	24
Nýr sýningadómari	26
Meltingargerlar (Probiotics).	27
Frá Vinnuhundadeild HRFÍ	28
Heimssýningin 2013	30
Shetland sheepdog	32
Sigurbjörg Vignisdóttir Himnaræktun.	34
Ungur sýnandi í Svíþjóð Pernilla Fux Lindström.	36
Þórdís María Hafsteinsdóttir Dómari á opinni sýningu	38
Frá HRFÍ	40
Ársskýrsla	41
Ársreikningar	43
Aukinn áhugi á íslenska fjárhundinum	44
Deildafréttir	45

Fríður Esther Pétursdóttir framkvæmdastjóri HRFÍ

Höfundur: Auður Sif Sigurgeirsdóttir

Fríður Esther Pétursdóttir tók við starfi framkvæmdastjóra HRFÍ í byrjun ársins en Valgerður Júlíusdóttir hafði gegnt starfinu um nokkurra ára skeið. Sámi lék forvitni á að vita meira um Fríði Esther og hvað starf framkvæmdastjóra HRFÍ felur í sér.



Fríður Esther er 38 ára, þriggja barna móðir sem býr í Mosfellsbæ ásamt eiginmanni sínum, Þorsteini, 12 ára syni sínum, þremur dvergschnauzer, einum griffon og einum affenpinscher. Einnig á Fríður tvítugar tvíburadætur. Fjölskyldan hefur búið í Mosfellsbæ í rúm 5 ár en Fríður segist þó vera Sel-fyssingur í húð og hár, enda fædd og uppalin þar.

Alltaf haft áhuga á hundum og dýrum

Fríður segist hafa haft áhuga á hundum og dýrum allt sitt líf og suðaði lengi í foreldrum sínum áður en hún eignaðist sinn fyrsta hund sem var blendingur. Óhætt er að segja að Fríður hafi verið

ansi klók þegar hún eignaðist hundinn en hún lét vin sinn gefa sér hann í afmælisgjöf, foreldrunum til lítillar gleði.

Fyrsta hreinræktaða hundinn eignaðist hún fyrir tilviljun í kringum árið 2000 en þá tók hún að sér, vegna breyttra heimilisáðstæðna, gelda risaschnauzer-tík með ættbók frá ameríska kennelklúbbnum sem hafði verið innflutt frá Bandaríkjunum. Fríður segir áhugann á schnauzer hafa aukist með komu tíkarinnar sem var dásamlegur persónuleiki. Árið 2001 flutti Fríður inn sinn fyrsta hund, risaschnauzer-tíkina ISCh RjCh Tara's Dakota og fékk þá „sýningabakteríuna“ og þá var ekki aftur snúið! Fríður lét ekki þar við sitja og hefur flutt inn annan risa-

schnauzer, 12 dvergschnauzer hunda, tvo griffona og fyrir stuttu kom fyrsti affenpincherinn til landsins en hann er í eigu Fríðar. Fríður segist vera hrifnust af tegundum úr tegundahópi 2 þó að margar tegundir heilli hana.

Besti vinur mannsins

Hundurinn er talinn vera besti vinur mannsins og er Fríður svo sannarlega sammála því. „Það sem heillar mig mest við að eiga hund er að eiga alltaf vin sem tekur glaður á móti mér og ég get treyst fyrir öllu.“ Hún segir að dvergschnauzer-tíkin hennar, sem er 9 ára, lesi hana eins og opna bók. „Hún er alltaf til staðar og veit hvers ég þarfnast frá henni hverju sinni, hvort sem það er að draga mig út að ganga eða hreinlega liggja uppi í sófa og kúra saman.“

Börn og hundar

Fríði finnst afar mikilvægt að börn fái að alast upp með hundum, eða að minnsta kosti einhvers konar gældýri. „Mér finnst að öll börn eigi að fá tækifæri til að upplifa það að alast upp með dýrum sem krefja þau um eitthvað, hvort sem það er ást, hreyfing eða eitthvað annað.“ Hún telur son sinn hafa verið gríðarlega heppinn að upplifa þá rússíbanareid sem ræktun hunda er. Að upplifa gleðistundirnar, sorgarstundirnar og fæðingu hvolpa að ógleymdu því að þurfa að kveðja, syrgja og jarða góða féлага. Hún segist trúá því að fyrir vikið sé hann sterkari einstaklingur sem og aðrir á heimilinu.

Dæmigerður vinnudagur

Við báðum Fríði að segja okkur hvað starf framkvæmdastjóra HRFÍ fæli í sér og lýsa dæmigerðum vinnudegi. „Framkvæmdastjóri HRFÍ sér um allan almennan rekstur félagsins, svo sem greiðslu reikninga, skipulagningu viðburða, samskipti við dómara og

hundaræktarfélög erlendis og starfsmannahald. Einnig situr framkvæmdastjóri alla fundi stjórnar HRFÍ og aðra fundi á vegum félagsins.“

Fríður lýsir venjulegum vinnudegi þannig að hann byrjar kl. 8 en þá er tölvupóstum svarað en mikill tími fer í ýmiss konar samskipti, bæði á netinu og í gegnum síma. Starfið er að sögn Fríðar mjög fjölbreytt og enginn dagur er eins. „Starfið er mjög fjölbreytt og mismunandi á milli daga og jafnvel árstíða. Mesta álagið er í kringum sýningarnar. Félagsmenn eru duglegir að koma á skrifstofuna á hverjum degi og ræða ýmis málefni sem brenna á þeim og oft fer talsverður tími í eftirfylgni ýmissa mála sem koma inn á borð til mín.“ Fríður segist venjulega vera komin heim um kl. 17 nema hún þurfi að sitja fundi sem teygjast oft fram á kvöld.

Fátt sem heillaði í byrjun

Okkur lék forvitni á að vita hvað hafi fengið Fríði til að sækja um starfið þegar það var auglýst á sínum tíma. „Í hreinskilni sagt þá sótti ég um starfið með hálfum hug í upphafi. Ég var á góðum stað í lífinu, rak mitt eigið fyrirtæki og vann með góðri vinkonu. Þegar ég sá starfið auglýst grínaðist ég með það við vinkonu mína að kannski ætti ég bara að slá til og sækja um! Henni fannst þetta frábær hugmynd og hvatti mig óspart og sýndi mér mikinn stuðning.“ Fríður ákvað að slá til og sendi inn umsókn en sagði engum frá því nema vinkonu sinni enda vissi hún að áhuginn á starfinu væri mikill og grundaði að margt hæft fólk myndi sækja um. „Ég var svo kölluð á nokkra fundi hjá ráðninga-skrifstofunni og með hverjum fundi jókst áhuginn á að fá starfið.“

Eftir á að hyggja segir Fríður að fátt við starfið eða starfsumhverfið hafi heill-

að hana beint. Hún hafði fylgst með fyrrum framkvæmdastjóra og vissi að starfið væri mjög krefjandi og oft og tíðum ansi erfitt. „Sem betur fer náði ég að leggja það til hliðar því ef ég hefði hugsað þetta til enda þá er ég ekki viss um að ég hefði tekið stökkið þegar það bauðst.“ Í dag hefur Fríður gegnt starfinu í rúma 8 mánuði og sér svo sannarlega ekki eftir að hafa tekið það að sér. Hún segir starfið gríðarlega skemmtilegt, krefjandi og stundum mjög erfitt. Fríður segist vera þakklát félagsmönnum sem hafa gefið henni góðan tíma til að komast inn í starfið og hafa tekið flestum þeim breytingum sem hafa orðið fagnandi.

Reynsla sem nýtist í starfi

Fríður hefur mikla reynslu sem nýtist henni í starfinu og hefur gegnt ýmsum stjórnunarstöðum í gegnum tíðina. Sem dæmi má nefna starf verslunarstjóra, rekstrarstjóra, sölustjóra og skrifstofustjóra að ógleymsdu starfi framkvæmdastjóra eigin fyrirtækis. „Ég vann meðal annars hjá Kaupás og seinna hjá 10-11 þegar ungir strákar með stórar og miklar hugmyndir réðu ríkjum og lærði ég mikið af því. Við vorum send á ýmiss konar námskeið,

bæði í stjórnun og starfsmannahaldi, sem ég bý ennþá að í dag.“

Starf framkvæmdastjóra er ekki eina starfið sem Fríður hefur unnið innan félagsins. Fríður hefur setið í sýningastjórn í nokkur ár og var einn af stofnendum Schnauzerdeildar HRFÍ þar sem hún sat í stjórn deildarinnar og gegndi um tíma starfi formanns. Einnig hefur hún komið að ýmsum öðrum verkefnum innan félagsins í gegnum tíðina líkt og svo margir félagsmenn.

Framtíð félagsins

Að lokum lék mér forvitni á að vita hvar Fríður sér félagið okkar á næstu 5-10 árum. „Ég sé félagið okkar halda áfram að stækka og dafna og tel framtíðina bjarta. Félagið, eins og margir aðrir, fór ekki vel út úr efnahagshruninu og það er ekkert launungamál að fjárhagsstaða þess er frekar döpur. Ég er hins vegar sannfærð um að með áframhaldandi aðhaldi í fjármálum og samstöðu meðal félagsmanna okkar náum við okkur aftur á beinu brautina. Markmið okkar allra hlýtur að vera það að gera gott félag enn betra en við megum heldur ekki gleyma því að félagið er og verður aldrei betra en félagsmenn þess og þess vegna skiptir svo miklu máli að við vinnum öll saman.“



„Ég vel Nordic ferskfóður frá Hundahreysti fyrir hundinn minn því að það er best. Fyrir feldinn, fyrir meltinguna og fyrir mun minna hárlas. Lang einfaldasta leiðin að fita hunda í veiðum. Ég bæti bara í skammtinn og hún borðar alltaf allt“.

Vilhjálmur Kári Heiðdal og Píla


www.hundahreysti.is

Stefstells Skrúður dregur úr einhverfu

Höfundur: Elma Cates

Elsa Lind Þorvaldsdóttir, 9 ára nemandi í Hraunvallaskóla í Hafnarfirði, hefur náð frábærum árangri í baráttu sinni við einhverfu með því að vinna með íslenska fjárhundinn, Stefstells Skrúð. Elsa Lind, sem í fyrra hvíslaði bara einstaka orð að kennurum, talar nú upphátt í skólanum.

Hundurinn Skrúður kom inn í líf Elsu Lindar þegar hún var tveggja ára gömul. Nokkrir hundar voru fyrir á heimilinu og náði Elsa Lind strax góðu sambandi við þá alla en sambandið milli Skrúðs og Elsu Lindar varð samt alveg einstakt þó að hún talaði ekkert við hann til að byrja með. Skrúður eltir hana nú um húsið og liggur við hlið hennar á nóttunni.

Elsa Lind er barnabarn Elmu Cates sem er eigandi Skrúðs. „Elsa Lind er

með einhverfu sem lýsir sér þannig að hún fer inn í sinn eigin heim og tjáir sig lítið þó að það hafi breyst mikið núna. Hún er líka með cerebral palsy (CP) sem þýðir að hún hefur ekki fulla stjórn á hreyfingum,“ segir Elma Cates.

Laðaðist strax að henni

Elma bendir á að Skrúður hafi strax laðast að Elsu Lind og því hafi hann verið notaður til að þjálfa hana við að

læra að tala og seinna í að lesa. Í fimm ára deild og í fyrsta bekk fór Elsa Lind með mynd af hundinum í skólann. Í skólanum var unnið með Elsu Lind og hundinn. Út frá því tókst að fá Elsu Lind til að opna sig og byrja að hvísla. Elma segir að hún hafi smám saman ekki bara talað um Skrúð heldur hafi hún líka farið að tala um aðra hluti.

Í öðrum og þriðja bekk átti Elsa erfitt með að staldra lengi við námsbækurnar og þá sérstaklega við lestur. Þá stóð Skrúður sig vel, hann lagðist með henni í rúmið á kvöldin eða í sófann á daginn og hlustaði á hana lesa og smám saman fékk hún áhuga á lestri. Elsa er nú í fjórða bekk og er orðin fluglæs.

Orðin félagslega sterk

Elsa Lind hefur náð gríðarlegum árangri á stuttum tíma. Í upphafi árs lét hún nægja að hvísla stutt að kennurum en núna er hún farin að tala upphátt. Í fyrsta skipti sem hún talaði upphátt fyrir framan bekkinn var í þriðja bekk þegar hún fór með mynd af hvolpum undan Skrúð í skólann, sýndi nemendunum, sneri síðan baki í nemendur og kynnti hundana fyrir þeim með hjálp kennarans. Hún bauð krökkunum svo heim að hitta hundana.

Í ár hefur Elsa sýnt miklar framfarir. Hún hélt kynningu í skólanum og sagði bekknum hátt og skýrt frá öllum hundunum sem Elma og fjölskylda hennar eiga. Síðan bauð hún krökkunum og kennurunum heim. Þegar heim var komið bað Elsa um hljóð og talaði hátt og skýrt yfir alla og bauð þeim að koma og sjá hvar hundarnir svæfu. Hún fór síðan með þau út og fékk Skrúð þar til að sýna listir sínar. Þessi vinna með hundinn gefur henni því viðurkenningu og styrkir sjálfsmynd hennar. „Elsa Lind er orðin mjög sterk félagslega. Krakkarnir í hverfinu koma og spyrja eftir henni og Elsa fer út í



Elsa Lind Þorvaldsdóttir, 9 ára, með hundinum Skrúði. Hún hvíslaði alltaf í skólanum í fyrra en er nú farin að tala í eðlilegri raddhæð vegna vinnunnar með hundinum.



Elsa Lind er dugleg að þjálfa Skrúð í hlýðni og hefur þjálfað hann í að hoppa yfir hindrun.

leiki. Oftast fer Skrúður með,“ segir Elma.

Fá hann til að hlýða

Elma hefur átt sinn þátt í árangri Skrúðs og Elsu Lindar. „Til að fá hana til að tala hátt og skýrt fór ég að kenna henni hlýðniæfingar og að vinna með hundinum í hlýðni. Elsa þurfti þá að nota orð til að fá hann til að hlýða sér til að leysa ýmis verkefni eins og að ganga á hæl, sitja, liggja, standa á göngu, liggja á göngu og hoppa yfir hindrun. Seinna þegar hún var farin að stjórna honum úr fjarlægð þurfti hún að tala hærra og það var upphafið að því að hún fór að tala í eðlilegri raddhæð,“ segir Elma.

Elsa Lind hefur náð margvíslegum árangri með hundinum. Hún fór til dæmis með hann á alþjóðlega hundasýningu í Reykjavík í febrúar og náði fjórða sæti í keppni ungra sýnenda. Elsa fór síðan aftur með Skrúð í unga sýnendur í maí og hafnaði þar í þriðja sæti.

„Þetta er stanslaus vinna. Hún kemur til með að sýna hundinn framvegis því að þessari vinnu er aldrei lokið. Það þarf alltaf að þjálfa hundinn og hana sjálfa. Hundurinn fer í erfiðari æfingar og hún fylgir honum eftir. Hundurinn er alltaf upphafið að öllu því sem hún gerir í skólanum,“ segir hún.

Skólinn

Hraunvallaskóli tekur virkan þátt í vinnu Elsu Lindar og Skrúðs. Ef Elsa á erfiðan dag teiknar hún mynd af hundunum og þá gleymir hún öllum erfiðleikum og getur farið að vinna á ný.



Skrúður hefur frá upphafi verið mjög hændur að Elsu Lind.

Sveppasýkingar í hundum

Höfundur: Dr. Karen Becker, dýralæknir **Þýðing:** Guðrún Margrét Baldursdóttir

Undir eðlilegum kringumstæðum hafa bæði manneskjur og hundar eðlilegt magn af gerlum og sveppum í líkama sínum. Dæmigerð sveppaflóra hjá hundum er blanda af klasagerlum (e. staphylococcus) og gersveppur sem líkami þeirra framleiðir. Ef ónæmiskerfið starfar eðlilega þá ríkir jafnvægi í sveppaflóru líkama þeirra.

Hvernig myndast sveppasýking?

Eins og áður sagði er jafnvægi mikilvægt í öllu er varðar eðlilega starfsemi líkamans, jafnt hjá hundum sem mönnum. Ef ónæmiskerfið verður fyrir einhvers konar áfalli eða er veikt að staðaldri getur það leitt til þess að ofvöxtur hleypur í sveppaflórana í líkama hundsins þar sem hinu viðkvæma jafnvægi er raskað. Ónæmiskerfið getur einnig orðið ofvirkt sem leiðir af sér óeðlilega ónæmissvörun, svokallað ofnæmi. Þetta getur einnig valdið vandamálum tengdum sveppasýkingum.

Þegar dýralæknir meðhöndlar hund sem þjáist af ofnæmi er hundinum mjög oft gefnir sterar til að draga úr einkennunum og bæla niður þessa ofvirku ónæmissvörun. Um leið og ónæmiskerfið er bælt niður með lyfjum fær sveppagróðurinn í líkamanum tækifæri til að blómstra og getur orðið óeðlilega mikill.

Dæmigerð einkenni ofnæmis eru erting í húð sem getur orðið svo alvarleg að sár myndast sem getur hlaupið sýking í. Ef hundurinn er meðhöndlaður með sýklalyfjum eru miklar líkur á því að eðlileg gerlaflóra líkamans láti undan síga og það getur einnig valdið sveppasýkingum.

Af ofangreindu má sjá að bæði veik ónæmiskerfi og ofvirkt geta valdið því að jafnvægið í sveppaflóru líkamans raskast og óeðlilegur vöxtur getur hlaupið í hana.

Einkenni sveppasýkingar hjá hundinum

Til að skera úr því hvort hundurinn sé með sveppasýkingu þarf dýralæknir annað hvort að skoða sýni af yfirborði húðar hundsins undir smásjá eða taka sýni til ræktunar. En fyrir eigandann er ekki erfitt að finna svarið; lyktin af hundinum gefur yfirleitt skýr skilaboð um hvort sveppasýking hefur blossað upp. Lyktin er mjög afgerandi; sumum finnst hún minna á myglad braud á meðan aðrir líkja henni við lyktina af ostapoppi eða *nachos* flögum. Þegar hundur er með sveppasýkingu á þófunum er lyktin sterk og vond; líkist að mörgu leyti fúkka- eða myglulykt.

Lyktin af sveppasýkingu er ekki venjuleg „hundalykt“, eins og hún er stundum kölluð. Raunar á ekki að vera nein lykt af heilbrigðum hundum svo að ef besti vinurinn er með illa lyktandi þófa eða fúkkalykt úr eyrunum þá eru töluverðar líkur á því að ofvöxtur hafi hlaupið í sveppaflórana í líkama hans.

Annað merki þess að hundurinn sé með svepp er sífellt klór. Sveppasýking veldur miklum kláða og ef vandamálið er í þófunum getur hundurinn ekki látið þá í friði; er sífellt að sleikja og naga á sér þófana. Það sama á við um eyrun ef hundurinn er stanslaust að klóra sér í þeim. Ef hundurinn klórar sér viðstöðulaust, jafnvel þannig að rispur og sár myndast á húðinni, þá þarf hann á meðhöndlun að halda

hvort sem um sveppasýkingu eða bakteríusýkingu er að ræða.

Fyrsta skrefið til að losna við sveppasýkingu – mataræðið

Mataræði hundsins er afar mikilvægt ef ójafnvægi er í sveppaflórunni í líkama hans. Vandamálið er yfirleitt ekki einskorðað við einn stað á líkamanum – til dæmis í öðru eyranu eða einum þófa. Ef það er tilfellið er tiltölulega auðvelt að meðhöndla þessa staði og vona að ónæmiskerfið sjái um að leiðrétta ójafnvægið í flórunni. En ef hundurinn þjáist hins vegar af sveppasýkingu á mörgum stöðum, til dæmis á öllum þófum og í báðum eyrum eða jafnvel um allan líkamann, þá er nauðsynlegt að huga að mataræðinu.

Gott mataræði er mikilvægur hluti af góðri heilsu bæði hunda og manna. Fóðrið sem hundinum er gefið getur hjálpað ónæmiskerfinu en einnig ýtt undir ofvöxt á náttúrulegri sveppaflóru líkamans. Fæða sem vinnur almennt gegn ofvexti á svepp er einnig góð fyrir ónæmiskerfið og almenna heilsu hundsins.

Sveppurinn nærast fyrst og fremst á sykri. Ákveðin tegund kolvetna ummyndast í sykri í líkamanum svo ef um vandamál er að ræða tengd sveppasýkingu er ráðlegt að gæta að því hvernig fóður hundsins er samsett. Þegar talað er um sykri eða sykri í fóðrinu er ekki eingöngu átt við venjulegan sykri, heldur einnig fæðutegundir eins og hunang. Hunang getur verið mjög hollt í vissum tilfellum en getur einnig virkað sem fæða fyrir svepp. Kornsyróp, kartöflur og jafnvel sætar kartöflur eru einnig fæðutegundir sem næra sveppavöxt. Ef hundurinn er með þráláta sveppasýkingu er mælt með að allur sykri og hröð kolvetni séu tekin úr fæðu hans. Grænmeti með lágt innihald sykri er í lagi en útiloka þarf kartöflur, korn, hveiti og hrísgrjón. Þetta getur skipt miklu máli ef jafnvægi á að nást í gerla- og sveppagróðri líkamans en er síður en svo auðvelt í framkvæmd

ef hundurinn er til dæmis fódraður á venjulegu þurrfóðri.

Annað sem getur hjálpað er að bæta litlum skömmtum af sveppabælandi fæðu við matinn hjá hundinum, til dæmis hvítlauk eða oregano. Hvort tveggja getur stuðlað að eðlilegri þarmaflóru.


Sveppasýking í eyrum – meðhöndlun

Breyting á mataræði hjálpar líkamanum að koma á jafnvægi í sveppaflórinni en yfirleitt er einnig nauðsynlegt að meðhöndla þau svæði á líkama hundsins þar sem sveppasýking hefur blossað upp. Sótthreinsun á sýktum svæðum er nauðsynleg og þarf ekki að vera erfið eða flókin. Þetta er mikilvæg viðbót við, til dæmis meðhöndlun með sveppadrepanði kremi eða áburði, sem getur safnast upp á svæðinu. Hreinsun á ákveðnum svæðum, til dæmis á eyrum, getur einnig verið fyrirbyggjandi og komið í veg fyrir sýkingu. Hundar framleiða mismikinn eyrnamerg, alveg eins og við, og sumir geta þurft á daglegri eyrnahreinsun að halda á meðan sárásjaldan þarf að eiga við eyrun á öðrum. Ef eyrun eru hrein og þurr og engin lykt er út úr þeim þarf ekki að hreinsa þau. Mikill eyrnamergur sem safnast upp á löngum tíma getur hins vegar auðveldlega valdið sveppasýkingu, sem getur endað með alvarlegri bakteríusýkingu. Það er hluti af umönnun hundsins að sjá til þess að þetta gerist ekki.

Til að hreinsa og sótthreinsa eyru hundsins er hægt að nota tilbúinn eyrnahreinsivökva en einnig er hægt að nota vökva sem unninn er úr nornahesli (*e. witch hazel*). Best er að nota bómullarhnoðra til að hreinsa eyrun en aldrei skal nota eyrnapiña þar sem hætta er á að þeir stingist of langt inn í hlustina.

Meðhöndlun á sveppasýktum þófum

Óeðlilegur sveppavöxtur þrífst á heitum og rökum stöðum, til dæmis á



Hjá mörgum hundum tengjast sveppasýkingar árstíðum. Þegar hita- og rakastigið hækkar myndast kjöraðstæður fyrir svepp. Ljósni. Gísli V. Gunnarsson.

milli þófanna á hundinum og einnig í nára og armkrikum. Afar mikilvægt er að sótthreinsa þessa staði ef hundurinn er með sveppasýkingu.

Til að sótthreinsa sýkta þófa þýðir lítið að nota spreng eða krem eingöngu. Nauðsynlegt er að setja hundinn í fótabað þannig að fætturnir séu á kafi í vökva og enginn blettur verði útundan við meðferðina. Ef hundurinn er lítill eða meðalstór má nota þvottabala eða baðkar en ef um stóra tegund er að ræða má nota ílát fyrir hvern fót.

Gott fótabað fyrir hund með sveppasýkta þófa er um 4 lítrar af vatni, bolli af vetnisperoxíði og 1-4 bollar af ediki. Hundurinn er settur í fótabaðið og látinn vera nógu lengi til að tryggja að vökvinn nái að bleyta vel upp í þófunum. Ekki skal skola fætturna eftir baðið þar sem lausnin heldur virkninni þótt hún þorni.

Meðhöndlun líkamans í heild

Ef hundur þjáist af sveppasýkingu í húð þá er gott að baða hann reglulega með sjampói sem hefur náttúruleg sveppadrepanði áhrif, til dæmis sjampói sem inniheldur te-trés olíu (*e. tea-tree oil*). Mikilvægt er að nota ekki sterk kemísk

efni sem geta þurrkað húðina og feldinn. Einnig er vert að athuga að þar sem hvers konar korn nærir sveppinn borgar sig ekki að nota sjampó sem inniheldur haframjöl (*e. oatmeal*).

Auk reglulegs sjampóþvottar getur verið gagnlegt að skola feldinn oft með blöndu af vatni og ediki eða sítrónusafa. Einnig má nota blöndu af vatni og 20 dropum af piparmyntuolíu. Gott er að skola feldinn með þessum blöndum eftir þvott og láta þær sitja í feldinum. Mikilvægt er að gæta þess að hella aldrei yfir höfuð hundsins heldur alltaf frá hálsi og aftur eftir líkamanum. Gott er að nudda vökvanum vel í þau svæði sem helst eiga á hættu að verða fyrir sveppasýkingu.

Það er eitt sem vert er að varast í sambandi við notkun á bæði vetnisperoxíði og sítrónusafa; hvort tveggja getur lýst dökkan feld. Af þessari ástæðu er best að nota edik í skolvatni ef hundurinn er með svartan eða dökkbrúnan feld.

Fær hundurinn endurtekna og þrálátar sveppasýkingar?

Hjá mörgum hundum tengjast sveppasýkingar árstíðum. Þegar hita- og rakastigið hækkar myndast kjöraðstæður fyrir svepp. (Innskot þýðanda: Sífelldar rigningar með tilheyrandi votum fótum og feldi eru einnig afar slæmar fyrir hunda sem eru viðkvæmir.) Þetta eru tímabil þar sem sérstaklega mikilvægt er að gæta að mataræði hundsins og meðhöndla þau svæði sem helst verða fyrir sveppasýkingum, eins og fjallað hefur verið um hér áður.

Ef hundurinn á við sífellt sveppavandamál að etja, óháð árstíð eða veðri, þá er mjög líklegt að ónæmiskerfi hans starfi ekki eðlilega. Mögulegt er að skoða magn mótefna í blóði hundsins (immunóglóbúlín) og ef það er eðlilegt á ekkert að vera því til fyrirstöðu að koma lagi á sveppaflóruna í líkama hans.

Greinin birtist á netsíðunni <http://healthypets.mercola.com> 3. maí 2011.

Frábær árangur íslenskra fjárhunda í hlýðni

Höfundur: Auður Sif Sigurgeirsdóttir

Elma Cates hefur verið „í hundunum“ í 25 ár og er eigandi fimm íslenskra fjárhunda, einnar blandingstíkar og fimm katta. Hún hefur náð frábærum árangri í hlýðni með íslensku fjárhundana sína en þeir hafa unnið til fjölda verðlauna og tveir eru orðnir hlýðnimeistarar (OB1). Elma hefur alltaf hlýðniþjálfað hundana sína og tók sín fyrstu skref í sportinu í hundaskólanum á Bala sem var í eigu Þórhildar Bjartmarz og Emilíu Sigursteinsdóttur. Elma er gift Þórði Kristjánssyni og saman eiga þau 7 börn og 12 barnabörn en þess má geta að fjallað er um barnabarn þeirra, Elsu Lind og hundinn Skrúð í blaðinu. Sámi barst til eyrna þessi frábæri árangur Elmu og hundanna og langaði að vita meira.

Hvað finnst þér skemmtilegast að gera með hundunum þínum?

Skemmtilegast er að vera með hundunum og barnabörnunum í leikjum í sumarbústaðnum. Nýlega fór ég svo með tvö barnabörn á hundafiminámскеið hjá Þórhildi í Hundalíf. Það toppaði allt!

Hvernig vinnur þú með hundunum þínum?

Ég byrja strax þegar hvolpurinn er 8 vikna að æfa augnsamband. Það auðveldar alla vinnu. Ég var svo lánsöm að eignast 1½ árs gamla tík fyrir nokkrum árum sem kunní lítíð að haga sér en um leið og hún kunní augnsam-



Elma Cates hjólar mikið með hundana sína. Hér er hún ásamt íslensku fjárhundunum sínum.

band þá fóru hlutirnir að gerast mjög hratt. Hún var hæst á Brons-prófi eftir nokkurra mánaða þjálfun.

Bestur árangur í hlýðniæfingum næst með því að vinna með öðrum hundaeigendum á mismunandi stöðum. Þá lærir hundurinn að vera einbeittur og lætur umhverfið ekki trufla sig. Ég fer til dæmis reglulega í miðbæinn og æfi hælögngu.

Vegna þess hve marga hunda ég er með og hve langan tíma það tekur að æfa þá alla einslega nota ég mikið „liggja og bíða“ æfinguna. Þá fer ég með alla hundana út fyrir bæinn og æfi einn í einu í hlýðni eða hindrunarstökki og á meðan læt ég hina liggja saman og fylgjast með. Þannig æfi ég alla í einu. Síðan skiptast þeir á að vinna.

Á matartímum þá liggja þau öll hlið við hlið og einn kemur fram til að borða. Þannig get ég auðveldlega stjórnað hvaða mat og hversu mikinn hver og einn fær.

Ef ég tek þá alla út úr bílnum í einu án taums er hætta á að spenna myndist. Þá er gott að nota „bíða“ æfinguna þannig að ég kalla einn út í einu, helst í taum og sleppi síðan taumnum þegar hundurinn er orðinn rólegur.

Hundarnir mínir þekkja muninn á að vera í hálsól eða í beisli. Í hálsól ganga þeir á hæl með lausan taum en þegar þeir eru í beisli er ég með langan taum þannig að þeir geta farið lengra frá mér, þefað og notið náttúrunnar.

Ég hjóla mikið með hundana bæði á reiðhjóli og á hundahlaupahjóli. Á veturna draga þeir snjósleða, það byggir upp styrk og úthald sem borgarhunda vantar svo oft.

Er íslenski fjárhundurinn góður vinnuhundur að þínu mati? Hvers vegna?

Íslenski fjárhundurinn er mjög góður vinnuhundur, hann er mjög samvinnuþýður og vill allt fyrir eiganda sinn gera.

Þess má geta að íslenskir fjárhundar voru stigahæstu hundar ársins í fyrra í spori og í hlýðni og segir það mikið um vinnuhæfni tegundarinnar.

Hefur hann einhverja sérstaka eiginleika sem nýtast vel í vinnu?

Íslenski fjárhundurinn er mjög úthaldsmikill hundur, hvort sem hann er að smala, spora, í hundafimi eða í hlýðni þá virðist hann geta endalaust haldið áfram. Það sem gerir hann sérstakan er að hann leggst niður og hvílir sig þegar við á í vinnu.

Hvað er það sem heillar við að vinna með hundinum?

Það er þetta samband sem myndast milli manns og hunds. Þessi algera virðing og vinátta sem skapast og endist út ævina.

Hvernig er þjálfun hundanna þinna háttað?

Ég fer með alla mína hunda til Þórhildar Bjartmarz í hundaskólanum Hundalíf og hef gert í 25 ár. Það er nauðsynlegt að mínu mati að fara á hvolpanámskeið og halda síðan áfram á framhaldsnámskeiðum. Þó svo að ég eigi að kunna allar æfingarnar þá læri ég alltaf eitthvað nýtt.

Hvaða árangri hafa hundarnir þínir náð í hlýðni?

Stefstells Skróður og Bjarkarkots Dimma Nótt hafa bæði fengið fyrstu verðlaun í Bronsi og í Hlýðni 1 og eru orðnir íslenskir hlýðnimeistarar (OB1).

Stefstells Pía Bella fékk fyrstu einkunn í Bronsi og er búin að fá fyrstu verðlaun tvisvar í Hlýðni 1 þannig að hún á eitt próf eftir til að ná íslenskum hlýðnimeistaratitli (OB1).

Ístjarnar Katla og Ístjarnar Tindur eru rétt að byrja. Katla hefur fengið fyrstu einkunn í Bronsi og fyrstu einkunn í Hlýðni 1 og Tindur fyrstu einkunn í Bronsi.

Hver er galdurinn á bak við þennan frábæra árangur sem þú hefur náð með hundunum þínum?

Það er ósköp einfalt. Galdurinn er að leiðrétta hundinn á réttum tíma á mildan hátt og umfram allt að umb-



Elma þjálfar gjarnan alla hundana í einu. Á meðan hún þjálfar einn þeirra í hindrunarstökki bíða hinir þrúðir á meðan í liggjandi stöðu og fylgjast með.

una honum á réttu augnabliki fyrir vel unnin störf með verðlaunabita eða skemmtilegu leikfangi. Þannig lítur hundurinn á vinnuna sem skemmtilegan leik.

Ertu með einhver góð ráð fyrir þá sem eru að byrja í hlýðni og þá sem eru lengra komnir?

Það er það helsta að vera jákvæður og skemmtilegur í allri þjálfun. Passa að ofnota ekki „nei“ eða vera pirraður og óþolinmóður ef hlutirnir eru ekki að ganga upp, þá er betra að bíða betri tíma. Gæta þess að hafa æfingartímann ekki of langan og taka fáar æfingar í einu.

Stundarðu eitthvað annað sport með hundunum? Ef svo er, hvernig hefur það gengið?

Ég hef æft spor, hlýðni, hundafimi og tekið þátt í sýningum. Allt hefur gengið að óskum.

Sýningarnar hafa oftast gengið mjög vel. Skróður er orðinn íslenskur meistari, „Reykjavík winner“ og á tvö stig eftir í alþjóðlegan meistaratitil. Dimma Nótt á eftir eitt stig í íslenskan meistara og Pía Bella og Katla hafa fengið sín fyrstu íslensku meistarastig.

Eru Íslendingar komnir langt í vinnu með hunda að þínu mati?

Það er stór hópur fólks sem vinnur mikið með hundana sína. Eins er mikið um að fólk fari í hvolpaskóla en

að mínu mati halda ekki nógu margir áfram. Hvolpaskólinn er nauðsynlegur grunnur að meiri vinnu og á framhaldsnámskeiðum fara hlutirnir að gerast hratt. Sambandið á milli hunds og manns styrkist enn meira og hundurinn lærir á jákvæðan hátt marga skemmtilega hluti, eins og að ganga í taum án þess að toga í eða draga eiganda sinn áfram. Eigendur fá líka marga góða punkta sem auðvelda samskiptin við hundinn. Ég lærði til dæmis hvernig ég átti að taka á gelti í bíl, ég einfaldlega breiddi teppi yfir búið þannig að hundurinn sá mig ekki ganga frá bílnum. Ótrúlega einfalt en virkar vel.

Eitthvað að lokum?

Mikilvægt er að fólk velji þá hunda-tegund sem hentar fjölskyldunni, fari á námskeið og æfi vel heima. Mikilvægt finnst mér einnig að virða hvíldartíma hundsins sérstaklega vel, þetta er hans tími.

Orðatiltækið, að það sé ekki hægt að kenna gömlum hundi að sitja, er alrangt af minni reynslu. Ég hef séð marga hunda með alls konar vandamál gjörbreytast með réttri þjálfun. Þjálfarar með mikla reynslu geta gert ótrúlega hluti. Það er því aldrei of seint að byrja á að gera skemmtilega hluti með hundinum sínum.

Feldhirða hvolpa

Höfundur: Auður Sif Sigurgeirsdóttir

Mörgum finnst hundar með mikinn, síðan og vel hirtan feld heillandi en ekki eru allir sem gera sér grein fyrir vinnunni sem liggur að baki slíkum feldi. Ef ætlunin er að eignast feldhund, sem mun eyða ævinni í „fullum feldi“, er mikilvægt að kynna sér hvernig feldhirðu hans skal háttað og nauðsynlegt er að byrja snemma að venja hundinn við svo feldhirðan verði góð og jákvæð stund sem eigandinn og hundurinn eiga saman. Þetta gildir einnig um hunda sem þarfnast lítillar feldhirðu. Að venja hundinn við burstun og almenna handfjötun er gríðarlega mikilvægt hvort sem hundurinn er með síðan eða stuttan feld. Sumar hundategundir þarf að reita reglulega, aðrar þarf að raka og klippa, reita þarf úr eyrum sumra og svo mætti lengi telja.

Ég hef átt afghan hound síðan árið 2005. Afghan hound er þekktur fyrir fallegan, síðan og silkikenndan feld sem þarfnast mikillar umhirðu. Í hverri einustu viku síðan í maí 2005 hef ég baðað og blásið eldri tíkina mína, Chelsea, sem er núna orðin 8 ára. Reyndar lét ég það eftir mér (og henni) fyrir nokkru síðan að klippa hana niður þar sem hún fer ekki lengur á sýningar. Árið 2008 fæddist fyrsta og eina gotið mitt hingað til og hélt ég eftir tókinni, Dívu, sem er enn í fullum feld. Chelsea og Díva voru vandar við það nokkurra vikna að vera meðhöndlaðar og snyrtar og þar af leiðandi er tíminn sem við eyðum saman í baðinu og á snyrtiborðinu gæðastund sem við eigum hver með annarri. Þegar hvolparnir voru um 4 vikna byrjaði ég að venja þá við burstun og blástur jafnvel þó að feldurinn væri enn stuttur og þarfnaðist í raun engrar feldhirðu. Smám saman byrjaði ég að venja þá við baðið og snyrtiborðið. Þessu hélt ég svo áfram þar til hvolparnir fóru til eigenda sinna.

Tilgangurinn með þessari grein er að gefa ræktendum og nýjum eigendum feldhunda góð ráð til að venja



Afghan hound er þekktur fyrir fallegan, síðan og silkikenndan feld. Borðþjálfun er gríðarlega mikilvæg fyrir feldhunda sem þarf að snyrta reglulega. Ljós. Birna Willardsdóttir.

hvolpa við feldhirðu sem þeir munu þurfa í framtíðinni. Því miður gera ekki allir sér grein fyrir því hvað felst í góðri feldumhirðu. Ég hef unnið á hundasnyrtistofum og séð marga hunda sem nauðsynlegt var að raka niður vegna slæmrar eða engrar feldumhirðu og í verstu tilvikunum voru

hundarnir flæktir inn að skinni og voru komnir með sár og ígerð vegna flóka. Stundum var ýmislegt sem fannst í feldinum, til dæmis gömul karamella, sleikjósþýta, vír og einu sinni, ótrúlegt en satt, blýantur! Sumir eigendanna voru miður sín yfir þessu og héldu að þeir hefðu sinnt þessu nokkuð vel. En það er ekki nóg að burstu eða greiða feldinn og margir átta sig ekki á flækjunum sem leynast upp við húð hundsins og greiða „yfir þær“.

Ef ætlunin er að sýna hundinn í framtíðinni þarf hann að vera í fullum feld. Sumir klippa hundinn strax niður í þægilega, stutta klippingu og þurfa lítið að hafa fyrir feldhirðunni. Aðrir geta ekki hugsað sér að klippa fallega feldinn af og þurfa þar af leiðandi að eyða tíma í að halda honum hreinum og flækjulausum. Hvað sem eigandinn ákveður er gott að hvolpurinn hafi verið vaninn á burstun, blástur og bað hjá ræktandanum.

Burstun

Ræktendur feldhunda ættu að venja hvolpana við burstun og almenna handfjötun til að byrja með. Almenn handfjötun felst í því að geta snert hvolpinn, til dæmis með því að nudda þófa og tær, á meðan hann er rólegur. Þegar hann er burstaður er nauðsynlegt að nota mjúkan burstu svo hann tengi burstunina við eitthvað sem honum finnst notalegt. Fyrst er hvolpurinn burstaður á gólfinu eða í fanginu og smám saman, þegar hann eldist, er gott að tengja burstunina við snyrtiborðið.

Snyrtiborðið

Áður en hvolpurinn er burstaður á snyrtiborði er mikilvægt að venja hann við borðið. Gott er að setja

hvolpinn á borðið og leyfa honum að þefa af því og skoða það. Það er fyrir öllu að gera þetta rólega þannig að hvolpurinn verði ekki smeikur við borðið. Gætið þess að hann verði ekki fyrir neikvæðri upplifun á borðinu og haldið ávallt við hann þannig að engin hætta sé á því að hann detti niður. Það er svo sannarlega ekki verra að verðlauna hvolpinn á borðinu með góðum verðlaunabita. Þá tengir hann borðið við eitthvað jákvætt og þar af leiðandi verður borðið ekki „hættulegt“ í hans augum. Þegar hvolpurinn er orðinn öruggur á borðinu er hægt að bursta hann rólega og hann má liggja, standa eða sitja, það skiptir engu máli hvað hann velur á meðan hann er vaninn við burstunina.

Blástur

Sumir hvolpar eru hræddir við blástur til að byrja með en smám saman verður upplifunin góð ef rétt er staðið að þjálfuninni. Til að byrja með er hvolpurinn vaninn á hljóðið úr blásaranum. Gott er að halda á honum, blása hann rólega með minnsta krafti, strjúka honum blíðlega á meðan og hrósa honum með rólegri rödd. Nauðsynlegt er að blása aðeins búkinn til að byrja með, ekki andlitið. Flestum hvolpum finnst blástur í andlitið óþægilegur. Smám saman venst hvolpurinn blásaranum og verður öruggari og þá er hægt að byrja að tengja burstun og blástur saman.

Bað

Þegar búíð er að venja hvolpinn við blástur, burstun og snyrtiborð er kominn tími til að venja hann á baðið. Hvolpurinn ætti að fá að skoða baðið og kanna það áður en skrúfað er frá vatninu. Gætið þess að nota aðeins lítinn kraft til að byrja með og hafið hitastig vatnsins notalega volgt. Ekki er nauðsynlegt að nota sjampó í feldinn til að byrja með en gott er að nudda hvolpinn á meðan hann er baðaður. Ef hann er órólegur er mikilvægt að róa hann með rólegri, lágstemmdri rödd. Það sem skiptir öllu máli er að upp-



Mikilvægt er að upplifun hvolpsins sé jákvæð í baðinu. Ljósmynd: Auður Valgeirsdóttir.

lifun hans sé jákvæð og ef vel tekst til ætti baðið ekki að vera hættulegt í augum hans.

Gagnlegar skipanir

Á snyrtiborðinu og í baðinu er gott að nota skipanir til að fá hundinn í þá stöðu sem er ákjósanlegust hverju sinni. Eftir því sem hvolpurinn verður öruggari er hægt að bæta inn skipunum eins og kyrr, leggstu, sestu, snúa og fleirum sem gera snyrtinguna auðveldari.

Regluleg þjálfun mikilvæg

Mikilvægt er að gera þetta reglulega þannig að hvolpurinn sé orðinn vanur þegar hann fer til nýrra eigenda. Nýir eigendur taka svo við þjálfuninni og þá skiptir öllu máli að þeir viti hvernig þeir eigi að bera sig að og hvað þeir þurfa að eiga, til dæmis hárblásara,

snyrtiborð, burstu og greiðu. Það er að mínu mati í höndum ræktandans að fræða nýja eigendur um þá feldhirðu sem hvolpurinn mun þarfnast en svo er það ábyrgð eigandans að hugsa um feldinn hvort sem hann velur að gera það sjálfur eða nýta sér þjónustu hundasnyrta.

Sumar hundasnyrtistofur standa fyrir snyrtikennslu fyrir ákveðnar hundategundir og geta ræktendur pantað slíka kennslu fyrir nýja eigendur ef áhugi er fyrir hendi. Þá er farið í gegnum alla feldhirðu, frá a-ö og gefst eigendum kostur á að fá ráðleggingar um hvaða snyrtivörur henta þeirra hundi best.

Gagnlegt er fyrir eigendur feldhunda að ákveða einn dag í viku sem er notaður í snyrtingu hundsins, hversu mikil eða lítil sem hún er. Ef eigendur halda sig við þessa áætlun og bera sig rétt að við snyrtingu hundsins þá ætti feldhirðan að vera lítið mál. Ef eitthvað fer úrskaiðis, ekki hika við að leita til ræktandans eða hundasnyrtis eftir hjálp og góðum ráðum. Munið að það þýðir lítið að byrja að hugsa um feldinn rétt fyrir sýningu og ætlast til þess að árangurinn verði góður. Reglulega feldhirða er það sem skiptir öllu máli til þess að ná þeim árangri sem sóst er eftir. Ekki má heldur gleyma gleðinni sem fylgir því að sjá árangurinn sem skilar sér með góðu skipulagi, þjálfun og réttum áhöldum.



Hvað hafa ber í huga við línuræktun

Höfundur: Juha Cares **Þýðing:** Auður Sif Sigurgeirsdóttir

Ræktendur nota gjarnan línuræktun (*innskot þýðanda: Ræktun þar sem tveir einstaklingar, sem eiga einn eða fleiri forfeður sameiginlega, eru paraðir saman*). Línuræktun er góð og hefðbundin ræktunaraðferð ef þú veist hvað á að gera. Mundu að línuræktun er aðeins ein aðferð við ræktun og „out-cross“-aðferðin (*innskot þýðanda: Ræktun með óskyldum einstaklingi*) er nauðsynleg líka. „Out-cross“-aðferðin getur virkað betur en línuræktun, sérstaklega ef hún er notuð til að rækta ákveðna og jafna tegundargerð og þá er mikilvægt að vita hvernig hundar af ákveðinni tegundargerð eiga saman. En hvað þarf að hafa í huga við línuræktun?



Vertu meðvitaður um að horfa á gotið sem heild. Þó að ein frábær stjarna hafi fæðst þýðir það ekki að línuræktunin hafi verið þess virði. Ljósmynd: Rut Hallgrímsdóttir hjá Ljósmyndum Rutar í Skipholti 31.

1. Vertu viss um að þekkja vel til hundsins sem þú ætlar að línurækta. Vertu meðvitaður um hvernig lífi hundurinn lifði, hversu lengi foreldrar hans lifðu, hve mörg systkini þessi ákveðni hundur á/átti og hvernig þau eru/voru. Vertu í sambandi við og talaðu við eiganda hundsins sem þú hyggst línurækta.
2. Hundurinn sem þú hyggst línurækta verður að hafa mjög sterka og góða skapgerð. Ekki ættu að vera neins konar skapgerðarvandamál til staðar hjá hundinum sem þú ætlar að tvöfalda í ættbókinni.
3. Spurðu þig hvers vegna þig langar að línurækta þennan ákveðna einstakling. Þú verður að hafa skynsamlegar og ákveðnar ástæður fyrir því. Nefndu að minnsta kosti

- fimm góðar ástæður fyrir ákvörðun þinni, það er ákvörðuninni að línurækta þennan ákveðna einstakling.
4. Kannaðu hve margar útfærslur af ættbókum eru til þar sem þessi tiltekni einstaklingur er línuræktadur. Ef ættbækurnar eru fleiri en 5-10 í heiminum þá skaltu spyrja sjálfan þig hver tilgangurinn sé með þessari ákvörðun. Hvers vegna er það þess virði að endurtaka þessa hugmynd?
5. Mundu að þú ættir alltaf að reyna að rækta eitthvað sem er sérstakt og öðruvísi. Þú ættir fyrst og fremst að leitast eftir því að línurækta heilbrigðan og sterkan stofn sem þér finnst mikið til koma. Ef hundurinn sem þú hyggst línurækta hefur ekki yfir einhverju

- sérstöku, ómissandi og tilkomumiklu að ráða, þá skaltu ekki línurækta þann einstakling.
 6. Ef þú línuræktar of oft og mikið geturðu búist við því að skapgerð verði veikari og lífsþróttur minni. Hafðu einnig í huga að með línuræktun tvöfaldir þú þá veikleika og vandamál sem gætu leynst í hundinum sem þú línuræktar. Þetta gætu jafnvel verið vandamál sem enginn hefur vitað um!
 7. Eins og línuræktun er nytsamleg í ræktun þá ætti sú aðferð ekki að vera ríkjandi.
 8. Í gegnum tíðina hefur línuræktun verið notuð of mikið. Ef ætlunin er að línurækta í dag er mikilvægt að ástæðurnar fyrir því séu góðar og gildar.
 9. Þegar þú tekur ákvörðun um að línurækta vertu þá viss um að vera með áætlun um það hvernig áframhaldandi ræktun skal háttað með komandi kynslóðum.
 10. Vertu meðvitaður um að horfa á gotið sem heild. Þó að ein frábær stjarna hafi fæðst þýðir það ekki að línuræktunin hafi verið þess virði. Eru einhver stór vandamál til staðar, til dæmis veikleiki í skapgerð eða vöntun á lífsþrótti hvolpanna? Þá var þessi pörun ekki þess virði. Vertu gagnrýninn og hreinskilinn við sjálfan þig þegar þú leggur mat á gotið.
- Síðast en ekki síst, vertu gagnrýninn á línuræktun. Mundu að línuræktun er alltaf ákveðið fjárhættuspil. Þú veist ekki hvort þú endar á að fá ása eða hið gagnstæða! Þetta á sérstaklega við ef þú veist ekki nóg um þá hunda sem þú línuræktar.




ROYAL CANIN



Reykjavík Winner

2013 25.-26. maí

Höfundar: Auður Sif Sigurgeirsdóttir og Þorsteinn Thorsteinson
Ljósmyndir: Ágúst Ágústsson

Reykjavík Winner-sýningin fór fram helgina 25.-26. maí en þetta er í fyrsta sinn sem slík „winner-sýning“ er haldin á Íslandi. Allir hundar sem urðu BOB eða BOS á sýningunni fengu titilinn RW-13 (Reykjavík Winner 2013). Alls voru 718 hundar af 80 tegundum skráðir til leiks auk 25 ungra sýnenda. Dómarar að þessu sinni voru Jörgen Hindse frá Danmörku, Bo Skalin og Lena Stálhandske frá Svíþjóð, Paul Jentgen frá Lúxemborg og Per Kr. Andersen frá Noregi. Lena Stálhandske dæmdi unga sýnendur.

Gæði schnauzer allt önnur!

Bo Skalin frá Svíþjóð var ánægður með mikil gæði margra tegundanna sem hann dæmdi. Bo dæmdi hér fyrir um 10 árum síðan og sagðist sérstaklega ánægður með gæði schnauzer-hundanna. „Þegar ég dæmdi hér síðast voru gæðin aðeins í meðallagi en núna eru schnauzer-hundarnir af mjög miklum gæðum hér á landi.

Þetta er mín eigin tegund og hafði ég sérstaklega gaman af að dæma þá.“

Bo dæmdi franskan bulldog og var nokkuð hrifinn. Hann sagði tegundina mjög vinsæla í Evrópu og að margir hundar væru ekki nógu góðir vegna mikillar og óvandaðrar ræktunar. Hann sagði að hér væru þeir almennt í réttum hlutföllum og með góð höfuð. Hann dæmdi einnig enskan bulldog

sem hann sagði nokkuð góða. Besti hundur tegundar í chinese crested var að sögn Bo mjög fallegur. Hann var sömuleiðis hrifinn af besta hundi tegundar í maltese, coton de tuléar og tíbet terrier. „Tíbet terrier-tíkin var mjög falleg, í réttum hlutföllum og með fallegar hreyfingar.“ Einnig sagði hann basset feauve de bretagne hundinn hafa fallegar hreyfingar.

Staða chihuahua nokkuð góð

Almenn gæði chihuahua voru að mati Bo nokkuð góð en þó ekki í heims-klassa en hann sagði tegundina erfiða í ræktun. „Þegar ég dæmi chihuahua í Skandinavíu fá margir hundanna „good“ og „very good“ og örfáir fá „excellent“. Hér á Íslandi voru mun fleiri sem voru af góðum gæðum og fengu þar af leiðandi „excellent“.“

Fallegir langhundar

Dachshund hvolps-tíkin var að mati Bo virkilega falleg en hún endaði sem besti hvolpur dagsins. Hann sagðist líka vera hrifinn af besta hundi tegundar sem hann valdi sem þriðja besta hund sýningar. „Hann var virkilega vel byggður að framan og aftan, með réttan brjóstakassa, fallegt höfuð og góðar hreyfingar. Ég var virkilega hrifinn af bæði honum og ungu tíkinni.“

Snyrtingu ábótavant

Bo kvaðst almennt mjög ánægður með allar tegundir schnauzer-hunda en snyrtingin var því miður ekki rétt að hans mati. „Það er svo mikilvægt að þeir séu rétt snyrtir! Röng snyrting getur skemmt fyrir virkilega fallegum hundum.“ Hann var hrifinn af risa-schnauzer-hundunum og þá sérstaklega af hvolpinum sem var valinn besti



Besti hundur sýningar var fulltrúi tegundahóps 1, schäfer-tíkin, Kolgrímu Dee Hólm í eigu Sirrýjar Höllu Stefánsdóttur og Leif Vidar Belgen. Ræktandi er Sirrý Halla Stefánsdóttir. Með á myndinni eru dómarar sýningarinnar, Jóna Th. Viðarsdóttir formaður HRFÍ og Guðný Vala Tryggvadóttir sem sýndi Dee.

hvolpur dagsins. Schnauzer pipar/salt var að hans mati af ágætum gæðum og einnig nefndi hann svartan schnauzer „Svarti schnauzer-rakkinn var mjög fallegur, með góða skapgerð, ekki of stór en þó í stærra lagi.“ Bo bætti við að allir hundarnir sem hann dæmdi voru með góða skapgerð.

Margir dvergshnauzer of stórir

Dvergshnauzer svartur/silfur er tegund sem Bo ræktar. „Margir þeirra voru allt of stórir, í kringum 38 cm. Ræktunarmarkmiðið segir að hann megi vera 35 cm og þar stendur einnig að allir sem mælast yfir 37 cm ættu að fá gæðadóminn!“ Svartur dvergshnauzer var af mjög miklum gæðum en þó nokkrir of stórir. Hann sagðist hafa dæmt marga fallega sem voru því miður of stórir. Margir þeirra svörtu hreyfðu sig mjög vel, voru í réttum hlutföllum og með góða feldgerð. Hann sagði að eigendur pipar/salt dvergshnauzer-hundanna ættu að vinna í feldinum og gæta þess að snyrta höfuðin rétt. „Eyrn voru vandamál hjá þeim hvítu og suma þeirra vantaði fylltari líkama. Ég var mjög ánægður með besta hund tegundar og ræktunarhópinn líka. Ræktunarhópurinn var af góðum gæðum, hundarnir með góðan brjóstkassa, feld og hreyfingar en þess má geta að þeir hvítu eru frekar erfiðir í ræktun.“

Tegundahópur 9 sterkur

Bo var mjög hrifinn af mörgum hundum í tegundahóp 9 og var undrandi að sjá svo marga fallega hunda þar. „Í tegundahópi 9 voru 6 eða 7 hundar sem mér fannst virkilega fallegir. Þið eruð greinilega að vanda ykkur í innflutningi og ræktun. Það er svo mikilvægt að byrja ræktunina með mjög góðum hundum og það hafið þið gert í mörgum tegundum.“

Dæmigerður karlhundur

Það kom í hlut Bo að dæma úrslit í tegundahópi 2 þar sem svartur dverg-

shnauzer sigraði sem var svo valinn 2. besti hundur sýningar. „Þetta er dæmigerður karlhundur, með fallett höfuð, stuttan búk, af rétttri stærð og með frábæran feld. Hreyfingarnar voru einmitt eins og hreyfingar schnauzer eiga að vera.“ Í 2. sæti varð st. bernhardshundur sem hann var mjög ánægður með. Í 3. sæti var dvergshnauzer svartur/silfur og í 4. sæti var leonberger. „Virkilega fallegur leonberger-rakki sem mætti þó éta meira! Hann var með góðan háls, rétt byggður, með fallett höfuð og mjög góðar hreyfingar.“

Sigurvegarinn ekki ýktur

Bo dæmdi úrslitin um besta hund sýningar og sagðist gjarnan hafa viljað setja fimm hunda í verðlaunasetti en þá hefði weimaraner hlotið 5. sætið. „Sigurvegarinn var gullfalleg schäfer-tík sem var alls ekki ýkt á neinn hátt. Virkilega góð að aftan með sterka hækla, fallegar hreyfingar og frábært skap.“ Í 2. sæti varð, eins og áður sagði, svartur dvergshnauzer og í því þriðja fyrrnefndur dachshund-rakki. „Ég var mjög hrifinn af siberian husky sem varð í 4. sæti og það er greinilegt að tegundin er mjög sterk hér á landi. Í ræktunarhópnum voru allir hundarnir mjög fallegir, með góðar hreyfingar og sterka yfirlínu.“

Að lokum sagði Bo að Íslendingar ættu að halda áfram á sömu braut. „Vandið ykkur við innflutning. Ekki flýta ykkur og setta ykkur við hvað sem er, það borgar sig að bíða eftir rétta hundinum.“

Fagmennska sýnenda

Þetta var fyrsta heimsókn Paul Jentgen frá Lúxemborg til landsins og var hann mjög ánægður með dvölina, sagðist hafa séð góða hunda en einnig aðra sem ekki voru eins góðir. Sýningin var vel skipulögð, viðmót landans vingjarnlegt og sýnendur almennt fagmannlegri en í öðrum löndum. Hann sagði sýnendur mjög



Annar besti hundur sýningar var fulltrúi tegundahóps 2, dvergshnauzer-rakkinn, Kolskeggs Klaka Skrápur í eigu Louisu Aradóttur. Ræktandi er Líney Björk Ívarsdóttir. Með á myndinni eru Jóna Th. Viðarsdóttir, dómari, Bo Skalin og sýnandinn, Jóhanna Líf Halldórsdóttir.



Fulltrúi tegundahóps 4/6, snöggærði langhundurinn (rabbit), Sundsdal's Wee Kind Of Magic í eigu Arinbjarnar Friðrikssonar og Margrétar G. Andrésdóttur. Ræktendur hans eru Gitte, Juul og Kent Sundsdal. Með á myndinni eru Jóna Th. Viðarsdóttir, dómari, Bo Skalin og sýnandinn, Þorbjörg Ásta Leifsdóttir.



4. besti hundur sýningar kom úr tegundahópi 5, siberian husky-rakkinn, Miðnætur Rum Tum Tugger í eigu Ágústs Más Viggóssonar. Ræktandi er Stefán Arnarson. Með á myndinni eru Jóna Th. Viðarsdóttir, dómarnir Bo Skalin og Jörgen Hindse ásamt sýnandanum, Viktoríu Lýðsdóttur.



Besti öldungur sýningar var siberian husky-tíkin, C.I.B. ISCh Anyka Bootylicious Babe í eigu Stefáns Arnarsonar og Arnar Eiríkssonar. Ræktandi hennar er Mrs. S. Baker. Með á myndinni er dómariinn, Per Kr. Andersen og sýnandinn, Hilda Björk Friðriksdóttir.



Irish soft coated wheaten terrier-rakkinn, Conor's Jari of Swartwald var sigurvegari tegundahóps 3. Eigandi hans er Þórstína Björg Þorsteinsdóttir og ræktendur Agneta Lindström og Julia Ehlert. Með á myndinni eru dómariinn, Per Kr. Andersen og sýnandinn, Ásta María Karlsdóttir.



Weimaraner-rakkinn, C.I.E. ISShCh AMCH Kasamar Antares sigraði tegundahóp 7. Eigendur hans eru Atli Ómarsson og Kristín Jónasdóttir og ræktendur Karen Sandvold og Marilyn Stokes. Með á myndinni eru dómariinn, Paul Jentgen og sýnandinn, Elín Rós Hauksdóttir.

góða og var ánægður að sjá allt unga fólkið í hringjunum.

Hann dæmdi fjölmennustu tegund sýningarinnar, labrador retriever. „Ég dæmdi mjög góða hunda og aðra ekki eins góða en einnig framúrskarandi hunda. Að mínu mati er tegundin hér á góðri leið.“ Hann dæmdi einnig st. bernhardshunda og var mjög ánægður með hundana og almenn gæði þeirra.

Paul Jentgen var sáttur við gæði australian shepherd en nefndi einnig tegundahóp 7 í heild sinni sem hann dæmdi. Að einhverju marki undanskildi hann þó írskan setter þar sem gæðin voru að hans mati ekki svo mikil en var mjög ánægður með aðrar tegundir í tegundahópnum.

Einangrun fáránleg

Einangrun hunda við komu til landsins er fáránleg að mati Paul og verður að breyta enda getur fólk ferðast inn og út úr landinu en hundar verða að vera nokkrar vikur í einangrun! „Vegna þessa mæta ekki hundar frá öðrum löndum á hundasýningarnar hér og þið getið ekki farið með hundana ykkar og sýnt þá í öðrum löndum, ég veit að þetta er viðkvæmt efni en vonandi getið þið breytt þessu einn daginn.“

Að lokum sagðist Paul ánægður að fá tækifæri til að koma hingað og vonaðist eftir að koma aftur við tækifæri.

Gæðin hafa aukist

Þetta var ekki fyrsta heimsókn Jörgen Hindse frá Danmörku hingað til lands en hann hefur dæmt tvisvar áður hjá HRFÍ. „Gæði margra tegunda hafa aukist undravert og sigurvegararnir gætu unnið um alla Skandinavíu og jafnvel líka á meginlandinu, svo miklar eru framfarirnar hér á síðustu árum.“

Schäfer framúrskarandi

Jörgen sagðist ekki hafa dæmt neina tegund sem honum fannst í slæmum málum. „Í gær dæmdi ég schäfer sem mér fannst framúrskarandi og einn þeirra varð besti hundur sýningar í

dag. Frábær hundur sem gæti unnið um alla Evrópu, um það er ekki nokkur vafi í huga mínum.“ Hann dæmdi sömuleiðis border collie sem og rough og smooth collie og þar voru góðir hundar og aðrir ekki eins góðir. „Ég dæmdi einnig mjög fallegan welsh corgi pembroke, hann hefði mátt hafa meira litarhaft (e. more pigmentation) en var mjög vel gerður hundur.“ Jörgen Hindse dæmdi siberian husky og íslenskan fjárhund. „Báðar þessar tegundir voru af hæstu gæðum, rétt eins og sjá mátti í úrslitunum í dag, framúrskarandi hundar.“

Frábærir sýnendur

Jörgen var ánægður með skapgerð hundanna á sýningunni. „Ég lenti ekki í vandkvæðum með skap nokkurs hunds sem ég dæmdi og það var mjög gott. Næstum allir hundarnir voru sýndir af konum en þær voru líka framúrskarandi sýnendur. Þið hljótið að þjálfá sýnendur hér því sýnendur voru almennt frábærir.“

Jörgen dæmdi tegundahóp 1 þar sem fyrrnefndur schäfer varð hlutskarpastur og varð svo besti hundur sýningar. Hann dæmdi einnig tegundahóp 5 þar sem siberian husky vann og íslenski fjárhundurinn varð annar en báðir voru framúrskarandi að hans mati. Hann nefndi að besti hundur og besta tík tegundar hjá siberian husky hafi verið systkini og að hjá schäfer hafi besti hundur og besta tík verið fedgin! Hann var ánægður með hundana sem kepptu til úrslita og sérstaklega ánægður með gott gengi schäfer.

Haldið áfram á sömu braut

Aðspurður um ráð sagðist hann lítið geta ráðlagt okkur. „Ég held ég geti ekki gefið nein ráð því ykkur gengur svo vel að öllu leyti, sýningin var vel skipulögð, hundarnir í góðu standi og tilbúnir að koma inn í hringinn. Gæðin voru framúrskarandi svo ég hef engin ráð til að veita, haldið einfaldlega áfram á sömu braut.“

Óvænt gæði

Per Kr. Andersen frá Noregi kvaðst hafa orðið hissa á sýningunni hér því hundasportið á Íslandi er nokkuð ungt og hann hafði því ekki búist við eins miklu og hann sá. „Ég var hissa á gæðum sumra tegundanna og hundarnir sem kepptu í tegundahópunum báða daga gætu margir hverjir keppt í tegundahópum í öðrum löndum Skandinavíu, til hamingju!“

Hann var ánægður með skipulag sýningarinnar og að sjá hve margir áhorfendur biðu eftir úrslitunum því það sé svo gott fyrir sportið og ánægjulegt fyrir fólkið sem keppir til úrslita að finna stuðning og hvatningu áhorfenda.

Siberian husky í góðum málum

Aðspurður um einstakar tegundir sagði Per að í sumum tegundum væru gæðin almennt mjög góð en í öðrum væri staðan önnur. Í sumum tegundum voru of stórir hundar. Hann tók það fram að það væri þó ekki einskorðað við Ísland því vandamálið væri einnig þekkt í öðrum löndum en þar væru stofnarnir þó oft stærri og því auðveldara að velja úr. Hann dæmdi ekki siberian husky en nefndi þá tegund sem dæmi um tegund sem væri mjög góð hér og gæti keppt hvar sem er. Einnig nefndi hann besta hund tegundar í weimaraner sem hann dæmdi þó ekki heldur. „Ég held að papillon sé ein af tegundunum sem inniheldur stóra einstaklinga en sigurvegararnir voru mjög góðir, vel byggðir, af góðri tegundargerð og af rétttri stærð svo þeir eru til þannig! Listin felst í því að lesa og skilja ræktunarmarkmiðið og velja saman réttu einstaklingana og vera aðeins klárari en svo að rækta einungis frá sigurvegurunum. Ef til vill eru aðrir einstaklingar sem myndu henta þinni tík betur!“

Vonbrigði með tegundahóp 3

Per fannst ekki mikið til tegundahóps 3 koma en var ánægður með irish soft coated wheaten terrier hundinn og

sagði að það ætti ekki að koma á óvart að hann hafi unnið tegundahópinn. „Mér skilst að terrier tegundahópurinn sé ekki stór í landinu og er border terrier dæmi um það sem ég sagði. Þeir voru af góðri tegundargerð, sumir framúrskarandi en í byggingu og tegundargerð voru þeir of stórir.“ Hann hvatti því ræktendur til að hafa það í huga við ræktun og reyna að smækka hundana en tók jafnframt fram að fólk yrði að sýna þolinmæði, þetta tæki tíma. Hann hélt áfram og sagði að almennt í hundarækt væri mikilvægt að líta út fyrir landsteinana og flytja inn hunda sem bæru nýjar blóðlínur svo festa mætti í sessi það góða sem byggi í hverjum stofni. Þetta ráð á alls staðar við, einnig í hans heimalandi.

Vantar kraftmeiri hreyfingar

Per dæmdi einnig enskan cocker spaniel og golden retriever. „Enskur cocker spaniel var almennt góður, sigurvegarinn var mjög fallegur og gæti gengið nokkuð vel víða erlendis. Sigurvegarinn hjá golden retriever var mjög góður en almennt vantaði þá orku og kraft á hreyfingu. Þetta er vinnuhundur og það er mikilvægt að hafa það í huga, jafnvel þótt hundurinn þinn sé gældýr, að það er nauðsynlegt að hlúa að vinnueiginleikunum, þjálfu hundinn á einhvern hátt, halda honum í góðu formi og þá mun hann verða glaður í sýningarhringnum. Maður sér hundinn þegar hann kemur, hann ber höfuðið hátt, dingljar skottinu og sýnir sig. Þetta aðskilur góða hunda frá þeim framúrskarandi, þeir sýna sig og eiga hringinn!“

Heillandi öldungar

Per dæmdi bestu pör sýningar og var ánægður með sigurvegarana. Hann dæmdi sömuleiðis besta öldung sýningar. „Ég var mjög ánægður með gæði öldunganna, þeir voru almennt mjög góðir og sumir framúrskarandi. Það er hins vegar eitthvað til að hugsa um þegar öldungur sigrar í tegund, þá er nauðsynlegt að spyrja sig af hverju



Tegundahóp 8 sigraði ameríska cocker spaniel-tíkin, Eldhuga Stand By Me. Eigendur hennar og ræktendur eru Bryndís Pétursdóttir og Guðmundur Bjarnason. Með á myndinni eru dómarnir, Per Kr. Andersen og sýnandinn, Ágústa Pétursdóttir.



Tegundahóp 9 sigraði pug-rakkinn, C.I.B. ISCH Kingpoint Break Every Rule í eigu Huldu Hrunnar Höskuldsdóttur sem jafnframt sýndi hann. Ræktandi er Tuija Verho. Með á myndinni er dómarnir, Lena Stálshandske.



Tegundahóp 10 sigraði saluki-tíkin, Gullmola Killer Queen í eigu Guðjóns Snæs Steindórssonar. Ræktandi er Guðrún Jónína Gunnlaugsdóttir. Með á myndinni eru dómarnir, Lena Stálshandske og sýnandinn, Helga Þöll Guðjónsdóttir.



Besti hvolpur laugardags í flokki 4-6 mánaða var ungersk viszla, Kjarrhóla Krafla í eigu Ólafs Valdín Halldórssonar sem jafnframt sýndi hana og ræktaði. Með á myndinni er dómariinn, Jörgen Hindse.



Besti hvolpur laugardags í flokki 6-9 mánaða var miniature landhunds-tíkin, Sundsdal's Will You Be There í eigu Arinbjarnar Friðrikssonar og Margrétar G. Andrésdóttur. Ræktendur eru Gitte, Juul og Kent Sundsdal. Með á myndinni eru dómariinn, Paul Jentgen og sýnandiinn, Þorbjörg Ásta Leifsdóttir.



Besti hvolpur sunnudags í flokki 4-6 mánaða var dvergschnauzer-rakkinn, Kolskeggs Ljóni Stórikláus í eigu Líneyjar Bjarkar Ívarsdóttur sem jafnframt ræktaði hann. Með á myndinni eru dómariinn, Jörgen Hindse og sýnandiinn, Jóhanna Líf Halldórsdóttir.

elsti hundurinn, eða einn af þeim elstu, sé bestur? Maður hefði vonast til að einhver hinna yngri myndi sigra en þetta á þó ekki sérstaklega við um Ísland, þetta má sjá í mörgum tegundum í fjölda landa.“

Fallegir hundar í úrslitum

Almennt um hundana sem kepptu til úrslita sýningarinnar sagði Per að þeir hefðu getað verið í sömu sporum í Noregi, Svíþjóð eða Danmörku. Þeir voru af miklum gæðum, fallegir hundar og vel sýndir. „Hér eru svo margir ungir og góðir sýnendur, þeir sýna hundana svo vel og eru ekki einungis góðir í að sýna heldur einnig góðir í að sýna vel þá tegund sem þeir sýna hverju sinni svo það er mjög gott.“

Mikilvægi samvinnu

Per lagði áherslu á mikilvægi þess að hafa opinn huga og samvinnu ræktenda í hverri tegund. Hann sagði að fólk gæti keppt í sýningarhringnum en utan hringins yrðu ræktendur að vinna saman og sérstaklega í litlu landi með litla stofna eins og hér. Ósætti, sundrung og samkeppni myndu skaða alla og því væri samvinna svo gríðarlega mikilvæg.

Að lokum sagði Per að hann hefði komið til Íslands áður og að fólk hér væri vingjarnlegt, allir sýnendur voru kurteisir og kurteisir hver við annan sem og góðir við hundana og hvatti hann okkur til að halda áfram á sömu braut.

Misjöfn gæði

Lena Stálhandske frá Svíþjóð sagðist ánægð með skipulag sýningarinnar og sagði hringstjórana hafa verið framúrskarandi.

Aðspurð um þær tegundir sem hún dæmdi sagði hún margar tegundir af mismiklum gæðum. „Tíbet spaniel hundarnir voru mjög misjafnir, sumir þeirra voru með of stór, hringlaga augu sem er ekki rétt fyrir tegundina. Flestir voru með rétt bit en sumir ör-lítið of stórir.“ Shih tzu náðu ekki að hrífa Lenu en hún sagði þá vanta kraft-

meiri hreyfingar og rétt höfuð. „Það er erfitt að finna shih tzu með rétt höfuð nú til dags. Höfuðin eru orðin minni og augun eru ekki rétt.“ Pug voru að mati Lenu af góðum gæðum en þó nokkuð misjafnir. Hún var hrifinn af besta hundi tegundar sem sigraði tegundahóp 9 en hefði viljað sjá betri háls á honum. Cavalier voru af mjög misjöfnum gæðum og marga vantaði meiri fyllingu í höfuðin. Einnig sagði hún augun á mörgum vera of lítil en það væri vandamál alls staðar í heiminum. „Ég var þó mjög ánægð með besta hund tegundar sem dillaði skottinu sínu allan tímann.“

Lena kvaðst ekki hrifin af shetland sheepdog almennt og voru þeir mjög misjafnir. Hún sagði þá almennt vanta betri hreyfingar en þó var hún nokkuð sátt við besta hund tegundar. Tveir old english sheepdog voru sýndir, rakki og tík í meistaraflokki. „Rakkinn var fallegur en kannski ör-lítið of langur. Það er greinilegt að eigandiinn hefur lært að snyrta þá vel.“

Lofandi enskur springer spaniel

Lena dæmdi amerískan cocker og sagði marga hverja ekki með rétta yfirlínu sem á að vera ör-lítið hallandi. Einnig hefði hún viljað sjá fylltari andlit á nokkrum þeirra. Pomeranian voru nokkuð góðir að hennar sögn, hvolparnir lofandi og fjórir fullorðnir sem fengu „excellent“. Einn enskur springer spaniel var sýndur. „Virkelega lofandi ungur hundur með fallegar hreyfingar. Hann á enn eftir að þroskast en lofar mjög góðu.“ Lena var ekki ánægð með þá lagotto romagnolo-hunda sem voru sýndir. Tík sem var sýnd í hvolpaflokki var of feit og með of mjótt höfuð. „Fullorðni hundurinn var of stór, höfuðið höfðaði ekki til mín en feldurinn var mjög góður.“

Vonbrigði með saluki og whippet

Lena ræktar saluki og sagðist hún hafa orðið fyrir vonbrigðum með þá en kvaðst þó ánægð með besta hund

tegundar. „Tíkin sem var besti hundur tegundar var mjög falleg og með réttan svip en var þó örliðið löt að hreyfa sig. Hún sigraði tegundahóp 10.“ Afghan hound voru að mati Lenu nokkuð góðir og var hún sérlega hrifin af ungliðunum sem voru sýndir en besta tik tegundar var tik úr ungliðaflokki. „Hún var æðisleg og á eftir að verða stjarna. Með fallett höfuð og svip og frábærar hreyfingar. Besti hundur tegundar var flottur en þó með nokkra galla.“ Lena varð fyrir vonbrigðum með whippet sem voru að hennar mati almennt of stórir, með of flata yfirlínu og hefðu mátt vera með betri hreyfingar. Sumir þeirra voru þó með falleg höfuð. „Besti whippetinn sem ég dæmdi var tíkin úr hvolpaflokki sem var mjög falleg.“

Samoyed of langir

Samoyed voru að mati Lenu ekki af réttri tegundargerð. „Tveir þeirra voru allt of langir og ekki með rétta feldgerð.“ Lena var nokkuð sátt með þá chow chow-ungliða sem voru sýndir en sagði hundinn úr opnum flokki ekki heilbrigðan. Besti hundur tegundar í leonberger var að hennar sögn mjög fallegur með fallegar hreyfingar en of grannur. Besti hundur tegundar í alaskan malamute þótti henni mjög fallegur, með rétta yfirlínu og fallett höfuð.

Hæfileikaríkir ungir sýnendur

Lena dæmdi flokk ungra sýnenda og var mjög hrifin af þeim. „Þau voru svo ótrúlega góð! Ég hef sýnt hunda í tugi ára og gæti aldrei komist með tærnar þar sem þau hafa hælana!“

Í eldri flokki komust sex stúlkur í úrslit og átti Lena í miklum erfiðleikum með að velja á milli þeirra. „Þær einbeittu sér allar að því að sýna hundana og allt virkaði svo auðvelt. Ég sá þær sýna marga hunda um helgina og þær voru ótrúlega hæfileikaríkar!“

Besti hundur sýningar 1. sæti

Kolgrímu Dee Hólm IS15146/10

Schäfer, snögghærður

Eigandi: Sírýrý Halla Stefánsdóttir & LeifVidar Belgen

Ræktandi: Sírýrý Halla Stefánsdóttir

Besti hundur sýningar 2. sæti

Kolskeggs Klaka Skrápur IS16894/12

Dvergschnauzer, svartur

Eigandi: Louisa Aradóttir

Ræktandi: Líney Björk Ívarsdóttir

Besti hundur sýningar 3. sæti

Sundsdaal's Wee Kind Of Magic IS17591/12

Dachshund, rabbit, snögghærður

Eigandi: Arinbjörn Friðriksson & Margrét G. Andrésdóttir

Ræktandi: Gitte, Juul & Kent Sundsdal

Besti hundur sýningar 4. sæti

Miðnætur Rum Tum Tigger IS15981/11

Siberian husky

Eigandi: Ágúst Már Viggósson

Ræktandi: Stefán Arnarson

Besti öldungur sýningar 1. sæti

C.I.B. ISCh Anyka Bootylicious Babe IS09327/06

Siberian husky

Eigandi: Örn Eiríksson & Stefán Arnarson

Ræktandi: Mrs S Baker

Besti öldungur sýningar 2. sæti

C.I.B. ISCh Silenzio's Theresia IS09957/06

Papillon

Eigandi: Ásta María Guðbergsdóttir

Ræktandi: Britt-Marie Hansson

Besti öldungur sýningar 3. sæti

C.I.B. ISCh Arnarstaða Romsa IS08550/05

Íslenskur fjárhundur

Eigandi: Guðrjúður Þorbjörg Valgeirsdóttir

Ræktandi: Guðrjúður Þorbjörg Valgeirsdóttir

Besti öldungur sýningar 4. sæti

ISCh Perluskins Cairo Paolo IS07352/03

Chihuahua, snögghærður

Eigandi: Berglind Magnúsdóttir

Ræktandi: Guðrún Jóhannsdóttir

Tegundahópur 1. 1. sæti

Kolgrímu Dee Hólm IS15146/10

Schäfer, snögghærður

Eigandi: Sírýrý Halla Stefánsdóttir & LeifVidar Belgen

Ræktandi: Sírýrý Halla Stefánsdóttir

Tegundahópur 1: 2. sæti

Undalands Moor To Come IS16278/11

Shetland sheepdog

Eigandi: Lilja Dóra Halldórsdóttir

Ræktandi: Lilja Dóra Halldórsdóttir

Tegundahópur 1: 3. sæti

Stonehaven Bayshore Miu Miu IS17592/12

Australian shepherd

Eigandi: Anna Björg Nielsdóttir

Ræktandi: Phyllis Perryman & Frank Bayliss & Jeffrey M Margeson

Tegundahópur 1: 4. sæti

ISShCh Trésor De Brie Ila Fauve AF IS13229/09

Briard

Eigandi: Stella Sif Gísladóttir

Ræktandi: Eva Hákansson

Tegundahópur 2: 1. sæti

Kolskeggs Klaka Skrápur IS16894/12

Dvergschnauzer, svartur

Eigandi: Louisa Aradóttir

Ræktandi: Líney Björk Ívarsdóttir

Tegundahópur 2: 2. sæti

Bayero's Magic Dream IS16400/11

St. Bernharðshundur snöggh.

Eigandi: Guðný Vala Tryggvadóttir

Ræktandi: Lillevik May Inger & Hjeldnes Trond

Tegundahópur 2: 3. sæti

Hjartagulls Fröken Frída IS14777/10

Dvergschnauzer, svartur/silfur

Eigandi: Lára Bjarney Kristinsdóttir & María Björg

Tamimi

Ræktandi: Ína Björg Guðmundsdóttir

Tegundahópur 2: 4. sæti

Bölejonet Slow Floating Water IS15906/11

Leonberger

Eigandi: Malin Widarsson



Besti hvolpur sunnudags í flokki 6-9 mánaða var risaschnauzer-rakkinn, Heljuheims Fenrir í eigu Önnu Grétu Sveinsdóttur. Ræktandi er Ragnhildur Gísladóttir. Með á myndinni eru dómarnir, Paul Jentgen, ræktandinn, Ragnhildur Gísladóttir og sýnandinn, Jóhanna Líf Halldórsdóttir.



Besti ungi sýnandinn í yngri flokki var Sigrún Sandra Valdimarsdóttir sem sýndi papillon. Með á myndinni er dómarnir, Lena Stálhandske.



Besti ungi sýnandinn í eldri flokki var Erna Sigríður Ómarsdóttir sem sýndi tibet spaniel. Með á myndinni er dómarnir, Lena Stálhandske.



Besti ræktunarhópur laugardags var hópur weimaraner-hunda úr Huldu-ræktun Huldu Jónasdóttur. Með á myndinni er dómariinn, Per Kr. Andersen.



Besti afkvæmahópur laugardags var weimaraner-rakinn, C.I.E. ISShCh AMCH Kasamar Antares og afkvæmi hans. Með á myndinni er dómariinn, Bo Skalin.



Besti ræktunarhópur sunnudags var hópur siberian husky-hunda úr Mið-nætur-ræktun Stefáns Arnarsonar. Með á myndinni er dómariinn, Per Kr. Andersen.



Besti afkvæmahópur sunnudags var siberian husky-tíkin, C.I.B. ISCh Anyka Bootylicious Babe og afkvæmi hennar. Með á myndinni er dómariinn, Lena Stálhandske.

Ræktandi: Anne Marie Krih
Tegundahópur 3: 1. sæti
Conor's Jari of Svartwald IS15889/11
 Irish soft coated wheaten terrier
 Eigandi: Þórstína Björg
 Þorsteinsdóttir
 Ræktandi: Agneta Lindström & Julia Ehlert
Tegundahópur 3: 2. sæti
ISCh Sub Terram Apple Jack IS16622/12
 Border terrier
 Eigandi: Jónína Sif Eyþórsdóttir
 Ræktandi: Ulrika & Roger Berge
Tegundahópur 3: 3. sæti
ISCh Rosetopp's Ieran IS14803/10
 Yorkshire terrier
 Eigandi: Sigrún Gréta Einarsdóttir & Þórarinn Pálsson
 Ræktandi: Klara Guðrún Hafsteinsdóttir
Tegundahópur 3: 4. sæti
Paradise Passion Hot Diva IS16978/12
 Silky terrier
 Eigandi: Ingibjörg Salóme Sigurðardóttir
 Ræktandi: Elisabet Kristjánsdóttir
Tegundahópur 4: 1. sæti
Sundsdal's Wee Kind Of Magic IS17591/12
 Dachshund, rabbit, snögghærður
 Eigandi: Arinbjörn Friðriksson & Margrét G. Andrésdóttir
 Ræktandi: Gitte, Juul & Kent Sundsdal
Tegundahópur 4: 2. sæti
Íslands-Nollar Citronepepper IS15877/11
 Basset fauve de Bretagne
 Eigandi: Súsanna Poulsen
 Ræktandi: Súsanna Poulsen
Tegundahópur 4: 3. sæti
ISCh Lioncharm African Awena IS15329/10
 Rhodesian ridgeback
 Eigandi: Þorkell Olgeirsson
 Ræktandi: Merete Myrheim
Tegundahópur 4: 4. sæti
Kalastaða Jamie Lannister IS17364/12
 Beagle
 Eigandi: Elisabet Guðjónsdóttir
 Ræktandi: Þorvaldur Magnússon
Tegundahópur 5: 1. sæti
Miðnætur Rum Tum Tugger IS15981/11
 Siberian husky
 Eigandi: Ágúst Már Viggósson
 Ræktandi: Stefán Arnarson
Tegundahópur 5: 2. sæti
OB-1 Stefsstells Skerúður IS09862/06
 Íslenskur fjárhundur
 Eigandi: Vigdís Elma Cates & Þórður Kristjánsson
 Ræktandi: Stefanía Sigurðardóttir
Tegundahópur 5: 3. sæti
Dropsteins Trouble O Seven IS17690/12
 Chow chow
 Eigandi: Hildur Hödd Stefánsdóttir
 Ræktandi: Tryggvi Erlingsson & Ingibjörg Svana Runólfssdóttir
Tegundahópur 5: 4. sæti
ISCh Callevys Cortland IS16036/11
 Pomeranian
 Eigandi: Sóley Halla Möller
 Ræktandi: Evy Ákesson/Fredrik Nilsson
Tegundahópur 7: 1. sæti

C.I.E. ISShCh AMCH Kasamar Antares IS13482/09
 Weimaraner, snögghærður
 Eigandi: Atli Ómarsson & Kristín Jónasdóttir
 Ræktandi: Karen Sandvold & Marilyn Stokes
Tegundahópur 7: 2. sæti
C.I.E. ISShCh Carana Aristocrat IS08405/05
 Írskur setter
 Eigandi: Arinbjörn Friðriksson & Margrét G. Andrésdóttir
 Ræktandi: Jóna Theodóra Viðarsdóttir
Tegundahópur 7: 3. sæti
Heiðnabergs Blyur von Greif IS14609/10
 Vorsteh, snögghærður
 Eigandi: Jón Garðar Þórarinnsson
 Ræktandi: Jón Hákon Bjarnason
Tegundahópur 7: 4. sæti
C.I.E. ISShCh Gaflana Maria Callas IS10439/07
 Gordon setter
 Eigandi: Guðrún Jónsdóttir & Sigmundur Friðbjófsón
 Ræktandi: Guðrún Jónsdóttir & Sigmundur Friðbjófsón
Tegundahópur 8: 1. sæti
Eldhuga Stand By Me IS16003/11
 Amerískur cocker spaniel
 Eigandi: Bryndís Pétursdóttir & Guðmundur Bjarnason
 Ræktandi: Bryndís Pétursdóttir & Guðmundur Bjarnason
Tegundahópur 8: 2. sæti
Devmist Glitter'N Gance IS17985/13
 Golden retriever
 Eigandi: Svava Guðjónsdóttir
 Ræktandi: Henric Fryckstrand
Tegundahópur 8: 3. sæti
Lokleir frá Götu IS16469/11
 Enskur springer spaniel
 Eigandi: Edda Sigurðsson
 Ræktandi: Edda Sigurðsson
Tegundahópur 8: 4. sæti
ISShCh Richbourne Silvercloud IS14203/10
 Labrador retriever
 Eigandi: Elsa Soffía Jónsdóttir
 Ræktandi: Mrs. S. E. M. Wiles
Tegundahópur 9: 1. sæti
C.I.B. ISCh Kingpoint Break Every Rule IS15816/11
 Pug
 Eigandi: Hulda Hrunð
 Höskuldsdóttir
 Ræktandi: Tuija Verho
Tegundahópur 9: 2. sæti
ISCh Huffish Put The Blame On Me IS14213/10
 Poodle, standard
 Eigandi: Jóhannes Páll Friðriksson
 Ræktandi: Charlotte Sandell
Tegundahópur 9: 3. sæti
ITCh ROMCh Cinecitta' Casa Dolce Casa IS18331/13
 Malteser
 Eigandi: Hulda Einarsdóttir
 Ræktandi: Prospero Franco
Tegundahópur 9: 4. sæti
Conan Catchas Pink Panther IS16093/11
 Poodle, medium
 Eigandi: Kristján Bragi Þorsteinnsson
 Ræktandi: Daníel Örn Hinriksson
Tegundahópur 10: 1. sæti
Gullmola Killer Queen IS14975/10

Saluki, fringed
Eigandi: Guðjón Snær Steindórsson
Ræktandi: Guðrún Jónína Gunnlaugsdóttir

Tegundahópur 10: 2. sæti
Enigma Dreams Fire Down Below IS15839/11
Afghan hound
Eigandi: Íris Gunnarsdóttir & Sunniva Hrund Snorradóttir
Ræktandi: Sunniva Hrund Snorradóttir

Tegundahópur 10: 3. sæti
Leifurs Nökvi IS17468/12
Whippet
Eigandi: Birkir Björnsson
Ræktandi: Gunnur Sif Sigurgeirsdóttir

Besti hvolpur sýningar lau. 4-6 mán 1. sæti
Kjarrhóla Krafta IS18209/13
Ungversk Vizsla, snöggh.
Eigandi: Ólafur Valdín Halldórsson
Ræktandi: Ólafur Valdín Halldórsson

Besti hvolpur sýningar lau. 4-6 mán 2. sæti
Yndisauka Heimasæta IS18147/13
Cavalier king charles spaniel
Eigandi: Berglind Ásta Jónsdóttir
Ræktandi: Berglind Ásta Jónsdóttir

Besti hvolpur sýningar lau. 4-6 mán 3. sæti
Aiming High „Team“ Million Dollar Baby IS18326/13
Papillon
Eigandi: Magnea Hilmarsdóttir
Ræktandi: Magnea Hilmarsdóttir

Besti hvolpur sýningar lau. 4-6 mán 4. sæti
Aska IS18318/13
Schäfer, síðhæður
Eigandi: Kristbjörg R. Kristjánsdóttir
Ræktandi: Sverrir Reynir Reynisson

Besti hvolpur sýningar lau. 6-9 mán 1. sæti
Sundsðal's Will You Be There IS18330/13
Dachshund, miniature, snögghæður
Eigandi: Arimbjörn Friðriksson & Margrét G. Andrésdóttir
Ræktandi: Gitte Juul, Kent & Josefíne Juul Sundsdal

Besti hvolpur sýningar lau. 6-9 mán 2. sæti
Bendishunda Funi IS17722/12
Vorsteh, snögghæður
Eigandi: Einar Páll Garðarsson & Sigríður Oddný Hrólfsdóttir
Ræktandi: Einar Páll Garðarsson & Sigríður Oddný Hrólfsdóttir

Besti hvolpur sýningar lau. 6-9 mán 3. sæti
Halastjörnu Sigur-Rós IS17848/13
Griffon Bruxellois
Eigandi: Kristín Ninja Guðmundsdóttir
Ræktandi: Brynja Tomer

Besti hvolpur sýningar lau. 6-9 mán 4. sæti
Víkur American Beauty IS17676/12
Australian shepherd
Eigandi: Ólafur Örn Ólafsson
Ræktandi: Ólafur Örn Ólafsson

Besti ræktunarhópur sýningar lau. 1. sæti
Weimaraner
Huldu-ræktun

Ræktandi: Hulda Jónasdóttir
Besti ræktunarhópur sýningar lau. 2. sæti
Briard
Heydalurs-ræktun
Ræktandi: Stella Sif Gísladóttir

Besti ræktunarhópur sýningar lau. 3. sæti
Tíbet spaniel
Tíbráar Tinda-ræktun
Ræktandi: Auður Valgeirsdóttir

Besti ræktunarhópur sýningar lau. 4. sæti
Australian shepherd
Heimsenda-ræktun
Ræktandi: Björn Ólafsson & Lára Birgisdóttir

Besti afkvæmahópur sýningar lau. 1. sæti
Weimaraner
C.I.E. ISShCh AMCH Kasamar Antares & afkvæmi

Besti afkvæmahópur sýningar lau. 2. sæti
Schäfer, snögghæður
C.I.B. ISCh Welincha's Yasko & afkvæmi

Besti afkvæmahópur sýningar lau. 3. sæti
Briard
ISShCh Trésor De Brie Ila Fauve AF & afkvæmi

Besti afkvæmahópur sýningar lau. 4. sæti
Papillon
ISCh FINCh Siljans Art Deco Connection & afkvæmi

Besta par sýningar lau. 1. sæti
Bichon frise
Eigandi: Sigrún Vilbergsdóttir

Besta par sýningar lau. 2. sæti
Pug
Eigandi: Stefánía Sunna Ragnarsdóttir

Besta par sýningar lau. 3. sæti
Old english sheepdog
Eigandi: Anna Jónsdóttir & Hrefna Björk Jónsdóttir

Besti hvolpur sýningar sun. 4-6 mán 1. sæti
Kolskeggs Ljósi Stóriklausa IS18176/13
Dvergshnauzer, svartur
Eigandi: Líney Björk Ívarsdóttir
Ræktandi: Líney Björk Ívarsdóttir

Besti hvolpur sýningar sun. 4-6 mán 2. sæti
Jasmín IS18095/13
Dobermann
Eigandi: Egill Björgvinsson
Ræktandi: Anton Kristinn Þórarinnsson

Besti hvolpur sýningar sun. 4-6 mán 3. sæti
Son of a Gun for Bigfootprint IS18271/13
Siberian husky
Eigandi: Robert Ólafur Ólafsson
Ræktandi: Robert Ólafur Ólafsson

Besti hvolpur sýningar sun. 4-6 mán 4. sæti
Dagdrauma Secret Obsession IS18185/13
Pomeranian
Eigandi: Kristín Elísa Guðmundsdóttir
Ræktandi: Kristín Elísa Guðmundsdóttir

Besti hvolpur sýningar sun. 6-9 mán 1. sæti
Heljuheims Fenir IS17827/13
Risaschnauzer, svartur

Eigandi: Anna Gréta Sveinsdóttir
Ræktandi: Ragnhildur Gísladóttir

Besti hvolpur sýningar sun. 6-9 mán 2. sæti
Eldpoku Strönd IS17840/13
Whippet
Eigandi: Selma Olsen
Ræktandi: Selma Olsen

Besti hvolpur sýningar sun. 6-9 mán 3. sæti
Pom4you Ili Mila IS17959/13
Pomeranian
Eigandi: Sigurlaug Sverrisdóttir
Ræktandi: Sigurlaug Sverrisdóttir

Besti hvolpur sýningar sun. 6-9 mán 4. sæti
Amazing Gold Galdur IS17927/13
Golden retriever
Eigandi: Kristjana Jónsdóttir
Ræktandi: Kristjana Jónsdóttir

Besti ræktunarhópur sýningar lau. 1. sæti
Siberian husky
Míðnætur-ræktun
Ræktandi: Stefnar Arnarson

Besti ræktunarhópur sýningar lau. 2. sæti
Chow chow
Dropasteins-ræktun
Ræktandi: Tryggvi Erlingsson & Ingibjörg Svana Runólfssdóttir

Besti ræktunarhópur sýningar lau. 3. sæti
Amerískur cocker spaniel
Eldhuga-ræktun
Ræktandi: Bryndís Pétursdóttir & Guðmundur Bjarnason

Besti ræktunarhópur sýningar lau. 4. sæti
Afghan hound
Glinir-ræktun
Ræktandi: Vala HF-5 ehf

Besti afkvæmahópur sýningar lau. 1. sæti
Siberian husky
C.I.B. ISCh Anyka Bootylicious Babe & afkvæmi

Besta par sýningar sun. 1. sæti
Enskur cocker spaniel
Eigandi: Edda Sigurðsson

Besta par sýningar sun. 2. sæti
Dvergshnauzer, svartur
Eigandi: Líney Björk Ívarsdóttir & María Björg Tamimi

Besta par sýningar sun. 3. sæti
Afghan hound
Eigandi: Vala HF-5 ehf

Besta par sýningar sun. 4. sæti
Amerískur cocker spaniel
Eigandi: Bryndís Pétursdóttir & Guðmundur Bjarnason

Ungir sýndur
Yngri flokkur:
1. sæti - Sigrún Sandra Valdimarsdóttir með papillon
2. sæti - Íris Anna Úlfarsdóttir með afghan hound
3. sæti - Elsa Lind Þorvaldsdóttir með íslenskan fjárhund
4. sæti - Breki Freyr Albertsson með labrador retriever

Eldri flokkur:
1. sæti - Erna Sigríður Ómarsdóttir með tíbet spaniel
2. sæti - Theodóra Róbertsdóttir með australian shepherd
3. sæti - Hilda Björk Friðrikssdóttir með standard schnauzer
4. sæti - Ylfa Dögg Ástþórsdóttir með papillon



Besta par laugardags var bichon frisé par í eigu Sigrúnar Vilbergsdóttur. Með á myndinni eru dómarnir, Per Kr. Andersen og sýnandinn, Karen Ösp Guðbjartsdóttir.



Besta par sunnudagsins var enskt cocker spaniel par í eigu Eddu Janette Sigurðsson sem jafnframt sýndi þau. Með á myndinni er dómarnir, Paul Jentgen.



Nýir meistarar

Alþjóðlegir meistarar (C.I.B.)



Tíbet spaniel

C.I.B. ISCh RW-13 Tíbráar Tinda
Prayer Wheel Spinner
Eigandi: Kolbrún Jónsdóttir
Ræktandi: Auður Valgeirsdóttir



Pug

C.I.B. ISCh RW-13 Kingpoint
Break Every Rule
Eigandi: Hulda Hrund
Höskuldsdóttir
Ræktandi: Tuija Verho



Yorkshire terrier

C.I.B. ISCh RW-13 Swedetop's
Keepsake
Eigandi/ræktandi: Kristine Erla
Olson



Phaléne

C.I.B. ISCh RW-13 Hálsakots
Better Be Something Good
Eigandi: Ómar Henningsson
Ræktandi: Ásta María
Guðbergsdóttir

Alþjóðlegur sýningameistari (C.I.E.)



Enskur cocker spaniel

C.I.E. ISShCh RW-13 Bjarkeyjar
Take A Chance On Me
Eigandi: Þröstur Ólafsson
Ræktandi: Inga Björk Gunnarsdóttir

Íslenskir meistarar (ISCh)



Shih tzu

ISCh RW-13 Ta Maria Wot a Bee
Eigandi: Anja Björg Kristinsdóttir
Ræktendur: Anne & Maria
Laaksonen



Siberian husky

ISCh RW-13 Miðnætur Rum Tum
Tugger
Eigandi: Ágúst Már Viggósson
Ræktandi: Stefán Arnarson

Íslenskir sýningameistarar (ISShCh)



Írskur setter

ISShCh RW-13Eðal Ilmur
Eigendur/ræktendur: Hreiðar
Karlsson/Elín Gestsdóttir



Írskur setter


ISShCh Eðal Ikarus
Eigandi: Ásdís Bragadóttir
Ræktendur: Hreiðar Karlsson/Elín
Gestsdóttir



Flat coated retriever

ISShCh RW-13 Svali
Eigandi: Nína Rut Eiríksdóttir
Ræktandi: Jón Þormar Pálsson

Veiðimeistari (ISFtCh)



ISFtCh Ljósavíkur Assa

Eigandi: Jens Magnús Jakobsson
Ræktandi: Ingólfur Guðmundsson
Ljós. Pétur Alan Guðmundsson



Vefsíða:
www.hrfi.is

Netfang:
hrfi@hrfi.is



Simon Vaughan

Besti hundur sýningar HRFÍ
og Reykjavík Winner 2013

BIO-GROOM®

Meltingargerlar (Probiotics)

Höfundur: Inga Björk Gunnarsdóttir

Fyrir um 20 árum síðan þurfti ég að gefa hundinum mínum sýklalyf. Dýralæknirinn mælti með að ég myndi ganga með hann þar sem væri umferð hesta og leyfa honum að éta hrossaskít til að koma meltingunni í samt lagt aftur eftir sýklalyfjagjöfina. Mér fannst þetta frekar furðulegt ráð en eftir að ég fór að kynna mér gagnsemi meltingargerla veit ég að þessi dýralæknir vissi hvað hann söng.

Virgni meltingargerla

Meltingargerlar (*probiotics*) eru vinveittu bakteríurnar sem eru í þarmaflóru allra spendýra. Venjulega tengjum við orðið bakteríur við sjúkdóma og sýkingar en þessi gerð viðheldur heilbrigði og hjálpar líkamanum að berjast gegn sjúkdómum. Þær eru lífsnauðsynlegar fyrir góða meltingu, næringarupptöku og ónæmiskerfið virkar ekki sem skyldi ef skortur er á þessum gerlum.

Vísindamenn og lækningar eru nú að uppgötva í meira mæli það gagn sem líkaminn hefur af þessum gerlum og uppi eru kenningar um að þeir geti komið í veg fyrir sjúkdóma sem tengjast ónæmiskerfinu, svo sem ofnæmi. Dýralæknar eru farnir að gera sér grein fyrir mikilvægi vinveittra meltingargerla fyrir dýrin og hafa því í auknu mæli beint sjónum sínum að gagnsemi meltingargerla í sjúkdómstilfellum, eins og niðurgangi og uppköstum, húðvandamálum, nýrnabilun, til styrkingar ónæmiskerfisins sem og í forvarnarskyni.

Mín reynsla er að auðvelt er að lækna niðurgang í hvolpum með gjöf meltingargerla og við gerð greinarninnar rakst ég að dæmi um golden retriever sem var búinn að vera með niðurgang í sex ár en læknaðist með viðbættum meltingargerlum.



Reynsla höfundar er að auðvelt er að lækna niðurgang í hvolpum með gjöf meltingargerla. Ljós. Inga Björk Gunnarsdóttir.

Helsta gerðin

Sumir telja að það sé best að vera með mikið magn af mismunandi gerðum góðra baktería. En það eru líka uppi kenningar um að ef það eru margar ólíkar tegundir sem setjast að á einum og sama staðnum munu þær fara að berjast hver á móti annarri. Sú sterkasta muni sigra og þær veikari hverfa. Þetta er ástæðan fyrir því að flestir velja þá sterkustu, *Lactobacillus acidophilus* og hefur hún verið notuð í áratugi. Það er vel þekkt að hún er algjörlega

örugg en mjög áhrifarík baktería og sýnt hefur verið fram á góða virkni á ónæmiskerfið og að hún dragi úr hættu á ofnæmi. *Lactobacillus acidophilus* er að finna í edlilegri flóru meltingarfæra hunda og katta sem og í grasbítum.

Önnur gerð, *Lactobacillus gasseri* SBT2055, hefur verið nefnd sem hjálp við offituvanda hunda og katta, en vísindalegar rannsóknir hafa sýnt fram á gagnsemi hennar fyrir fólk sem þjáist af offitu.

Nauðsynleg viðbót

Meltingargerlar hafa mörg og víðtæk áhrif á líkamann og nú er almennt talið að þeir séu nauðsynleg viðbót við allt fóður. Þar sem meltingargerlar eru mjög viðkvæmir geta þeir alls ekki lifað af vinnsluáðferðir hundafóðurs. Þá skortir líka í hráfóður nema það sé unnið úr meltingarfærum grasbíta. Við þurfum því að sjá til þess að gæludýrin okkar fái þessa gerla, hvort sem við erum að gefa þurrfóður eða hráfóður. Hundar geta þó séð sér sjálfir fyrir þessum meltingargerlum með því að éta skít úr grasbítum en við það eykst vitanlega hættu á ormasmiti.

Áætlað er að 60-70% ónæmiskerfis gæludýra okkar séu í meltingarveginum en því miður hefur það ekki verið nógu algengt að orsaka sjúkdóma sé leitað þar. Það er því fyllilega þess virði að prófa að gefa sjúkum hundi meltingargerla en ekki síður þeim heilbrigða til að viðhalda heilsu hans.

Ég hef eingöngu notað meltingargerla sem eru ætlaðir fyrir fólk en til eru vörutegundir sem eru framleiddar sérstaklega fyrir hunda.

<http://www.petplusvet.com>
<http://www.heilsuhusid.is>
<http://www.theonlinevet.com>

Frá Vinnuhundadeild HRFÍ

Höfundur: Vinnuhundadeild HRFÍ

Eitt af því fyrsta sem margir hugsa þegar þeir taka þá ákvörðun að fá sér hvolp eða hund er að þeir stefna að því að kenna hundinum æfingar og með tímanum eignast hlýðinn og góðan hund sem er þægilegur í umgengni. Ýmsar leiðir er hægt að fara til þess að ná fram árangri með hundinn, til dæmis námskeið, að æfa sjálfur, æfingahópar og fleira.

Vinnupróf eru próf sem mæla getu hunda til að vinna verkefni sem fyrir þá eru lögð og hvernig þeir leysa þau í samvinnu við stjórnandann. Vinnupróf eru til dæmis próf í hlýðni. Í hlýðni-próf má fara með hunda frá 9 mánaða aldri. Hlýðni-prófum er skipt upp í þrjú þar sem kröfurnar aukast eftir því sem fleiri þrepum er náð og verður hundurinn að klára hvert þrep með ákveðinn fjölda stiga til að komast upp á næsta þrep.

Vinnuhundadeild HRFÍ stendur fyrir vinnuprófum fyrir allar tegundir hunda, hreinræktaða og blendinga (ræktunardeildir geta einnig staðið fyrir prófum í samvinnu við Vinnuhundadeild). Prófin eru opin öllum, hafi viðkomandi ekki verið sviptur þátttökurétti af HRFÍ eða erlendum hundaræktarfélögum viðurkenndum af FCI.

Þrepin í hlýðni-prófum eru brons (áætlað er að það breytist í æfingapróf 1. janúar 2014), hlýðni I, hlýðni II, hlýðni III og hlýðni elite. Í þessari grein munum við útlista æfingarnar sem gerð er krafa um að hundur og stjórnandi hafi vald á í hlýðni I.

Mikið er lagt upp úr fáum skipunum og látlausri líkamstjáningu. Mikilvægt er að stjórnandi hunds athugi það að aðeins má gefa eina skipun á hverja stöðubreytingu hunds í æfingu, annað hvort orð eða líkamstjáningu.

Ef fleiri skipanir eru gefnar hefur það áhrif á stigagjöf. Í gegnum prófið fær stjórnandi hundsins öll fyrirmæli um framkvæmd æfinga frá prófstjóra.

Æfing 1 – að skoða tennur

Æfing 1 er að skoða tennur. Hundur skal vera í upphafsstöðu sem er sitjandi/standandi við vinstri hlið stjórnanda, dómari spyr hvort stjórnandi sé tilbúinn og ef svo er gengur hann að og skoðar bit hundsins. Hundur þarf að vera kyrr í upphafsstöðu. Allar æfingar hefjast og lýkur með hund í upphafsstöðu. Þátttaka í æfingunni er krafa til að geta haldið áfram í prófinu.

Æfing 2 – að liggja saman í hóp

Æfing 2 er sú að hundar í prófinu liggja saman í hóp í 2 mínútur. Stjórnendur hundanna stilla sér upp með þá í beinni línu. Hundunum er gefin skipun um að leggjast og stjórnendur ganga 20 metra frá og þá hefst tímakan. Þegar tíminn er liðinn ganga stjórnendur um það bil tvö skref aftur fyrir hundinn en það er gert í öllum æfingum þar sem stjórnandi gengur að hundi í lok æfingar.

Æfing 3 – hælginga í taumi

Æfing 3 er hælginga í taumi. Þar er gengin göngubraut undir stjórn prófstjóra. Leyfilegt er að nota orð eða

skipun fyrir hæl frá kyrrstöðu og í hraðabreytingum. Hundurinn skal ganga viljugur í slökum taumi við vinstri hlið stjórnandans. Æfingin felur í sér eðlilega göngu með beygjum og stoppum, hæga og hraða göngu án beygja. Í hvert skipti sem stjórnandi stoppar skal hundurinn fara í upphafsstöðu.

Æfing 4 – að liggja úr kyrrstöðu

Æfing 4 er að liggja úr kyrrstöðu. Stjórnandi gengur með hundinn á hæl í um það bil 10 metra, þar er hundinum skipað að leggjast, stjórnandi gengur þá um 10 metra frá hundinum, snýr við og gengur til baka. Hundurinn skal liggja þar til honum er skipað í upphafsstöðu.

Æfing 5 – innkall úr sitjandi stöðu

Æfing 5 er innkall úr sitjandi stöðu. Hundurinn er látinn bíða á meðan stjórnandinn gengur um 15 metra frá hundinum þar sem hann snýr sér við og kallar hundinn inn í upphafsstöðu.

Æfing 6 – að standa á göngu

Æfing 6 er að standa á göngu. Stjórnandi gengur með hundinn á hæl í um 10 metra, þar er hundinum skipað að standa kyrr, stjórnandi gengur þá um það bil 10 metra frá hundinum, snýr við og gengur til baka. Æfingin endar með 3 metra langri lausri hælgingu.

Æfing 7 – hopp yfir hindrun

Æfing 7 er að hoppa yfir hindrun. Æfingin hefist 3-5 metra frá hindruninni, stjórnandi hundsins gengur frá honum og fer jafn langt frá hinu megin við

hindrunina og kallar hundinn til sín sem skal hoppa yfir hindrunina á leiðinni.

Æfing 8 - fjarlægðarstjórnun

Æfing 8 er fjarlægðarstjórnun. Í þessari æfingu má nota bæði orð og líkams-tjáningu í einu. Hundurinn er látinn bíða sitjandi meðan stjórnandinn gengur um 2 metra frá honum og við merki frá prófstjóra lætur hann hundinn skipta þrisvar sinnum um stöðu (liggja-sitja-liggja). Stjórnandi gengur svo til hundsins.

Æfing 9 – heildarmat dómara

Æfing 9 sem líka er seinasta æfingin er heildarmat dómara en með heildarmati er fyrst og fremst átt við sam-



Heildarmat dómara felur í sér samvinnu milli hunds og stjórnanda, auk vilja og vinnugleði hundsins í gegnum allar æfingar. Ljós. Guðbjörg Guðmundsdóttir

vinnu milli hunds og stjórnanda, auk vilja og vinnugleði hundsins í gegnum allar æfingar. Heildarmatið er sjálfstæður dómur og skal ekki endilega endurspeglar stigagjöf annarra æfinga.

Að prófi loknu fær stjórnandi hundsins svo heildarstig og einkunn eftir stigafjölda. Allir hundar sem ná einkunn í Hlýðni I og eru með viðurkennda einkunn í öllum æfingum fá afhent silfurmerki.

Mikilvægt er að stjórnandi hunds kynni sér vel reglur um hlýðni-próf HRFÍ sem finna má á heimasíðu HRFÍ (www.hrfi.is) og Vinnuhundadeildar (www.vinnuhundadeildin.weebly.com)



Félagsfundur 11. september 2013 kl. 20:00 í D-sal í Gerðubergi

Úr lögum HRFÍ:

III. Félagssundir

7. Félagssundur HRFÍ hafa æðsta vald í málefnum félagsins.

Aukafundi skal halda:

- Ef endurskoðendur kjörnir á aðalfundi fara fram á það.
- Ef meira en 1/10 hluti félagsmanna óska þess.
- Ef stjórn HRFÍ telur sérstaka ástæðu til þess.

Stjórn Hundaræktarfélagsins telur sérstaka ástæðu til þess að bera undir félagsmenn tvö stór málefni sem eru á borði stjórnar HRFÍ.

Stjórn Hundaræktarfélags Íslands boðar því til auka félagsfundar þann 11. september 2013 kl. 20:00 í D-sal í Gerðubergi.

Dagskrá fundar:

- Samkomulag við Íslandsbanka um skuldamál RA ehf., dótturfélags HRFÍ, vegna skrifstofu- og félagsaðstöðu í húsnæði félagsins að Síðumúla 15
- Sámur, félagsblað Hundaræktarfélag Íslands

Heimssýningin 2013

Höfundur: Auður Sif Sigurgeirsdóttir

Heimssýningin 2013 var haldin í Búdapest í Ungverjalandi 16.-19. maí. Fjöldi gesta víðsvegar að úr heiminum heimsótti sýninguna dag hvern en þar gátu allir fundið eitthvað við sitt hæfi. Fjölmarginir sölubásar voru á gríðarlega stóru sýningarvæðinu sem auðvelt var að gleyma sér við að skoða. Ásamt ræktunardómum var keppt í hlýðni, hundafimi, fly-ball, hundadansi og fleiru.



Erna Sigríður Ómarsdóttir í heimsmeistarakeppni ungra sýnenda þar sem hún sýndi shetland sheepdog-tíkina, Kit Kat. Ljós. Yiannis Vlachos.

Mikill fjöldi hunda var skráður til leiks frá öllum heimshornum, þar á meðal einn frá Íslandi, siberian husky rakkinn, C.I.B. BLRCh UACH DKCh ISCh Destiny's Fox in Socks í eigu Ólafar Gyðu Risten. Knox, eins og hann er kallaður, var sendur til Rússlands í febrúar. Hann var sýndur í Evrópu og vann sér inn úkraínskan og hvít-rússneskan meistaratil en fyrir var hann danskur og íslenskur meistari. Ungverjar stóðu fyrir fleiri sýningum á meðan á heimssýningunni stóð og var Knox skráður á Budapest Grand Prix-sýninguna þar sem hann gerði sér lítið fyrir

og var valinn besti hundur tegundar en 84 siberian husky voru skráðir. Knox fékk sitt fjórða alþjóðlega meistarastig



Hilda Björk Friðriksdóttir tók þátt í keppni ungra sýnenda þrjá daga sýningarinnar og stóð sig vel. Ljós. Anna María Gunnarsdóttir.

á sýningunni og kláraði þar með alþjóðlega meistaratilinn. Á heimssýningunni var 201 siberian husky hundur skráður og náði Knox þeim frábæra árangri að verða í 2. sæti í meistaraflokki. Knox er nú staddur í Bandaríkjunum hjá ræktanda sínum en kemur aftur til Íslands von bráðar.

Erna Sigríður Ómarsdóttir, annar stigahæsti ungi sýnandi ársins 2012, var fulltrúi Íslands í lokakeppni ungra sýnenda sem fór fram á lokadegi sýningarinnar. Dómari keppinnar var Cate Elizabeth Cartledge frá Englandi sem margir Íslendingar kannast við en hún hefur dæmt hér á landi oftar en einu sinni. 32 lönd sendu fulltrúa í keppnina. Almenn keppni ungra sýnenda fór fram alla fjóra daga sýningarinnar þar sem dómarar völdu fjóra áfram í lokakeppnina hvern dag þannig að heildarfjöldi keppenda var 48.

Erna sýndi shetland sheepdog-tíkina, Kit Kat sem er frá hinni þekktu Grandgables-ræktun í Kanada. Fyrir um daginn fór fram forkeppni þar sem dómari dæmdi alla keppendur. Keppendur komu svo hver af öðrum inn í glæsilegan úrslitahringinn þar sem dómari valdi úr nokkra sýndur sem komust í úrslit. Það má með sanni segja að Erna stóð sig frábærlega og sýndi tíkina af mikilli kostgæfni. Hún komst ekki í verðlaunasæti en var Íslandi og HRFÍ til sóma. Naomi van Mourik frá Hollandi bar sigur úr bítum en hún sýndi hund af tegundinni american akita. Þess má geta að Naomi sigraði einnig í alþjóðlegri keppni ungra sýnenda á Crufts í mars síðastliðnum. Stórglæsilegur árangur hjá þessari hæfileikaríku stúlku.

Íslendingar áttu einnig fulltrúa í almenri keppni ungra sýnenda þar

sem öllum var fjálst að taka þátt. Hilda Björk Friðriksdóttir tók þátt þrjú daga sýningarinnar og fékk lánaða hunda frá hinum ýmsu ræktendum og sýnendum. Hún sýndi whippet, gordon setter og á lokadeginum sýndi hún strihærðan langhund sem hún fékk að láni frá Íslandsvininum, Hugo Quevedo. Líkt og Erna stóð Hilda sig með mikilli prýði og er óhætt að segja að þátttakan í keppnunum hafi verið henni ómetanleg og dýrmæt reynsla.

Á lokadegi sýningarinnar voru úrslit sýningarinnar þar sem besti hundur sýningar var valinn. Besti hundur sýningar var að þessu sinni fulltrúi tegundahóps 1, old english sheepdog-rakkinn, Bottom Shaker My Secret. Támas Jakkel, formaður ungverska hundaræktarfélagins, fékk þann heiður að dæma úrslit um besta hund sýningar en þess má geta að Támas dæmði á Íslandi fyrir nokkrum árum síðan.



Siberian husky rakkinn, C.I.B. BLRCh UACH DKCh ISCh Destiny's Fox in Socks í eigu Ólafar Gyðu Risten var eini hundurinn skráður á Íslandi sem var sýndur á heimssýningunni. Hann náði þeim frábæra árangri að verða besti hundur tegundar á Budapest Grand Prix-sýningunni og varð í 2. sæti í meistara-flokki á heimssýningunni. Ljós. Ólöf Gyða Risten.



Besti hundur sýningar var hinn stórglæsilegi old english sheepdog-rakki, Bottom Shaker My Secret. Ljós. Yiannis Vlachos.

Shetland sheepdog

Höfundur: Lilja Dóra Halldórsdóttir

Shetland sheepdog eru sérlega fallegir og duglegir fjölskylduhundar af smávöxnu fjárhundakyni. Staðall hundakynsins leggur áherslu á fullkomið jafnvægi, fegurð og hreyfingar sem skila hámarks yfirferð með lágmarks áreynslu. Sheltie er almennt heilbrigður og langlífur, vinnuglaður og auðþjálfaður. Hann tengist eiganda og fjölskyldu sterkum böndum, er oft fálátur við ókunnuga og lætur vita þegar gesti ber að garði.



C.I.B. ISCh Moorwood Caribbean Night Heiress (Dimma) og C.I.B. ISCh Request Northern Gun (Penni).

Uppruni

Saga og uppruni sheltie er óræðin. Kynið er kennt við Hjaltlandseyjar, hrjóstrugar og harðbýlar smáeyjar undan norðurströndum Skotlands en líklegt er talið að hundar hafi borist þangað í öndverðu með norrænum víkingum sem settust þar að um 920 e.Kr. Fornleifarannsóknir benda til þess að hundar frumbyggjanna hafi verið af spits-gerð, skyldir norska búhundinum og íslenska fjárhundinum.

Árið 1760 voru kindur fluttar út í eyjarnar frá Skotlandi og með þeim líklega fjárhundar sem algengir voru á þeim tíma og af tegundargerð sem þróadist síðan í rough- og border collie. Þessir fjárhundar blönduðust norrænu spitz-gerðinni og um 1820 herma heimildir að hundum eyjanna hafi svipað til þeirra fjárhunda sem almennt mátti finna hjá skoskum bændum þess tíma.

Um aldamótin 1900 keyptu nokkrir yfirmenn í breska sjóhernum smávaxna, loðna hvolpa af hundapringara í Lerwick á Hjaltlandseyjum og færðu fjölskyldum sínum í Englandi sem „Hjaltlandseyjahunda“. Vitað er að hundapringarinn átti smáhunda af papillon og pomeranian gerð og nokkuð öruggt er talið að hann hafi ræktað þessa hunda og jafnvel king charles spaniel hunda saman við fjárhunda úr eyjunum til að ná fram smágerðari, loðnari og söluvænni hvolpum. Hundarnir vöktu athygli í Englandi og fjölgaði.

Árið 1908 voru fyrstu Hjaltlandseyjahundarnir sýndir á hundasýn-



C.I.B. ISCh Moorwood Follow the Fashion (Viska) á flejgiferð í hundafimbraut.



Shetland sheepdog-hundar á öllum aldri á tröppunum hjá Guðrínu Th. Guðmundsdóttur á Selfossi.

ingu í Skotlandi. Þeim var lýst sem „blendingslegum, lítið hærri en 20 cm“. Breska hundaræktarfélagið viðurkendi tegundina árið 1914, sem er í raun með ólíkindum þar sem tegundagerðin var alls ekki fastmótuð og stofninn lítill, sundurleitur og blendingslegur. Myndir af sheltie frá þessum tíma sýna litla svarta og hvíta eða svarta og tan hunda sem gætu verið blendingar af cavalier og border collie í dag.

Áhugamenn um kynið á þessum tíma skiptust í tvennt um hvert þeir vildu stefna í ræktun, annar hluti vildi leggja áherslu á skoska fjárhundsupprunann en hinn vildi gera kynið að „mini-collie“. Þeir síðarnefndu urðu ofan á og næstu 20 árin voru hundarnir skyldleikaræktaðir mjög þétt við smávaxna rough-collie hunda til að ná fram æskilegu útliti. Fyrsti breski sýningameistarinn var krýndur árið 1915, rakki að nafni Woodvold. Móðir hans var smávaxin rough-collie tók kölluð Greta.

Útlit

Sheltie er smávaxinn, sérlega fallegur síðhærður fjárhundur. Líkamsbygging

hans er í miklu jafnvægi og eitt einkenni kynsins eru léttar og að því er virðist, áreynslulausar hreyfingarnar. Svipur og höfuðgerð eru mikilvæg, höfuðið er fremur langt og fleig-laga (þrengra horn en þríhyrningur), kúpa og trýni jafn löng og mynda samhliða beinar línur, séð frá hlið, sem skipt er í miðju í ákveðnu „stoppi“. Ljúfur svipur kemur ekki síst frá möndlulaga og nokkuð skásettum augum og eyrun eru borin hátt með þriðjung brotinn niður.

Leyfilegir litir eru sable (gulbrúnn), þrílitur (svartur og tan) og blár (grámerlaður og tan), allir með hvítu. Sjaldgæfari, en einnig leyfilegir, eru svartur og hvítur og blár og hvítur, án tanmerkja. Feldurinn er tvöfaldur og þykkur, fremur síður og makkamikill, sérstaklega á rökkunum. Sheltie þarf almennt litla feldhirðu nema í árstíðabundnu feldlosi. Augu eru dökk en geta verið blá eða blá-flekrótt í bláum hundum.

Eiginleikar

Vinsældir sheltie sem heimilishunds stafa ekki síst af ljúfri skapgerð hans og hversu auðþjálfður hann er. Hinn dæmigerði sheltie er einstaklega hendur að fjölskyldu sinni, er forvitinn, duglegur og harðger, fljótur að læra og lítt gefinn að ókunnugum. Margir eru með ágætis smalæðli þótt ekki séu gerðar kröfur um vinnuedli í markmiði og flestir eru þökkalegir varðhundar sem láta vita þegar ókunnuga ber að garði.

Þótt smæðin og skapgerðin geri sheltie einstaklega meðfærilegan á athafnasamt líf með útivist og verkefnum mun betur við hann en líf kjölturakkans. Nákvæmnisvinna eins og keppnishlýðni og hundafimi er skemmtilegt sport með sheltie og hann er kjörinn ferðafélagi í göngu- og fjallaferðir. Fyrst og fremst vill hann þó vera með eiganda og fjölskyldu og snattast með í öllum þeirra daglegu verkefnum. Sheltie lyndir almennt vel við önnur dýr.



ISCh Midnight Sun (Sunna). Ræktandi Elínborg Birna Sturlaugsdóttir, eigandi Róbert Daniel Jónsson. Róbert tók myndina en hann er einmitt með ljósmyndasýningu á Blönduósi þessa dagana. Myndin er tekin í Vatnsdalshólum.

Sheltie-ræktun

73 hundar hafa verið skráðir í bækur HRFÍ frá árinu 1993, þar af 18 innfluttir. Stofninn telur 56 hunda í dag. Ræktun í svo smáum stofni er áskorun, sheltie-tíkur eignast að jafnaði fáa hvolpa og þótt þeir komist á legg er allt eins líklegt að þeir séu ekki heppilegir til áframhaldandi ræktunar. Það er ekki síst stærðin sem erfitt er að hafa stjórn á en fjölbreyttir forfeður eiga til að skjóta upp kalli í genahappdrættinu og í einu goti geta komið stórir,



Ísól Róbertsdóttir með tvo bláa sheltie-hvolpa, þau Isadoru og Klaka.

collie-líkir hvolpar og smágerðir, toy-líkir hvolpar, þótt foreldrar séu af dæmigerðri tegundargerð langt aftur í ættir.

Merkjanlegur munur er á evrópsku tegundargerðinni og þeirri bandarísku en bandaríski staðallinn lýsir þyngra, kröftugra og kantaðra höfði sem þykir lítil prýði á FCI-sýningum. Amerísku hundarnir hafa þó aðra góða eiginleika sem mörgum evrópskum ræktendum hafa þótt eftisóknarverðir, svo töluverð innblöndun á amerískum hundum er um þessar mundir í evrópskar línur.

Hundarnir á Íslandi koma úr sænskum, áströlskum og kanadískum línunum. Þeir hafa verið mjög sigursælir á hundasýningum félagsins, 14 eru íslenskir sýningameistarar og níu alþjóðlegir meistarar. Langvinsælasti liturinn er sable, sá gulbrúni, en 70% sheltie bera þann lit. Sheltie er almennt langlífur og heilbrigður hundur og kynið er ekki hrjád af arfgengum sjúkdómum. Augnskoða þarf ræktunardýr.

Lilja Dóra Halldórsdóttir
Tengiliður fyrir shetland sheepdog

Sigurbjörg Vignisdóttir Himnaræktun

Höfundur: Inga Björk Gunnarsdóttir

Sigurbjörg Vignisdóttir er næsti viðmælandi minn sem „hunda-ræktandinn“. Henni hefur gengið mjög vel á sýningum HRFÍ með chihuahua-hundana sína. Sigurbjörg hefur ræktað nokkra íslenska og alþjóðlega meistara og hundar í hennar eigu og ræktaðir af henni hafa verið stigahæstu chihuahua-hundar ársins 2008, 2009, 2011 og 2012. Ræktunarhópar hennar, bæði í snögghærðum og síðhærðum, hafa alltaf fengið heiðursverðlaun og staðið sig vel í úrslitum.

Hvenær og hvernig vaknaði áhugi þinn á hundum og hundaræktun og af hverju heillast þú af þinni tegund?

Áhugi minn vaknaði fyrir 17 árum þegar ég leigði Hundabókina á bókasafninu og við dóttir mín saum þar myndir af minnstu hundategund í heimi og linnti ég ekki látum fyrr en ég fékk hana Birtu mína þremur árum síðar.

Það er fyrst og fremst karakterinn í chihuahua sem heillar mig sem og þrautseigja þeirra – það er ekkert sem þeir geta ekki!

Hverjir hafa haft mest áhrif á þig og aðstoðað þig mest í hundaræktuninni?

Ræktun byggist á samvinnu margra góðra einstaklinga, í mínu tilfalli hef ég verið einstaklega heppin með fólki bæði hér innanlands og utanlands. Þær sem hafa gert þetta mögulegt eru systir mín, Elínborg og vinkonur mínar, Merja Kahelin og Ásta María Karlsdóttir. Einnig hefur maðurinn minn sýnt þessu áhugamáli mínu endalausa þolinmæði.



Sigurbjörg Vignisdóttir með tvo af hundum sínum.

Á hvað leggur þú mesta áherslu í ræktuninni?

Heilsufar, karakter og týpu. Mér finnst einnig mjög mikilvægt að undirbúa hvolpana mína vel fyrir hinn stóra heim og legg ég því mikla áherslu á umhverfisþjálfun þeirra.

Hvaða einkenni hefur þér fundist erfiðast að rækta í tegundinni?

Mér finnst góðum frampörtum vera ábótavant í tegundinni, þá á ég aðallega við framstæðar axlir og stutta hálsa. Þetta hefur verið það sem hefur reynst mér erfiðast í gegnum tíðina.



Himna Sól hefur verið stigahæsti loðni chihuahua árin 2011 og 2012 ásamt að vera stigahæsti öldungur bæði árin!

Hvað hefur þú ræktað marga íslenska og alþjóðlega meistara?

Ég hef ræktað fimm íslenska meistara og tvo alþjóðlega. Þrír hundar eiga aðeins eitt CACIB eftir til að verða alþjóðlegir meistara. Einn hundur frá mér flutti ásamt íslenskum eiganda sínum erlendis og er hann með 6 meistaratitla. Einnig hafa ungir Himna-hundar verið sigursælir á sýningum undanfarið ár.

Hvaða hundur eða hundar úr þinni ræktun finnst þér bera af öðrum?

Það er öldungurinn minn hún C.I.B. ISCh RW-13 Himna Sól, 10 og ½ árs. Þessi tik kemur mér sífellt á óvart. Hún hefur gert það gott á sýningum allan sinn feril en toppað sig eftir að hún varð öldungur. Hún var stigahæsti síðhærði chihuahua ársins 2011 og 2012.

Hvaða hundur eða hundar hafa, að þínu áliti, haft mest áhrif á stofninn hér á Íslandi?

Að mínu mati hefur enginn einn hundur haft áhrif á stofninn hér, hver hundur sem hefur verið notaður í ræktun hefur áhrif á stofninn, sumir misheppilegir því fólk gleymir að horfa til lengri tíma.

Eftir hverju ferðu aðallega þegar þú ákveður að para saman hund og tik? Skipta ættirnar mestu máli, útlit hundanna, heilbrigði, geðslag eða...?



Sigurbjörg og vinkona hennar og hjálparhella, Ásta María Karlsdóttir.

Allt þetta skipir mig máli, ættir, útlit, heilbrigði og geðslag. Allt þetta verður að vera til staðar.

Hvernig velur þú hvorp til áframhaldandi ræktunar?

Að hann hafi það til brunns að bera sem ég er að sækjast eftir með þeirri þörun hverju sinni.

Hefur þú lent í einhverjum leiðingulegum atburðum með got? Ef svo er - hvernig tókstu á við það?

Ég hef verið afar óheppin í gegnum tíðina. Til dæmis hef ég misst tíkur ásamt hvorpum í gotum. Ég hef einnig lent í því að fá hvorp með skarð í vör.

Ég hef haft svo góðan stuðning frá vinum og fjölskyldu sem hjálpaði mér að takast á við þessi áföll en ég væri að ljúga ef ég segdist ekki hafa fengið þá hugsun í kollinn að hætta þessu bara!

Áttu einhver góð ráð til annarra ræktenda?

Munið að hafa hag tegundarinnar að leiðarljósi og varist „kennelblindu“ sem vill því miður allt of oft eiga sér stað! Hvernig getur maður bætt stofninn ef

maður sér ekki gallana í sínum eigin hundum?

Hvernig hefur þér tekist að samræma hundahaldið daglegu lífi í þéttbýlinu?

Það hefur gengið vel en ég verð að viðurkenna að ég fer í afar fáar taumgöngur innan borgarmarkanna. Mesta hreyfingin byggist á lausagöngum og útiveru upp í sumarbústað.

Finnst þér ríkja í þéttbýlinu skilningur og umburðarlyndi gagnvart þeim sem eiga nokkra hunda og þeim sem rækta hunda?

Nei, mér finnst fólk verða hneykslað þegar það kemst að því að maður á fleiri en tvo hunda. Eins finnst mér lítil virðing vera borin fyrir smáhundum, fólk er fljótara að uppnefna, áreita og gelta á hundinn. Ég efast um að sömu viðbrögð yrðu sýnd ef um stærri hund væri að ræða.

Ertu ánægð með þróun ræktunar á þinni tegund eða finnst þér að ræktendur mættu huga betur að einhverjum atriðum varðandi hana?

Mér finnst að ræktendur verði að hafa í huga að missa ekki niður týpuna. Í ræktunarmarkmiði segir að þetta eigi að vera vökull, þéttvaxinn hundur með eplalagð höfuð. Gott væri að hafa í huga að leggja meiri áherslu á byggingu en höfuð, því hægt er að fá gott höfuð með einni kynslóð en byggingin krefst vinnu, þolinmæði og meiri tíma.



Fjórir ætliðir í beinan kvenlegg.



Besti hundur sýningar, Philfort Olga for Himna 11 mánaða.

Áttu einhverjar óuppfylltar óskir um framtíð ræktunar þinnar eða tegundarinnar í heild?

Ég er búin að reyna að gera mitt besta fyrir tegundina og árangurinn er meiri en mig hefði órað fyrir!

Er eitthvað sem þú myndir vilja hafa gert öðruvísi þegar þú lítur til baka? Hefur þú á einhvern hátt breyst frá því þú byrjaðir að rækta hunda?

Hefði ég verið með þá kunnáttu sem ég hef í dag á þeim tíma sem ég byrjaði að flytja inn hunda þá hefði ég gert margt öðruvísi en þá. En þrátt fyrir þessa miklu reynslu og öll þessi ár í ræktun er ég ennþá alltaf að læra eitthvað nýtt og ég vona að það verði þannig alla mína tíð.

Áherslur mínar í ræktun hafa breyst mikið síðan ég byrjaði. Ég er orðin mun öruggari með það sem ég er að sækjast eftir. Ég er alltaf með ákveðna týpu í huga þegar kemur að því sem ég vil rækta.

Að lokum, hvernig myndir þú vilja að fólk minntist þín sem hundaræktanda?

Eftir árangri og gjörðum.

Ungur sýnandi í Svíþjóð Pernilla Fux Lindström

Höfundur: Erna Sigríður Ómarsdóttir

Pernilla Fux Lindström er 17 ára ungur sýnandi í Svíþjóð. Hún býr í litlum bæ sem heitir Lamnhult sem er í Suður-Svíþjóð. Pernilla hefur verið í kringum hunda síðan hún fæddist og hefur átt fimm saluki-hunda og einn whippet. Núna á hún engan hund en hefur haft australian shepherd-tíkina, Oliviu, sem hún sýnir stundum í ungum sýnendum, hjá sér þegar hún getur. Hún sigraði í sænsku lokakeppninni árið 2011 og varð í 2. sæti 2012. Hún keppti einnig fyrir hönd Svíþjóðar í alþjóðlegri keppni ungra sýnenda á Crufts 2012 og náði þeim frábæra árangri að verða í 2. sæti þar.

Hver eru aðal áhugamálin þín?

Mér finnst æðislegt að fara í skólann en þar er ég að læra hóteltjórnum og ferðaþjónustu, vera með vinum og fara á hundasýningar!

Hvenær fórst þú á þína fyrstu hundasýningu?

Ég hef farið á hundasýningar síðan ég fæddist.

Af hverju hefur þú áhuga á ungum sýnendum og hvers vegna byrjaðir þú að sýna?

Frá upphafi langaði mig að gera eitthvað sjálf, eitthvað krefjandi en ekki bara bursta eyrun á saluki-hundunum og horfa á pabba sýna þá. Þannig að ég byrjaði á að vera með í „börn með hunda“ (s. barn och hund) og ég vann fyrstu keppnina svo ég held að það hafi byrjað þar. Eftir einhver ár varð ég svo 11 ára og vildi gera eitthvað meira krefjandi svo amma mín skráði mig í keppni ungra sýnenda og mér fannst það mjög gaman. Ég fékk innblástur frá öðrum ungum sýnendum



Pernilla og saluki-tíkin, Coco unnu sænsku lokakeppnina í ungum sýnendum árið 2011. Ljós. Melinda Martínez.



Pernilla varð í 2. sæti í alþjóðlegri keppni ungra sýnenda á Crufts 2012. Ljós. Rebecca Johansson.

og langaði að verða eins góð og þau og ég vildi kynnast krökkum með sama áhugamál og ég.

Hvernig æfir þú þig fyrir keppnirnar?

Þar sem ég á ekki minn eigin hund þá æfi ég mig sjálf með því að þjálfra og hlaupa án hunds. Ég horfi á myndbönd af öðrum sýnendum og einnig af mér sýna til að sjá hvað ég get bætt, einnig skoða ég myndir. Ég les tegundarstaðlana og beinabyggingu fyrir keppnir og ég sýni ekki sama hundinn í öllum keppnum.

Hvað tekur þú þátt í mörgum ungra sýnenda keppnum á ári?

Ég er ekki viss. Hér eru mun fleiri sýningar á ári heldur en á Íslandi. En ég held að ef ég tel með sýningarnar sem ég fer á, sem eru ekki í Svíþjóð, þá eru þær um 20.

Hvernig er þetta í Svíþjóð; hvernig færðu þátttökurétt í lokakeppnina í Svíþjóð og hvernig er valið í landsliðið fyrir Nordic Winner keppnina?

Til að hafa þátttökurétt í sænsku lokakeppnina þarftu að vera með sænskan ríkisborgararétt. Þú þarft að verða í 1. eða 2. sæti í keppnum á alþjóðlegu sýningunum í Svíþjóð. Ef þeir sem eru í 1. og 2. sæti hafa öðlast þátttökurétt þá fá þeir sem eru í 3. og 4. sæti réttinn. Varðandi Nordic winner þá eru það fjórir stigahæstu ungu sýnendurnir sem skipa sænska landsliðið. Þegar stigin eru tekin saman eru einungis fimm hæstu stigin þín reiknuð inn í.

Þarftu að ferðast mikið innan Svíþjóðar til að sýna?

Já, þar sem við búum í Suður-Svíþjóð og flestar sýningar eru fyrir norðan þá tek ég lestina á allar sýningar og það er dýrt. Ég borga þetta sjálf þar sem ég er að gera þetta því mig langar það og þetta er eitthvað sem ég geri fyrir mig.

Hvaða tegund er í uppáhaldi að sýna?

Saluki! Engin spurning um það. Þeir eru eins og ég, hugsa eins og ég, láta eins og ég!

Hefur þú keppt í mörgum löndum í flokki ungra sýnenda?

Já, ég hef keppt í Svíþjóð, Finnlandi, Danmörku, Þýskalandi, Póllandi, Englandi og Austurríki og mun í ár keppa í Sviss og Ungverjalandi.

Hver er draumategundin þín og af hverju?

Saluki. Ég er mjóhundamanneskja. Þeir eru rólegir og saklausir eins og ég, mjög tignarlegir, gáfaðir og fyndnir hundar!

Hvað er það sem þér finnst best við hunda?

Hundar eru bestu vinir sem þú getur óskað þér. Þeir eru alltaf til staðar fyrir þig og fara aldrei. Þú getur gert svo margt með þeim og kynnst nýju fólki með þeim í gegnum hundasýningar og hundafimi, til dæmis.



Pernilla með Coco í sænsku lokakeppninni árið 2012 þar sem hún varð í 2. sæti. Ljósmynd. Ebba Leijon.

Hvaða framtíðaráform hefurðu eftir unga sýnendur?

Árið 2015 þegar ég klára menntaskóla ætla ég til Bandaríkjanna og læra meira um „professional handling“. Það er draumur sem mig hefur alltaf langað að láta rætast. Ég mun líka vonandi, árið 2014, fá ökuskírteinið mitt og sýna hunda í öðrum löndum.

Hvað er besta augnablik lífs þíns í sýningarhringnum?

Ég held ég verði að segja á Crufts þegar ég varð í 2. sæti. Það var mikill heiður að fá að vera fulltrúi Svíþjóðar og ganga svona vel. Ég er svo þakklát fyrir það tækifæri. Ég kynntist fullt af æðislegu fólki og tilfinningin þegar dómariinn valdi mig í annað sætið... vá...ég get ekki lýst henni!

Einhver lokaorð?

Ég vil þakka Ernu og Theodóru fyrir að bjóða mér í þetta viðtal. Ég vona að ég geti einhvern tímann í framtíðinni komið á íslenska sýningu, það væri æðislegt. Ég vil líka segja, sem lokaorð, við alla í ungum sýnendum: Leyndarmálið að hamingju er að gera það sem þér finnst gaman. Leyndarmálið að árangri er að hafa gaman af því sem þú ert að gera. Hættu aldrei að hafa trú á sjálfri/sjálfum þér!

PLATINUM UPPFYLLIR HÆSTU KRÖFUR UM NÁTTÚRULEGT HUNDAFÓÐUR.



PLATINUM
Náttúrulegt hundafóður



HELSTU GÆÐI PLATINUM:

- ✧ Inniheldur 70% hreint kjöt
- ✧ Hágæðafóður
- ✧ Dýralæknar mæla með PLATINUM

Fáðu senda prufu þér að kostnaðarlausu. Hundurinn þinn mun elska það.

Upplýsingar og pantanir:

☎ 862 69 69 eða 899 65 55

www.platinum.is

Þórdís María Hafsteinsdóttir

Dómari á opinni sýningu í Englandi

Höfundur: Guðrún Margrét Baldursdóttir

Það hefur ekki farið fram hjá þeim er sækja sýningar HRFÍ að töluvert margir íslenskir dómáranemar eru nú að störfum í dómhringjunum, þar sem þeir vinna að því að afla sér réttinda samkvæmt reglum FCI til að dæma einstakar hundategundir og veita meistarastig. Það dómáranám sem ákveðið var að bjóða upp á hér hefur mælst vel fyrir og mun væntanlega bæta úr mikilli þörf fyrir nýliðun íslenskra dómara. Það eru hins vegar ekki eingöngu þessir iðnu nemar sem leggja land undir fót til að sinna hundadómstörfum. Sáumur frétti af íslenskum hundaræktanda sem var boðið að dæma á sýningu í Bretlandi nú í nóvember síðastliðnum. Þetta þótti nokkuð forvitnilegt svo ákveðið var að athuga málið betur.



Þórdís María ásamt sigurvegurum í enskum cocker spaniel.

Þórdís María Hafsteinsdóttir heitir konan sem fékk þetta frábæra tækifæri og hefur hún átt og ræktað hunda af tegundum siberian husky og enskur cocker spaniel undir ræktunarnafninu Leirdals. Samkvæmt frásögn hennar var það í raun röð tilviljana sem réði því að árið 2012 hittu hún hjón úti í Bretlandi sem bæði eru stjórnarmenn hjá *Liverpool Kennel Association*. Þau hafi orðið áhugasöm um að fá hana til að koma og dæma hjá félaginu og hafi henni loks verið boðið að koma og dæma þrjár tegundir á *opinni sýningu*, sem var haldin 10. nóvember síðastliðinn. Tegundirnar voru siberian

husky, amerískur cocker spaniel og enskur cocker spaniel. Þórdís María kveðst hafa orðið mjög spennt fyrir þessu boði og ekki hafi komið annað til greina en að þiggja það.

Sýningin, sem var opin sýning eins og áður sagði, var opin öllum tegundum (e. all breed show) og fór fram í *Sutton Community Leisure Center* í Liverpool. Á sýninguna voru skráðir 257 hundar og var öll umgjörð hennar til fyrirmyndar að sögn Þórdísar. Fjöldi hunda í tegund var nokkuð mismunandi og voru skráðir til dóms hjá henni sjö siberian husky hundar, fjórir amerískir cockerar og 22 enskir cocker spaniel hundar. Þórdís

segist hafa hlakkað til að takast á við þetta verkefni en segir frá því að þegar sýningin var að byrja hafi hún skyndilega orðið svo taugaóstyrk að henni hafi legið við yfirlíði, enda var þetta frumraun hennar sem dómari og var henni þarna hent beint út í djúpu laugina ef svo má segja. Ekki dugði þó annað en að herða upp hugann og Þórdís hóf dómárestörfin án nokkurra skakkafalla.

Sýningin var með nokkuð öðru sniði en við erum vön en opnar sýningar bjóða jafnan upp á meiri sveigjanleika í formi og framkvæmd en hefðbundnar sýningar. Skipt var í flokka eftir aldri en ekki eftir kynjum. Dómárinna raðaði síðan hundum í efstu sæti innan hvers aldursflokks óháð því hvort um rakka eða tík var að ræða og að lokum kepptu þeir hundar sín á milli sem lent höfðu í fyrsta sæti í sínum flokki. Í lokin stóð sigurvegarinn eftir sem BOB, eða besti hundur tegundar, og einnig var valinn besti hvolpur tegundar. Bestu hundar í tegund kepptu síðan í tegundahópum og loks í úrslitum um besta hund sýningar, eins og við eigum að venjast.

Í siberian husky segist Þórdís hafa séð fljótt hvaða hunda hún teldi samræmast best tegundarlýsingunni. Síðar hafi komið í ljós að besti hvolpur og BOB voru alsystur úr tveimur gotum. Aðrir huskyar segir Þórdís að hafi verið af allt annarri tegundargerð en þeirri sem við eigum að venjast hér; mjög háfættir og grannir. Tíkin sem varð BOB hafi síðan sigræð í *Working dog* tegundarhóp og endað með því að verða annar besti hundur sýningar, svo að hún hafi verið mjög ánægð með þetta val sitt.

Aðspurð neitar Þórdís að hafa verið eitthvað sérstaklega taugaóstyrk yfir því að dæma enska cockerinn, sem er

jú bresk tegund og afar vinsæl í heimalandinu. Hún segist hafa fundið, eftir taugatitringinn í upphafi dags, að þetta væri eitthvað sem hún treysti sér til að gera. Hún hafi verið búin að liggja yfir tegundarlýsingunum fyrir sýninguna og það hafi í raun verið ótrúlega skemmtileg upplifun að sökkva sér niður í að skoða alla þá fallegu hunda sem komið var með í dóm í enskum cocker; hún hafi „bara dottið í rétta girinn“. Gæðin hafi verið mikil og jöfn og mikið hafi verið lagt upp úr því að hafa hundana hreina og vel snyrta. Það sama hafi átt við um amerísku cocker spaniel hundana. Hundarnir hafi verið almennt í mjög góðu formi og greinilegt að fólk lagði á sig mikla vinnu við að sinna þessu áhugamáli sem best.

Þórdís segir að andinn á sýningunni hafi verið einstaklega notalegur og allt skipulag til fyrirmyndar. Greinilegt hafi verið að fólk var komið á sýninguna til að sýna sig og sjá aðra; spjalla og eiga góðan dag með öðru hundafólki. Eftirtektarvert hafi verið hvað hundarnir hafi almennt verið rólegir og þægir. Þeir hafi greinilega verið

mjög vel umhverfisþjálfaðir og vanir því að vera á sýningum innan um aðra hunda. Eftir að sýningunni lauk hafi botninn verið sleginn í daginn með kvöldverði sem stjórn *Liverpool Kennel Association* hafi boðið dómurum til.

Þórdís María segir að þetta hafi verið alveg ótrúlega skemmtileg lífsreynsla. Henni hafi þótt mikill heiður að vera trúað fyrir þessu verkefni og ferðin hafi verið hin ánægjulegasta í alla staði. Hún bendir á að opnar sýningar séu góður vettvangur fyrir hundafólk sem áhuga hafi á sýningum. Það hafi verið greini-

legt á sýningunni sem hún dæmdi á að stressið hafi verið miklu minna en á hefðbundinni meistarasýningu. Þótt það sé spennandi og skemmtilegt að keppa um stigin sé líka gaman að vera með afslappaðri sýningar þar sem ekki er jafn mikið í húfi og formið er sveigjanlegra.

Sáumur er vissulega sammála þessum lokaorðum Þórdísar og gerir þau að sínum um leið og hann vonast til að fjölgun verði á opnum sýningum og öðrum skemmtilegum uppákomum innan félagsins okkar á komandi ári.

Ritstjóri og ritnefnd Sáms þakka af alhug eftirtarandi aðilum fyrir greinaskrif, viðtöl og ljósmyndir í blaðinu:

Önnu Maríu Gunnarsdóttur, Auði Valgeirsdóttur, Ágústi Ágústssyni, Birnu Willardsdóttur, Ebbu Lejion, Elmu Cates, Ernu Sigríði Ómarsdóttur, Fríði Esther Pétursdóttur, Guðbjörgu Guðmundsdóttur, Guðrúnu Th. Guðmundsdóttur, Juha Cares, Dr. Karen Becker, Lilju Dóru Halldórsdóttur, Melindu Martinez, Ólöfu Gyðu Risten, Pernillu Fux Lindström, Rebeccu Johanson, Róberti Daníel Jónssyni, Rut Hallgrímsdóttur, Sigurbjörgu Vignisdóttur, Stefaníu Sigurðardóttur, Unglingadeild HRFÍ, Vinnuhundadeild HRFÍ, Þórdísi Hafsteinsdóttur og Yiannis Vlachos.

Josera.

JOSERA
GÆÐI
ÖRYGGI

Umboðsaðili Josera á Íslandi er:

LANDSTÓLPI

Gunnbjarnarholti, 801 Selfoss
480 5600 - landstolpi.is

An lítar-, bragð- og rotvarnarefna

Útsöluastaðir: Landstólpi, Gunnbjarnarholti - Landstólpi, Egilsstöðum
Vélaval, Varmahlíð - Fákasport, Akureyri - Netverslun: hundaverold.com



Frá Hundaræktarfélagi Íslands

www.hrfi.is  hrfi@hrfi.is

Opnunartími skrifstofu er sem hér segir: Mánudag til föstudags frá kl.10.00–15.00

Áður en hundur er augnskoðaður, mjaðma- og/eða olnbogamyndaður skal hann örmerktur. Auk þess skulu hundar sem taka þátt í viðburðum á vegum félagsins, t.d. sýningum, veiði, hlýðni og sporaprófum svo og skapgerðarmati, einnig vera örmerktir. Þetta ákvæði gildir fyrir alla hunda, óháð fæðingardegi. Sé þessi regla ekki uppfyllt, hefur hundurinn ekki rétt til þátttöku.

Mjaðma- og/eða olnbogamyndir er núna hægt að senda til aflestrar til SKK (sænska hundaræktarfélagins). SKK lofar niðurstöðu innan 10 daga frá því að myndir berast þeim. Dýralæknar sjá um að senda myndirnar til SKK en greitt er fyrir aflesturinn á skrifstofu HRFÍ. Sjá nánari upplýsingar á vefsíðu félagsins, www.hrfi.is.

Að gefnu tilefni telur stjórn HRFÍ áriðandi að ítreka það að ræktendur noti ekki til undaneldis þá hunda sem uppfylla ekki þau heilsufarspróf (t.d. augnskoðun, mjaðmamyndun og/eða olnbogamyndir) sem gilda fyrir tegundina.

Á skrifstofu félagsins eru ýmsar vörur til sölu, t.d. peysur, bolir, barmmerki, rósettur og hundamöppur og bendum við sérstaklega á nýjar gerðir af rósettum en núna er hægt að kaupa rósettu fyrir 1.sæti, meistaraefni, heiðursverðlaun, besta hvolp tegundar og besta öldung tegundar.

Þeir sem hafa áhuga á að starfa að sýningum félagsins eru beðnir um að setja sig í samband við skrifstofu. Alltaf

er þörf á góðu fólki sem tilbúið er að leggja hönd á plóg við uppbyggingu á starfsemi félagsins.

Boðið er upp á sýningarþjálfun í umsjón ræktunardeilda og Unglingadeildar fyrir sýningar Hundaræktarfélagins. Nánar auglýst á vefsíðunni.

Til að tryggja að innfluttir hundar komist á sýningu þurfa gögn þess efnis, þ.e. frumrit ættbókarskírteinis, staðfesting á eiganda hunds og staðfesting á veru hundsins í einangrunarstöð að hafa borist skrifstofu tveimur vikum fyrir síðasta skráningardag. Það sama gildir um skráningu gota.

Augnskoðun hunda með ættbók frá HRFÍ er fyrir virka félagsmenn. Hundaeigendur, sem ekki eru félagsmenn í HRFÍ, en með hunda í ættbók HRFÍ, geta skráð sig í augnskoðun gegn herra gjaldi. Hundar virkra félagsmanna ganga fyrir í augnskoðun. Vegna smithættu hvolpa er eigendum nýgotinna tíka vinsamlegast bent á að koma ekki með þær í augnskoðun. Augnskoðun hunda er ekki endurgreidd nema viðkomandi boði forföll tímanlega.

Vinsamlegast tilkynnið til skrifstofu félagsins breytingar á heimilisfangi, símanúmeri, póst- og netfangi og einnig ef ættbókarfærður hundur í ykkar eigu deyr.

Á döfinni

Alþjóðleg hundasýning 7.– 8. september 2013 – Klettagörðum 6 Reykjavík.

Skráningarfrestur rann út föstudaginn 9. ágúst. Dómarar: Hans Van den Berg (Holland), Agnes Ganami (Ísrael), Eeva

Rautala (Finnland), Laurent Pichard (Sviss), Frank Kane (Bretland) og Svein Helgesen (Noregur).

Alþjóðleg hundasýning 16.–17. nóvember 2013 – Staðsetning auglýst síðar. Skráningarfrestur rennur út föstudaginn 18. október. Dómarar: Paula Heikkinen-Lehkonen (Finnland), Harri Lehkonen (Finnland), Seamus Otes (Írland), Gerard Jipling (Holland), Tatjana Urek (Slóvenía) og Ásta María Guðbergsdóttir (Ísland).

Alþjóðleg hundasýning 22.–23. febrúar 2014 – Staðsetning auglýst síðar. Skráningarfrestur rennur út föstudaginn 24. janúar

Dómarar: Arne Foss (Noregur), Francesco Cochetti (Ítalía), Kurt Nilson (Svíþjóð), Benny Blid (Svíþjóð) o.fl.

Hundaskóli HRFÍ býður upp á fjölbreytt námskeið fyrir hundeigendur. Hundanámskeið eru í fullum gangi og eru opin öllum hundum. Skráning og upplýsingar eru á vefsíðu HRFÍ.

Vinnupróf og æfingar á vegum Vinnuhundadeildar er auglýst á vefsíðu deildarinnar.

Veiðipróf fyrir retrieverhunda og standandi fuglahunda eru auglýst á vefsíðum deildanna.

Augnskoðun verður næst 16.–17. nóvember í tengslum við hundasýninguna, staðsetning auglýst síðar. Tímantannir fara fram á skrifstofu. Gefa skal upp ættbókarnúmer hunds og ganga frá greiðslu um leið og hundur er skráður.

Skýrsla stjórnar Hundaræktarfélags Íslands starfsárið 2012–2013

Lesin upp á aðalfundi félagsins 29. maí 2013

Hér verður gerð grein fyrir margþætri starfsemi félagsins og þeim erindum sem stjórn hefur fjallað um á starfsárinu.

Aðalfundur 2012, stjórnar- og fulltrúaráðsfundur

Aðalfundur Hundaræktarfélags Íslands var haldinn á Grand hóteli í Reykjavík þann 23. maí 2012. Mættir voru 89 félagsmenn í Reykjavík og 11 á Akureyri. Alls fengu 100 félagsmenn afhent kjörgögn.

Ólafur E. Jóhannsson og Delia Howser voru kjörin í stjórn og Guðmundur A. Guðmundsson í varastjórn. Stjórn er þannig skipuð:

Jóna Th. Viðarsdóttir, formaður

Björn Ólafsson, varaformaður

Delia Howser gjaldkeri

Ólafur E. Jóhannsson

Anna María Flygenring

Auður Sif Sigurgeirsdóttir og Guðmundur A. Guðmundsson í varastjórn

Stjórn hefur komið saman til fundar 13 sinnum á starfsárinu. Tveir fulltrúaráðsfundir voru haldnir á starfsárinu, 31. október 2012 og 10. apríl 2013.

Skrifstofa

Húsnæði félagsins er notað til ársfunda og almennra funda deilda, fulltrúaráðsfunda, fyrirlestra og bóklegar kennslu í Hundaskólanum. Valgerður Júlíusdóttir lét af störfum sem framkvæmdastjóri HRFÍ í árslok 2012. Friður Esther Pétursdóttir var ráðin framkvæmdastjóri í hennar stað 1. janúar 2013. Þrír starfsmenn eru á skrifstofu, þær Friður Esther Pétursdóttir, framkvæmdastjóri, Klara Á. Símonardóttir og Kristlaug Elín Gunnlaugsdóttir, sem kom aftur til starfa í apríl síðastliðinn eftir barnsburðarleyfi.

Opnunartíma skrifstofu var breytt 10. apríl síðastliðinn og er nú opið virka daga frá kl. 10:00 til 15:00.

Haustið 2012 unnu nemendur á námskeiðinu Gæðastjórnun á Verkfræði- og náttúruvísindasviði H.Í. gæðahandbók fyrir HRFÍ. Gæðahandbókin endurspeglar skuldbindingu HRFÍ til þess að viðhalda réttum gæðum og góðri þjónustu í því umhverfi sem félagið starfar. Tilgangur innleiðingar gæðastjórnunarkerfis samkvæmt ISO 9000 staðlinum er að bæta starfssemi HRFÍ þannig að félagið veiti góða þjónustu og uppfylli kröfur félagsmanna og auki traust þeirra á félaginu. Gæðastjórnunarkerfið er fyrir félagið, starfsfólk, stjórn og félagsmenn. Stefnan er að innleiða gæðastjórnunarkerfi í starfsemi félagsins. Bæði stjórn HRFÍ og nýr framkvæmdastjóri ætla að kynna sér málið betur til þess að það geti orðið.

Skráningur

Almennt er lítil breyting í skráningum í margþætri starfsemi félagsins milli ára. Ættbókarskráning hefur dregist saman um rúm 4% á milli ára og fjöldi gota um rúm 4%. Um 7% færri niðurstöður bástur úr mjaðma- og olnbogamyndum á milli ára. Augnskoðun hunda hefur dregist saman um tæp 10% og innfluttum hundum hefur fækkað um rúm 15%. FCI samþykktí 35 ræktunarnöfn á starfsárinu sem er tæplega 13% færri en árið á undan. Skráning á hundasýningar HRFÍ jókst tæplega um 1%. Aðeins ein deildarsýning var haldin á árinu 2012.

	2012	2011	frávik	%
Hvolpar	1147	1085	62	5,7
Got	255	245	10	4,1
Meistarastigssýningar (allar teg.)	1	1	0	0,0
Alþjóðlegar sýningar (allar teg.)	3	3	0	0,0
Deildarsýningar	1	11	-10	-90,9
Félagsmenn	2118	2235	-117	-5,2
Deildir	30	29	1	3,4
Skráðir hundar á árinu	1203	1155	48	4,2
Skráðir hundar alls frá upphafi ca	16463	15260	1203	7,9
Augnskoðaðir hundar	590	655	-65	-9,9
Sýndir hundar (allar sýn.)	2939	3640	-701	-19,3
Sýndir hundar (all breed sýningar)	2874	2850	24	0,8
Sýndir hundar (deildarsýningar)	65	790	-725	-91,8
Nýjar tegundir á árinu	2	1	1	100,0
Innfluttir hundar	56	66	-10	-15,2
HD (alls)	143	139	4	2,9
AD (alls)	66	73	-7	-9,6
HD (sent í gegnum HRFÍ)	80	131	-51	-38,9
AD (sent í gegnum HRFÍ)	46	66	-20	-30,3
Ræktunarnöfn	35	40	-5	-12,5
Vinnuþróf & skapgerðarmat	76	85	-9	-10,6
Veidipróf teg.hópur 7 & 8	409	235	174	74,0

Augnskoðanir

Fjórar augnskoðanir voru á starfsárinu, allar í Reykjavík og ein samtímis í mars á Akureyri. Um 620 hundar voru skoðaðir. Dönsku dýralæknarnir, Finn Boserup, Jens Knudsen og Susanna McIgaard Kaarsholm, sáu um augnskoðanir fyrir félagið. Ný augnvottorð voru tekin í gagnað í augnskoðuninni í nóvember.

Sámur

Útgáfumánuðir Sáms eru í apríl, ágúst og um mánaðamótin nóvember/desember. Auður Sif Sigurgeirsdóttir er ritstjóri Sáms og sér jafnframt um að prófarkalesa blaðið. Í sparnaðarskyni var broti Sáms breytt á síðasta ári. Blaðið var minnkað án þess það komi niður á innihaldi og gæðum.

Hundaskólinn

Hundaskólinn hefur haldið námskeið í bílagæmslu í Firði í Hafnarfirði, í Keflavík og í ýmsum reiðskemum á stór-Reykjavíkursvæðinu. Einnig hefur kennsla farið fram utanhúss yfir sumartímann. Skólinn býður upp á hvolpa-, grunn- og hlýðninámskeið fyrir allar tegundir hunda, einnig er boðið upp á hundafími. Kennarar Hundaskólans eru sem fyrr þær Valgerður Júlíusdóttir og Sigríður Bíldal. Anna Birna Björnsdóttir kennir á hundafiminámskeiðum.

Skapgerðarmat

Í febrúar 2011 felldi stjórn HRFÍ niður kröfur um skapgerðarmat hjá þeim tegundum þar sem þess er kraftur vegna ónógs framboðs af skapgerðamötum. Samkvæmt ársskýrslu stýrihóps um skapgerðarmat var skapgerðarmat haldið þrisvar á starfsárinu; í maí, júní og september. Alls fóru 17 hundar í skapgerðarmat.

Vinnu- og veiðipróf

Samkvæmt ársskýrslu Vinnuhundadeildar voru haldin fimm próf í bronsmerki í hlýðni, þrjú próf í hlýðni I, tvö próf í spori 1, tvö próf í spori 2 og tvö próf í spori 3.

Samkvæmt ársskýrslu Fuglahundadeildar voru haldin átta veiðipróf á vegum deildarinnar á starfsárinu, þar af eitt sækipróf. 140 skráningar voru í þessi próf.

Samkvæmt ársskýrslu Vorstehdeildar voru haldin tvö veiðipróf á vegum deildarinnar á starfsárinu. 74 skráningar voru í þessi tvö próf.

Írsk setterdeild hélt eitt veiðipróf á starfsárinu. 32 skráningar voru í prófið.

Samkvæmt ársskýrslu Retrieverdeildar voru haldin ellefu veiðipróf á vegum deildarinnar á starfsárinu. Voru 156 retrieverhundar skráðir í þessi próf eða 46 hundar (45 labrador retriever og 1 golden retriever).

Smalaðlispróf var haldið að Skála í Grímsnesi síðastliðið haust, einn border collie og tveir australian shepherd tóku prófið. Náðu þeir allir prófi og sýndu mjög gott eili.

Úrslitum og niðurstöðum úr vinnu- og veiðiprófum eru gerð góð skil á vefsíðum viðkomandi deilda. Endurskoðaðar veiðiprófsreglur fyrir tegundahóp 7 voru samþykktar á stjórnarfundum þann 20. maí 2013. Stjórn HRFÍ samþykkti í apríl síðastliðnum breytingar á vinnuþrófareglum HRFÍ til samræmis við nágildandi vinnuþrófareglur NKK.

Sýningar

Fimm sýningar voru haldnar á vegum HRFÍ á starfsárinu:

- Meistarasýning HRFÍ 2.-3. júní 2012. 689 hundar af 75 tegundum voru skráðir auk 27 ungra sýnenda.
- Alþjóðleg sýning HRFÍ 25.-26. ágúst 2012. 719 hundar af 83 tegundum voru skráðir auk 25 ungra sýnenda.
- Alþjóðleg sýning 17.-18. nóvember 2012. 785 hundar af 80 tegundum voru skráðir auk 32 ungra sýnenda.
- Alþjóðleg sýning 23.-24. febrúar 2013. 806 hundar af 79 tegundum voru skráðir auk 26 ungra sýnenda.
- Reykjavík Winner meistarasýning 25.-26. maí 2013. 718 hundar af 80 tegundum voru skráðir auk 25 ungra sýnenda.

Ágæsti umfjöllun var um nóvembersýninguna í fjölmiðlum. Viðtal var við framkvæmdastjóra og fleiri hjá RÚV.

Samtals eru skráningar á þessar fimm sýningar 3.717 og 135 skráningar í keppni ungra sýnenda.

Á síðustu sýningu ársins voru heiðraðir afreks- og þjónustuhundar, stigahæsti hundur og öldungur ársins. Þjónustuhundur ársins var belgíski fjárhundurinn (malinois), Freyja (Lindjax Cilla, IS09950/06). Freyja sem er sjö ára var gjöf frá lögreglunni í Gautaborg til stjórnanda og eiganda hennar, Höskuldur Birks Erlingssonar, lögregluvæðstjóra á Blönduósi. Hún var þjálfað hjá norsku tollgæstunni í eitt ár áður en hún kom til landsins árið 2006. Afreksundur ársins 2012 voru hundavinir Rauða krossins á Íslandi. Rauði krossinn á Íslandi hefur síðustu 12 ár lagt áherslu á verkefni sem nefnt er Heimsóknavinir og frá árinu 2006 hafa hundar tekið þátt í verkefninu. Eru sjálfbæðilíðar með hunda kallaðir Hundavinir og hefur þeim farið jafnt og þétt fjölgandi, bæði á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni.

Stigahæsti hundur ársins var C.I.B. ISCh Kudos Gagarin af tegundinni miniature poodle. Ræktendur hans eru Romy Lindeman og Mikael Nilsson frá Svíþjóð og eigandi er Ásta María Guðbergsdóttir. Stigahæsti öldungur ársins er einnig í eigu Ástu Maríu Guðbergsdóttur, papillon hundurinn, C.I.B. ISCh Aspevalls Simon.

Úrslit sýninga HRFÍ eru birt á vefsíðu HRFÍ og jafnframt gerð góð skil í Sámi.

Deildarsýningar

Cavalier king charles spanieldeild, Schnauzerdeild og Fjár- og hjarðhundadeild hafa haldið sýningar á þessu starfsári samkvæmt breyttum starfsreglum ræktunardeilda, V. kafla, um deildarsýningar sem samþykktar voru 19. september síðastliðinn.

Unglingadeild

Stigrahæstu ungu sýndur ársins voru í eldri flokki: 1. sæti Brynja Kristín Magnúsdóttir, 2. sæti Erna Sigurður Ómarsdóttir, 3-4. sæti Theodóra Róbertsdóttir, 5. sæti Elísabet Ásta Guðjónsdóttir. Brynja Kristín keppti fyrir hönd HRFÍ á Crufts í mars síðastliðinn og var valin í 10 manna úrslit. Erna Sigurður Ómarsdóttir keppti á heimssýningunni í Búdapest í Ungverjalandi, 16.-19. maí 2013. Theodóra Róbertsdóttir keppti á Evrópsýningunni, sem haldin verður í Sviss, dagana 30. ágúst–1. september 2013. Allar þessar fjórar stúlkur kepptu fyrir hönd HRFÍ í Nordic Winner Show í Herning í Danmörku 3.-4. nóvember síðastliðinn. Þær lentu í 2. sæti í líðakeppinni sem er fráber árangur. Þær stóðu sig vel að venju og voru félaginu til mikils sömu. Starfi Unglingadeildar er gerð góð skil í vefsíðu Unglingadeildar. Aðalstyrktaraðili Unglingadeildar er Dyrheimar sem hefur stutt vel við starf þeirra í mörg ár.

Sólheimakot

Árið 2002 var gerður leigusamningur til briggja ára við bæjaryfirvöld í Mosfellsbæ um Sólheimkot. Samningur framlengist sjálfkrafa um eitt ár í senn sé honum ekki sagt upp fyrir 1. október. Á stjórnarfundum 19. september 2012 voru málefni Sólheimakots sett á dagskrá stjórnarfundar. Bæði var að fyrir lá kvörtun frá félagsmanni um slæma umgengni í húsnæðinu og einnig til athugunar hvort segja ætti leigusamningi upp. Kom fram að kostnaður við rekstur kotsins fyrir árið 2012 væri um 550.000 kr. Frá 1. janúar til 31. október 2012 voru þá einungis ræktunardeildir úr tegundahópum 7 og 8 auk skagperðarmatshóps sem notfærðu sér aðstöðuna í Sólheimakoti. Stjórn ákvað að leita til deilda í yfirnefndum tegundahópum eftir tillögu að úrlausn frekar en að segja upp leigusamningi. Stjórn og fulltrúar þá þessum ræktunardeildum funduðu 21. september síðastliðinn. Tillaga kom frá þessum deildum um að stjórn gerði samning við Sólheimakotsnefnd Hundaræktarfélags Íslands sem stofnuð var með kennitölu 4. janúar 2013. Meirihluti stjórnar samþykkti þennan samning. Meirihluti stjórnar samþykkti jafnframt árlegt framlag, 400.000 kr., til Sólheimakotsnefndar vegna rekstrars húsnæðis. Leiðað var álits leigusala bæjaryfirvalda í Mosfellsbæ á þessum samningi og samþykkti leigusali hann ekki. Sem stendur er því rekstur Sólheimakots óbreyttur frá því sem áður var.

Erlent samstarf

Árið 2012 var með kynningarbás á Nordic Winner Show í Herning í Danmörku 3.-4. nóvember 2012 ásamt öllum NKU hundaræktarfélagunum á svokölluðu Norðurlandatorgi. Vel tókst til og komu margir á kynningarbás félagsins. Settur var upp bogaveggur félagsins og myndskjöf af íslenska fjárhundinum sýnt sem vakti mikla athygli og ánægju gesta sem komu við á Norðurlandatorginu. Valgerður Júlíusdóttir, þáverandi framkvæmdastjóri og Jóna Th. Viðarsdóttir voru á kynningarbás félagsins.

Fundur um samræmingu á BSI (Breed Specific Instructions) varðandi ýkt útlit á hundum var haldinn í Helsinki 27. júní 2012 með fulltrúum alla NKU hundaræktarfélaganna. Á fundinum var unnin tillaga sem var lögð fyrir næsta NKU fund til samþykktar. SKK gaf HRFÍ þrjá DVD diskka á sænsku um hunda með óndunarandamál vegna ýkts útlits. Í myndinni er farið yfir þá þætti sem hafa áhrif á öndun hunda og dómara þurfa að vera meðvitandi um þegar þeir deama á hundasýningum. SKK hefur sent diskana á öll NKU hundaræktarfélögin, alla klúbba innan SKK og til dómara, sem deama hjá SKK, þeim til viðsagnar í þessu átaki.

Ekki var sendur fulltrúi á NKU fund í Helsinki í lok september 2012.

Formaður fór á NKU fund 5. febrúar 2013 í Stokkhólm og FCI aðalfund í Búdapest 13.–14. maí 2013.

Næsti NKU fundur verður í Reykjavík 8. október 2013.

Uppskeruhátið HRFÍ

Vel heppnuð uppskeruhátið HRFÍ var haldin 4. janúar 2013 í félagsheimili Fks. Stigrahæstu ræktendur HRFÍ árið 2012 voru heiðraðir:

1. sæti: Hálskotsræktun - Ásta María Guðbergdóttir með 45 stig
2. sæti: Heimsendaræktun - Lára Birgisdóttir/Björn Ólafsson með 44 stig
3. sæti: Miðnætturræktun - Stefán Arnarson með 37 stig

Stigrahæsti ræktandinn fékk afhentan farandarbaki sem HRFÍ gaf til varðveislu næsta árið. Þessir Stigrahæstu ræktendur fengu til eignar viðurkenningarskjöld frá HRFÍ og blómvönd frá Garðheimum. Eitt hundráð félagar keyptu miða á hátíðina og nokkrir létu sjá sig eftir matinn. Björn Ólafsson, stjórnarmaður og eiginkona hans, Lára Birgisdóttir, sá um veltingarnar og skreytingu á hlabörðri. Stjórnarmenn HRFÍ sáu um aðra skipulagningu. Lífandi tónlist var flutt af Hirti Howser undir matnum og fram eftir kvöldi en þá tók við diskoték. Happraðttismíðasala gekk vel enda flottir vinningar í boði.

Baráttumál

Ný hundasamþykkt tók gildi í Reykjavík 16. maí 2012. Í nýttkomnum Sámi 1. tbl. 2013 er grein eftir Guðrúnu Margrét Baldursdóttur, lögfræðing og hundeiðganda, þar sem hún ber saman nýja hundasamþykkt við þá næstu á undan og fjallar um helstu breytingar. Í þessu sama tölbólublá Sáms er á fundi áhugaverða grein eftir Þorstein Kristinsson hundaræktanda. Bendir Þorstein meðal annars á að ekki þurfi að fara langt út fyrir höfuðborgina til að lenda í sveitarfélögum sem takmarka eða banna hundahald.

Árný Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri Heilbrigðisfirlits Reykjavíkur, mætti á fulltrúaráðsfund þann 31. október 2012. Árný sagði að hennar svöð tæki yfir heilbrigðismál Reykjavíkurborgar því það væri þeirra umdæmi. Hún fór yfir skráningar á hundum en árið 2000 voru 1351 hundur skráðir í Reykjavík og árið 2012 voru 2500 skráðir. Talsverð aukning hefur orðið og hafa skráningar farið hægt og sigandi upp nema í hrúninu en þá varð mjög mikil aukning. Árið 2006 bárust 570 kvartanir í Reykjavík og í hrúninu þá fækkaði þeim. Árný sagði kvartanir vera um 500 núna og snúast um margvísleg mál, fjöldinn ætti ekkert við um umfangið. Heilbrigðisfirlitið framfylgir gildandi hundasamþykkt. Í nýju hundasamþykktinni voru hertar reglur varðandi hættulegar hundategundir, það er fleiri tegundir eru nú bannaðar en Laugavegsbanið er ekki lengur í gildi. Algengustu kvartanirnar koma úr fjölbylshúsum. Þar er helst kvartað yfir ónaði, gelti, undan hundum sem eru lengi einni heima eða of lengi í bílum. Einnig er mikið kvartað yfir hundaskit. Eftir að lögum um fjöleignahús var breytt varð margt mjög flókið útfærslu. Árný sagði erfitt að ná til þeirra sem hefðu einbeittan brotavíla á hundasamþykktinni. Hún sagði það kosta um 30 milljónir á ári að reka heilbrigðisfirlitið.

Hundaræktarfélagið fagnar því að Reykjavíkurborg hefur að ósk íbúa sett upp þrjú ný hundagerði í Reykjavík. Gerðin eru í neðra Breiðholti, í Laugardal og við Vatnsmýrargveg. Nánari upplýsingar er að finna á vef Reykjavíkurborgar.

Dýravelferð

Stjórn las yfir nýjar tillögur um dýravelferð og skilaði umsögn um nýtt frumvarp til laga um dýravelferð. Hundaræktarfélag Íslands mat þá mikils að fá tillögurnar til umsagnar og fagnar að búið er að endurskoða dýraverndunarlögin nr. 15/1994.

Að beiðni Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis hefur stjórn HRFÍ tilnefnt tvo fulltrúa HRFÍ í starfshóp vegna vinnu við nýja reglugerð um velferð gæludýra. Þetta eru þau Guðmundur A. Guðmundsson og til vara Herdís Hallmarsdóttir.

Málþing var um nýsamþykkt lög um dýravelferð fimmtudaginn 16. maí. Framkvæmdastjóri HRFÍ, Fríður Esther Pétursdóttir og Delia Howser, stjórnarmaður sóttu málþingið fyrir hönd HRFÍ.

Gæludýravegabréf – Pet passport

Þann 17. september 2012 var haldinn fundur í Alþingishúsinu að ósk alþingismannanna Helga Hjörvars, Magnúsar Orra Schram og Ólínu Þorvarðardóttur með fulltrúa frá HRFÍ. Mættir voru frá HRFÍ: Stjórnarmennirnir Björn Ólafsson, Delia Howser og Ólafur E. Jóhannsson. Varamennirnir Auður Sif Sigurgeirsdóttir og Guðmundur A. Guðmundsson. Einnig mættu þær Elsa Sofia Jónsdóttir, Guðrún Jónsdóttir og María Tómasdóttir úr einangrunarteyminu.

Áður nefndir þingmenn fluttu árið 2011 frumvarp um svokallað gæludýravegabréf (Pet passport). Tilgangur fundarins var að óska eftir stuðningi HRFÍ við þetta mál. Hugmyndin var að endurflytja málið á síðasta þingi. Á fundinum komu fram ábendingar um að rétt væri að endurflytja málið með þverpólitískum stuðningi, það er að flutningsmenn yrðu úr öllum stjórnarmálaflokkum á Alþingi. Bent var á að skynsamlegt væri að einkoröð innflutning við hunda og keti en ekki gæludýr almennt. Einnig var á það bent að skynsamlegt kynni að vera að takmarka innflutning við lönd sem eru laus við hundadæði, sem sagt Stóra Bretland, Írland, Svíþjóð og Noreg. Bent var á að samkvæmt samningsmarkmiðum íslenskra stjórnmála í landbúnaðarmálum er óskað eftir undanþágu frá gæludýravegabréfi (Pet passport) sem er hluti af reglugerki Evrópusambandsins.

Á fulltrúaráðsfundi 31. október 2012 kynnti Magnús Orri Schram, þingmaður, frumvarp um gæludýravegabréf. Kom fram að tveigis er búið að leggja fram frumvarp um breytingar á reglum um innflutning á gæludýrum. Málið var lagt fram í þriðja skipti í síðastliðað haust. Magnús Orri kynnti þingmennina sem vinna málið með honum en það eru þau Ólína Þorvarðardóttir og Helgi Hjörvar. Magnús Orri sagði að því miður hefði þetta mál ekki náð eyrum annarra þingmanna og sagði þá ekki hafa verið nægilega vel upplýsta um málið. Helsta andstaðan væru bændur, hestamenn og dýralæknar. Ágætis umræða fór fram á fundinum um þetta málefni sem er flestum félagsmönnum hugleikið. Hugmynd kom fram á fundinum að boða til kynningarfundar og fá fulltrúa frá MAST til umfjöllunar um hunda sem farið hafa í eingangur og nýtt áhættumat.

Haldinn var kynningar og fræðslufundur fyrir félagsmenn HRFÍ í Gerðubergi 11. febrúar um frumvarp um breytingu á lögum um innflutning á gæludýrum - gæludýravegabréf. Þingmaðurinn, Helgi Hjörvar, kynnti og svaraði fyrirspurnum. Sigurborg Daðadóttir, yfirdýralæknir, Þorvaldur Þórðarson, framkvæmdastjóri inn- og útlutnings og Charlotta Oddsóttir, sérgreinaðýralæknir inn- og útlutnings, öll frá MAST kynntu og svaraðu fyrirspurnum um innflutning gæludýra til Íslands og gæludýrabréf í Evrópu. 55 manns mættu á fundinum og var niðurstaða fundarins að ekki væri útlit fyrir að gæludýravegabréf yrði leyft í brád. Nauðsynlegt er að framkvæma nýtt áhættumat sem er bæði tímafrekt og dýrt, að sögn yfirdýralæknis. Má vera að hægt verði að stytta einangrun í tvær vikur, sem væri ef til vill ásettanglegur millivegur þar til gæludýravegabréf verða leyfð. Helgi Hjörvar sagðist ætla að bæta sér í þeim efnum. Helgi sagði reyndar að það væri ekki spurning um hvort heldur hvenær gæludýravegabréf yrði leyft.

Árleg Laugavegsganga HRFÍ var laugardaginn 6. október. Gengið var að venju frá Hlemmi, við undirleik Skólahljómveitar Kópavogs, niður Laugaveg og endaði í Hljómskálagarðinum. Þetta var fjölmenn gleðiganga sem, eins og alltaf, vakti mikla athygli.

Stefnumótun

Á fulltrúaráðsfundi þann 10. apríl síðastliðinn kynnti Guðmundur A. Guðmundsson, varamaður í stjórn HRFÍ, vinnu stefnumótunarteymis. Þar fór hann yfir hvernig vinna teymisins byrjaði og helstu niðurstöður. Kynnti hann jafnframt ákvörðun stjórnar að nýr stefnumótunardagur væri áætlaður þann 21. apríl með þátttöku að minnsta kosti tveggja aðila frá hverri deild. Aðeins 11 aðilar skráðu sig til þátttöku frá enn færri deildum. Ekki var talið ásettanglegt að fara í þessa vinnu með færri en 20 fulltrúum deilda. Stefan var því sett á haustið með von um að undirtektir verði betri.

Dómaranáms

• Sýningadómarar

Reglugerð HRFÍ um menntun sýningadómarar var samþykkt af stjórn HRFÍ 23. janúar. Sýningadómaranáms HRFÍ er haldið öð fyrirmynd sýningadómaranáms DKK. DKK's Show Judge Committee hefur aðstoðað félagið við framkvæmd námsins.

Sænski dómárin Göran Bodegård hélt erindi fyrir sýningadómaranama HRFÍ eftir febrúarsýninguna um „Special Breed Specific Instructions (BSI) regarding exaggerations in pedigree dogs“.

Tvö ritara- og hringstjórnámskeið voru haldin á skrifstofu HRFÍ. Það fyrra þann 10. nóvember og það seinna 20. janúar. Þorsteinn Thorsteinsson sá um kennslu á námskeiðunum með aðstoð Líju Döru Halldórsdóttur á því fyrra. 18 aðilar sóttu námskeiðin. Bæði Þorsteinn og Líja Dóra eru í sýningadómaranámsi HRFÍ.

Sýningadómaranefnd HRFÍ fékk senda tilkynningu frá DKK's Show Judge Committee fyrir máisýninguna þess efnis að Ásta María Guðbergdóttir hefði staðið öll próf í dómaramálinu og lagði til að stjórn HRFÍ samþykkti hana sem dómara á eftirfarandi hundakyn: Papillon, phalène, shih tzu, chihuahua, tibetan spaniel og chinese crested. Stjórn HRFÍ fannst við hæfi að tilkynna þessi gleðitíðindi á Reykjavík Winner sýningunni 25.-26. maí og fékk Jörgen Hindse, formann DKK, til að afhenda Ástu Maríu blómvönd þar sem DKK hefur verið okkur innan handar með dómaramenntunina. Efallt gengur vel er stutt í að fleiri sýningadómarar verði samþykktir á árinu. Samtals eru nú 18 aðilar, mislangt á veg komnir, skráðir í sýningadómaranámsi hjá félaginu.

• Veidiprófsdómarar

Þann 3. apríl 2013 samþykkti stjórn HRFÍ erindi frá dómaramaráði veidiprófsdómara í tegundahópi 7 að Vilhjálmur Ólafsson og Henning Þór Aðalmondsson hefji nám til fuglahundadómarar.

Stjórn HRFÍ samþykkti á stjórnarfund 20. maí 2013 að útbúa nýja reglugerð um menntun veidiprófsdómara og verklagsreglur fyrir dómaramenntun veidiprófsdómara.

Á döfinni

- Kynningarfundur fyrir félagsmenn um ný dýraverndarlög verður haldinn í haust.
- Opíó hús/spjallfundir verða á dagskrá á 4–6 vikna fresti í húsnæði HRFÍ frá og með haustinu.
- Schäferdeild, Retrieverdeild og DÍF verða með deildarsýningar og viðbúði
- Fjölmörg vinnu- og veidipróf hafa verið samþykkt og eru auglýst á vefsíðum viðkomandi deilda.
- Alþjóðlegar sýningar verða í september og nóvember og augnskoðun í nóvember samhlíða sýningu.
- Árleg Laugavegsganga verður í haust.

Lokaorð

Að lokum vill stjórn Hundaræktarfélags Íslands þakka öllum félagsmönnum sem lagt hafa af mörkum ómælda sjálfböðavinnu í þágu margþættar starfssemi félagsins.

Skýrsluna má nálgast á heimasíðu HRFÍ - www.hrfi.is

Hundaræktarfélag Íslands

Ársreikningur fyrir árið 2012

REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS 2012

	Skýr.	2012	2011
Rekstrartekjur :			
Félagsgjöld.....		8.567.900	11.978.788
Vöru- og þjónustusala.....		36.372.751	38.757.708
Aðrar rekstrartekjur.....		<u>2.666.895</u>	1.971.365
Rekstrartekjur samtals.....		<u>47.607.546</u>	52.707.861
Rekstrargjöld :			
Laun og launatengd gjöld.....	9	14.791.970	13.075.380
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður.....	10	12.338.167	10.886.673
Félagsstarf, sýningar og námskeið.....	11	13.303.221	20.833.921
Útgáfukostnaður.....	12	4.393.882	4.605.403
Annar rekstrarkostnaður.....	13	2.360.807	2.196.252
Afskriftir.....	2,4	<u>773.491</u>	659.079
Rekstrargjöld samtals.....		<u>47.961.538</u>	52.256.708
(Rekstrartap) hagnaður.....		<u>(353.992)</u>	451.153
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) :			
Vaxtatekjur.....		10.025	35.241
Vaxtagjöld og verðbætur.....	3	<u>(3.160.856)</u>	(3.136.052)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld).....		<u>(3.150.831)</u>	(3.100.811)
Tap ársins.....		<u>(3.504.823)</u>	(2.649.658)

EFNAHAGSREIKNINGUR

31. DESEMBER 2012

EIGNIR :	Skýr.	2012	2011
Fastafjármunir :			
Varanlegir rekstrarfjármunir :			
Skrifstofutæki og húsbúnaður.....	2,4	736.320	1.349.656
Áhöld og tæki í Sólheimakoti.....	2,4		4.648
Aðrir fastafjármunir.....	2,4	260.983	416.490
Veikerfi.....	5	<u>3.603.299</u>	3.603.299
		<u>4.600.602</u>	5.374.093
Áhættufjármunir og langtímakröfur :			
Hlutabréf.....	6	<u>24.840.000</u>	24.840.000
Fastafjármunir samtals.....		<u>29.440.602</u>	30.214.093
Veltufjármunir :			
Birgðir :			
Vörubirgðir.....		<u>143.021</u>	213.871
Skammtímakröfur :			
Útistandandi tekjur.....		539.637	2.372.426
Ra ehf.....	6	<u>6.939.982</u>	8.204.244
		<u>7.479.619</u>	10.576.670
Handbært fé :			
Bankinnstæður.....		93.517	133.740
Sjóður.....		<u>93.517</u>	194.582
		<u>93.517</u>	328.322
Veltufjármunir samtals.....		<u>7.716.157</u>	11.118.863
Eignir samtals.....		<u>37.156.759</u>	41.332.956

EIGIÐ FÉ OG SKULDIR :	Skýr.	2012	2011
Eigið fé :			
Óráðstafað eigið fé.....	7	<u>784.137</u>	4.288.960
Eigið fé samtals.....		<u>784.137</u>	4.288.960
Langtímaskuldir :			
Verðtryggt lán.....	8	27.502.061	26.963.267
Næsta árs alþorganir.....		<u>(702.436)</u>	(627.972)
Langtímaskuldir samtals.....		<u>26.799.625</u>	26.335.295
Skammtímaskuldir :			
Ógreidd rekstrargjöld.....		8.870.561	10.080.729
Næsta árs alþorganir af langtímaláni.....		<u>702.436</u>	627.972
Skammtímaskuldir samtals.....		<u>9.572.997</u>	10.708.701
Skuldir samtals.....		<u>36.372.622</u>	37.043.996
Eigið fé og skuldir samtals.....		<u>37.156.759</u>	41.332.956

Aukinn áhugi á íslenska fjárhundinum

Höfundar: Þorsteinn Thorsteinson og Stefanía Sigurðardóttir



Íslenskur fjárhundur er ekki í útrýmingarhættu, hann er upprunaleg gömul hundategund sem varðveittist í okkar landi og dó aldrei út. Hann á sér aldagamla sögu en nú stöndum við frammi fyrir stórauðnum vinsældum hans. Ljósmynd: Stefanía Sigurðardóttir.

Hér á landi eru flestir vanir því að til sé íslenskur hundur, líkt og íslenskur hestur. Færri gera sér grein fyrir því að það er ekki sjálfsagt að þjóð eigi sína eigin hundategund. Íslenski hundurinn er viðurkennd tegund hjá FCI sem er Alþjóðasamband hundaræktarfélaganna með 86 aðildarlönd. Hundaræktarfélag Íslands (HRFÍ) hefur borið ábyrgð á velferð íslenska hundsins hér og ættbók hans frá stofnun þess, árið 1969. Mikilvægt brautryðjendastarf er unnið hvort sem litið er til stofnunar félagsins eða elstu ræktunardeildar þess, deildar íslenska fjárhundsins (DÍF), sem stofnuð var árið 1979. FCI var stofnað árið 1911 en HRFÍ fékk fulla aðild í fyrri, árið 2011, sem sýnir vel hversu ung við erum í hinum gamla virta hundaheimi, líkt og hin stutta ræktunarsaga íslenska hundsins er í ættbók HRFÍ. Hreinræktaðir hvolpar eru nú um

100 skráðir í ættbók hér á landi árlega og er margföld sú tala ættbókarfærð utan landssteinanna. Hvað segir það okkur?

Íslenskur fjárhundur er ekki í útrýmingarhættu, hann er upprunaleg gömul hundategund sem varðveittist í okkar landi og dó aldrei út. Hann á sér aldagamla sögu en nú stöndum við frammi fyrir stórauðnum vinsældum hans.

Mikil viðbót er að American Kennel Club (AKC) viðurkendi íslenskan fjárhund sem tegund hjá sér árið 2010. Stofninn er í stöðugum vexti eftir því sem fleiri uppgötva þá gersemi sem þjóðarhundurinn okkar er. Hann nýtur vaxandi vinsælda og ber að fagna þeim vinsældum og aðstoða ábyrga ræktendur eftir mætti svo byggja megi upp góðan stofn utan landssteinanna, rétt eins og hér heima. Þetta teljum við vera tímamót fyrir

okkur ræktendur og alla velunnara íslenska fjárhundsins.

Við sjáum fram á áframhaldandi grósku stofnsins og enn frekari samvinnu milli ræktunarlanda. Það er því þýðingarmikið fyrir ræktunardeild íslenska fjárhundsins hér á landi að viðhalda ábyrgu starfi og kynna þessa tegund fyrir Íslendingum. Icelandic Sheepdog International cooperation (ISIC) er samvinnuverkefni 10 þjóða um málefni íslenska fjárhundsins og þar gefst DÍF tækifæri til samstarfs við aðrar ræktunardeildir hundsins. Í dag sjáum við að allt samstarf er mikilvægt og er það leið til upplýsingaflæðis svo okkur sé unnt að fylgjast með stofninum og ástandi hans í heild sinni. Í því ljósi heldur ISIC sérstakan gagnagrunn um heildarstofn íslenska fjárhundsins og hafa erfðafræðingar einmitt lagt áherslu á mikilvægi þess að líta á heildarstofninn, hvar sem er í heiminum, sem eina heild. Samstarf sem þetta er talið einstakt í hundarækt og er litið öfundaraugum af ræktendum ýmissa annarra hundategunda.

Við verðum því að skilja betur hvað það þýðir að eiga hundategund, leggja til hliðar fordóma og ágreining um hundamálefni þau sem eiga ekkert skylt við þann rétt íslenska fjárhundsins að tilheyra Íslandi og halda sínum velli hér. Við getum þá haldið áfram að vera von að eiga íslenskan hund, hér á hann heima og ber þess skýr merki.

Við þökkum fyrri ræktendum íslenska fjárhundsins á Íslandi og HRFÍ að geta nú ræktað okkar tegund við góð skilyrði og viðhaldið mikilvægu áherslum í stofninum. Framtíð hundsins er björt og ekki síst í hinu stóra samfélagi hundaræktenda um allan heim.

Stefanía Sigurðardóttir, Stefsstells ræktun
Þorsteinn Thorsteinson, Sunnusteins ræktun
Greinin birtist í Fréttablaðinu 16. nóvember 2012.



RW-13 ISShCh Bjarkeyjar Meant To Be.

Boxerdeild

Árfsfundur deildarinnar var haldinn þann 6. júní 2013.

Stjórn skipa:

Inga Björk Gunnarsdóttir
Agnar Hörður Hinriksson
Erna Hrefna Sveinsdóttir
Bylgja Björk Haraldsdóttir og
Þröstur Ólafsson

Meðal annars sem var rætt á fundinum var að stofna Facebook-síðu fyrir boxer innan HRFÍ.

Slík síða var stofnuð fyrir nokkrum árum síðan en þar sem fólk var ekki duglegt að deila upplýsingum og myndum á þá síðu lognaðist hún út af. Önnur Facebook-síða hefur verið mjög virk en hins vegar fannst okkur vanta, sem og áður, vettvang fyrir boxer-eigendur innan HRFÍ. Nýja síðan er fyrst og fremst hugsuð til að koma á framfæri upplýsingum og fræðslu um tegundina, deila úrslitum frá sýningum, segja frá gotum og að koma á framfæri upplýsingum sem varða starf deildarinnar innan HRFÍ. Vonandi verða boxer-eigendur duglegir að senda inn upplýsingar sem eiga við þessa síðu. Tilkynningar er hægt að senda á Bylgju Björk, bbb7@hi.is.

Sýningar

Á sýningu HRFÍ sem var haldin helgina 25.-26. maí var nú í fyrsta sinn veittur nýr titill, Reykjavík Winner, fyrir hunda sem urðu BOB og BOS. Dómari var Paul Jentgen frá Lúxemburg.

Sýndir voru 6 hundar og hlutu þeir allir excellent dóm. Besti hundur tegundar var RW-13 ISShCh Bjarkeyjar Meant To Be. Eigandi er Þröstur Ólafsson og ræktandi Inga Björk Gunnarsdóttir. BOS var RW-13 Son of a Gun at Berwynfa og fékk hann sitt fyrsta meistarastig. Eigandi er Unnur Huld Hagalín og ræktandi Mrs. V. Welsman-Millard & Mr. L. Millard.

Önnur besta tik var Bjarkeyjar Ísold með meistarastig og tikurnar Hagalíns Hot'N Sweet og Bjarkeyjar Ísadóra föngu meistaraefni. Rakkinn

Bjarkeyjar Ísar fékk meistaraefni. Bjarkeyjar ræktunarhópur fékk heiðursverðlaun.

Á hvolpasýningunni 23. júní varð Bjarkeyjar Moment In Time 4, besti hvolpur sýningar í flokki 6-9 mánaða. Eigandi hennar og ræktandi er Inga Björk Gunnarsdóttir.

Innflutningur

Son of a Gun at Berwynfa er ný innfluttur rakki frá Englandi. Eigandi hans er Unnur Huld Hagalín og ræktandi Mrs. V. Welsman-Millard & Mr. L. Millard.

*Eh. Boxerdeild,
Inga Björk Gunnarsdóttir.*



BOB ISCh Ljúflings Dýri og BOS Ljúflings Czabrina á cavaliersýningunni í apríl, með sýnendum og dómáranum Mrs Normu Inglis.

Cavalierdeild

Deildarsýning Cavalierdeildar fór fram 20. apríl 2013 á sýningarsvæði Gæludýra.is, Korputorgi og var 81 cavalier skráður til leiks. Dómari var Mrs. Norma Inglis frá Englandi en hún hefur ræktað cavaliera undir nafninu Craigowl hátt í 40 ár og dæmt tegundina síðan 1980. Sú nýbreytni var á sýningunni að einnig var keppt um besta cavalier í hverjum lit og besta junior sýningar. Elsti cavalier landsins var heiðraður en það var tókin, Hlínar Beatrice sem er rúmlega 15 ára gömul og hefur hún náð hæsta aldri cavaliera frá upphafi ræktunar hér á landi, ræktendur hennar eru Finnþógi Gústavsson og Edda Hallsdóttir. Stoltur eigandi er Grétar Freyr Grétarsson en það má segja að þau hafi alist upp saman.

BOB og BIS var ISCh Ljúflings Dýri og BOS var Ljúflings Czabrina, eig. og rækt. þeirra er María Tómasdóttir. **BOB Junior var Loranka's Edge Of Glory** nýkominn frá Englandi, eig. María Tómasdóttir og rækt. Mrs. Lorraine Hughes.

Besti black and tan cavalier var Eldlilju Ugly, eig. og rækt. Þórunn A. Pétursdóttir, besta ruby, Ljúflings Czabrina, besti þrílitur var Kolbeins-

staðar Teista Dimma, eig. Hrefna Hrólfssdóttir og rækt. Harpa Barkar Barkardóttir og besti blenheim ISCh Ljúflings Dýri. **Besti hvolpur 6-9 mánaða var Drauma Bono**, eig. og rækt. Ingibjörg Halldórsdóttir og best af gagnstæðu kyni, Sóllilju Katla, eig. Steinar Pálmason og rækt. Jón Hilmarsson. Meistarastiginn komu í hlut Loranka's Edge Of Glory og Ljúflings Czabrinu. Nánari úrslit má sjá á www.cavalier.is og einnig umsögn dómárans um tegundina sem heild, miðað við þá hunda sem sýndir voru.

Á fyrstu **Reykjavík-Winner sýningu HRFÍ** 25.-26. maí voru mjög fáir cavalierar skráðir eða aðeins 18 og má reikna með að góð þátttaka í deildarsýningunni hafi þar verið megin ástæðan. Lena Stálhandske dæmdi cavalierana og einnig tegundahóp 9.

BOB var ISCh Ljúflings Dýri og BOS Mjallar Björt, eigandi hennar og ræktandi er Arna Sif Kærnested, bæði fengu titilinn **RVK-WINNER 13**. Meistarastiginn fengu Loranka's Edge Of Glory og Drauma Twiggy. Þetta er annað meistarastig beggja.

Besti hvolpur 4-6 mánaða var Ýndisauka Heimasæta, sem varð annar besta hvolpur sýningar í þessum flokki, eig. og rækt. Berglind Ásta Jónsdóttir.

Besti hvolpur 6-9 mánaða var Drauma Bono. Ljúflings Dýri keppti síðan í tegundahópi 9 og komst þar í 7 hunda úrtak.

Sú skemmtilega nýbreytni var hjá HRFÍ að hvolpasýning var haldin utandyra, nánar tiltekið í Víðidalnum þann 23. júní sl. og dæmdu þrír íslenskir dómáranemar. 5 cavalier-hvolpar voru skráðir í yngri flokknum og 1 í þeim eldri, dómari cavalieranna var Þórdís Björg Björgvinsdóttir. **Besti hvolpur 4-6 mánaða var Ljúflings Íða Birta**, eig. Ævar Olsen og rækt. María Tómasdóttir og **besti hvolpur 6-9 mánaða var Hrisnes Max**, eig. Laufey Guðjónsdóttir og ræktandi Þuríður Hilmarisdóttir.

Töluvert minni ræktun hefur verið fyrri hluta ársins en venjulega en rúmlega 30 hvolpar komu í heiminn fyrstu 6 mánuði ársins.

Þrjár skemmtilegar gönguferðir voru farnar í vor og í sumar. Vel var mætt í Kaldárselgönguna 12. maí og fengum við sólskin og blíðu. Áð var í Skólaskógi og í lok göngu skelltu sumir fjórfeetingarnir sér í Kaldá en

aðrir létu sér nægja að slökkva þorstan. Kvöldganga var 12. júní á heiðinni fyrir ofan Rauðavatn og eins og venjulega áð í Paradísardal. Veðrið var yndislegt, 14 stiga hiti milt og fallgeið varð. Skemmtilegt var hvað mikið var af ungvíðum sem skemmtu sér ekki síður en þeir sem eldri voru. Miðvikudagskvöldið 17. júlí var svo okkar árlega lautarferð við Snorrastadajarnir. Við vorum heppin því ágætis veður var, en þetta var eini dagur vikunnar sem ekki rigndi. Gengið var að tjörninni og síðan inn í skógræktina. Þarna er mjög gott að leyfa hundunum að hlauða lausum og nutu þeir þess sannarlega meðan tvífeetingarnir gæddu sér á nestinu. Í ágúst verður svo gengið við Hvaleyrarvatn. Ný göngugaskrá hefur verið birt á heimasíðunni www.cavalier.is, þar sem þið finnið líka allar aðrar upplýsingar sem varða tegundina.

*Eh. stjórnar,
María Tómasdóttir.*



Chihuahua deild

Ný stjórn byrjaði á fullum krafti nú í vor.

Við höldum okkar árlega páskabingó í mars og sló það öll met varðandi þátttöku, rúmlega 50 manns mættu og sprengdum við salinn utan af okkur. Við þökkum öllum þeim sem mættu og einnig þeim sem styrktu okkur með vinningum kærlega fyrir. Nýliðadagur var haldinn í enda apríl og mættu margir nýir eigendur með hvolpana sína. Gaman var að sjá svona mörg ný andlit.

Sigurbjörg Traustadóttir hélt mjög fræðandi erindi um notkun á reumedium fyrir hunda um miðjan maí og þökkum við henni kærlega fyrir. Í lok maí var svo haldin hundasýning á vegum HRFÍ og mættu um 33 hundar af báðum feldgerðum. Deildin var með tverr sýningarþjálfanir fyrir sýninguna og var vel mætt á þær. Þjálfarar voru flottar stelpur úr ungu sýnendum, þær Sóley Ragna Ragnarsdóttir og Karen Ösp Guðbjartsdóttir.

Búið er að fara í eina lausagöngu/myndagöngu í ár, þann 2. júní og var hún í Hvammsvík. Það var vel mætt og svo voru grillaðar pylsur á eftir í góðum félagskap. Myndirnar sem voru teknar verða svo notaðar í kynningar á tegundinni og jafnvel í dagatal.

Á döfinni í haust er, meðal annars ganga, sýningaþjálfun, fyrirlestur og margt fleira.

Úrslit máisýningar 2013, dómari Bo Skalin

Snögghæðir:

BOB – Himna Huginn
 BOS – Vindsvala Kreppa
 B.hv.t. 6-9 mán. – Himna Jafar
 BÖT – ISCh Perluskins Cairo Paolo
Síðhæðir:
 BOB – Stekkur Edward Zidane
 BOS – C.I.B. ISCh Himna Sól
 BÖT – C.I.B. ISCh Himna Sól

Að lokum hvetjum við félagsmenn til að fylgjast með starfi deildarinnar á heimasíðu hennar, www.chihuahua-hrfi.is og einnig á Fésbókinni því að margt spennandi er framundan. Einnig viljum við minna ræktendur á að skrá hvolpakaupendur á póstlista deildarinnar, hrfichihuahua@gmail.com

*Kvæðja,
 stjórn Chihuahuaeildar.*



BOB & BOS á deildarsýningu HRFÍ.

DÍF

Sýningar

Jörgen Hindse frá Danmörku dæmði íslenska fjárhunda á sýningu HRFÍ, RW-Winner sem var haldin 26. maí síðastliðinn.

Helstu úrslit:

BOB og annað sæti í tegundahöpi 5: Stefsstells Skráðurur
 BOS: C.I.B. ISCh Arnarstaða Romsa
 Besti hvolpur tegundar: Stjórnuhljósa Rimmugýgur
 Besti öldungur tegundar og 3. besti öldungur sýningar: C.I.B. ISCh Arnarstaða Romsa

Sumarsýning DÍF

Þann 13. júlí var haldin deildarsýning DÍF þar sem Lilian Fogh Christensen frá Danmörku dæmði. Sýningin var

haldin í Skógræktarfélagi Akraness og voru 42 hundar skráðir til leiks. Sýningin heppnaðist einstaklega vel þrátt fyrir vætusaman dag. Boðið var upp á keppnina „Barn og hundur“ þar sem börnin sýndu hæfileika sína í sýningahringnum, Ásta María Karlsdóttir dæmði og stóðu börnin sig með miklum sóma. Einnig bauð hundaskólinn Hundalíf upp á svæði þar sem eigendum gafst færi á að prófa hundinn sinn í hundafimi.

Eftir sýninguna var haldið á veitingastað á Akranesi þar sem snæddur var sameiginlegur kvöldverður.

DÍF þakkar kærlega styrktaraðilum og öllum þeim sem veittu aðstoð við sýningarhaldið.

BOB: ISCh Snætinda Ísafold
 BOS: ISCh OB-1 Stefsstells Skráðurur
 Besta ungvíði sýningar: Freyja Besti hvolpur sýningar: Gerplu Sæta Rósa

Besti öldungur sýningar: C.I.B. ISCh Arnarstaða Romsa

Besti ræktunarhópur sýningar: Arnarstaða-ræktun

Besta þar sýningar: ISCh OB-1 Stefsstells Skráðurur & Ístjarnar Katla

Æfingabúðir fyrir íslenska fjárhunda

Dagana 5.-7. júní voru haldnar æfingabúðir fyrir íslenska fjárhunda á Snæfellsnesi þar sem bæði var boðið upp á fyrirlestra og verklega kennslu. Æfingabúðirnar voru þær fyrstu sinnar tegundar á landinu og vonandi ekki þær síðustu. Hundabjálfafarar sem ekki höfðu áður kynnst íslenska fjárhundinum dáðust að hæfileikum hans og vinnuvilja.

Gagnagrunnur DÍF

Á vefsíðu deildarinnar; www.dif.is er að finna gagnagrunn með öllum skráðum íslenskum fjárhundum á Íslandi frá upphafi auk ýmissa niðursamlegra upplýsinga. Deildin er að safna myndum af öllum skráðum hundum og því óska ég eftir myndum í gagnagrunninn á netfangið; gagnagrunnur@dif.is, munið að láta upplýsingar um hundinn fylgja.

*Fyrir hönd stjórnar DÍF,
 Linda Björk Jónsdóttir.*



C.I.E. ISShCh RW-13 Bjarkeyjar Take A Chance On Me ásamt sýnanda sínum, Ólöfu Karitas Þrastardóttir.

Ensk cocker spaniel-deild

Ársfundur

Ársfundur deildarinnar var haldinn 6 júní sl. Góð mæting var á fundinn og margt var rætt. Úr stjórn gengu Elísa Ósk Skæringsdóttir, Guðrún Margrét Baldursdóttir og Þórdís María Hafsteinsdóttir, sem allar gáfu kost á sér til áframhaldandi stjórnasetu. Nýja stjórn skipa því Elísa Ósk Skæringsdóttir, Guðrún Margrét Baldursdóttir, Inga Björk Gunnarsdóttir, Sigurbjörg Jóna Traustadóttir og Þórdís María Hafsteinsdóttir. Skýrslu stjórnar má finna á heimasíðu deildarinnar <http://enskurcocker.123.is>.

Sýningar

Á Reykjavík Winner sýningu HRFÍ, sem haldin var 25.-26. maí síðastliðinn, varð rakkinn C.I.E ISShCh Bjarkeyjar Take A Chance on Me BOB og hlaut titilinn RW-2013. Ræktandi hans er Inga Björk Gunnarsdóttir og eigandi er Þröstur Ólafsson. BOS og RW-2013, með íslenskt meistarastig varð tíkin Aska frá Götu, eigandi og ræktandi er Edda Janette Sigurðsson. BR-2 með íslenskt meistarastig varð rakkinn Siggu Jónu Alfinnur Álfakóngur, eigandi og ræktandi hans er Sigurbjörg Jóna Traustadóttir. BT-2 varð ISShCh Æsuborga Charming Chanel, ræktandi Auður Brynja Proppé Bailey og eigandi Elsa Hlín Magnúsdóttir. Besti hvolpur tegundar í flokki 6-9 mánaða varð tíkin Hrísdals Engla Good Luck Charm, eigandi og ræktandi er Guðrún Margrét Baldursdóttir. Besti hvolpur af gagnstæðu kyni varð Leirdals Krummi, ræktandi Þórdís María Hafsteinsdóttir og eigandi Ylfa Ólafsdóttir. Dómari á þessari sýningu var Per Kr. Andersen frá Noregi.

Á hvolpasýningu HRFÍ, sem haldin var utandyra í Víðidal 23. júní sl.,

dæmði dómaraneminn Þórdís Björg Björgvinsdóttir 2 cockerhvolpa í eldri flokki, þær Hrísdals Engla Good Luck Charm og Leirdals Rjúpu, sem báðar fengu heiðursverðlaun. Hrísdals Engla Good Luck Charm varð síðan BIS-3 í flokki 6-9 mánaða.

Nýir meistarar

Tíkin Æsuborga Charming Chanel hefur hlotið titilinn íslenskur sýningameistari (ISShCh). Ræktandi hennar er Auður Brynja Proppé Bailey en eigandi er Elsa Hlín Magnúsdóttir.

Got

Hjá Siggú Jónu-ræktun fæddust 7 hvolpar 31. maí sl. undan C.I.E. ISShCh RW-2013 Bjarkeyjar Take A Chance On Me og Allert's Custom Made. Kynjaskipting var 4 rakkar og 3 tíkur og allir hvolparnir eru blue roan.

Hjá Flókadal ræktun fæddust 5 hvolpar 5. júní sl., 3 rakkar og 2 tíkur, öll blue roan. Hvolparnir eru undan C.I.E. ISShCh Stardew Moving Mountains og Stardew Like A Virgin.

Best er að fylgjast með heimasíðu deildarinnar www.enskurcocker.123.is til að nálgast upplýsingar um got.

Gönguferðir og fleira

Ákveðið var í byrjun árs að hafa fasta gönguferð fyrstu helgina í hverjum mánuði. Gönguferðir féllu niður yfir hásumarið en eru nú aftur komnar í gang. Ásamt göngum hafa verið haldnar sameiginlegar æfingar fyrir sýningar.

*Eh. deildarinnar,
 Guðrún Margrét Baldursdóttir.*



Fjár- og hjarðhunda-deild

Vel heppnuð deildarsýning Fjár- og hjarðhundaeldar var haldin 4. maí á Korputorgi í Reykjavík, sýndir voru um 80 hundar. Dómari var Jeff Luschoff frá Englandi.

Besti hundur sýningar var welsh

corgi pembroke hundurinn, RW-13 ISCh Ryslip Celtic Tiger at Craigy-cor í eigu Kristlaugar Elínar Gunnlaugsdóttur. Í öðru sæti varð ástralski fjárhundurinn, RW-13 C.I.B. ISCh Bayshore's Tin Soldier í eigu Láru Birgisdóttur og Björns Ólafssonar. Í þriðja sæti varð rough collie tíkin, Nætur Fluga í eigu Magnúsar Trausta Svavarssonar. Í fjórða sæti varð svo old english sheepdog, RW-13 C.I.B. ISCh Sweet Expression's Major Catch í eigu Önnu Jónsdóttir og Hrefnu B. Jónsdóttur.

Nánari upplýsingar um úrslit eru á síðu Fjár- og hjarðhundadeildar. Óskum við eigendum verðlaunahunda innilega til hamingju.

Got hafa verið hjá border collie, australian shepherd og rough collie. Áhugasömum hvolpakaupendum er bent á að hafa samband við tengiliði tegunda, www.smalar.net.

Guðrún S. Sigurðardóttir hélt fjárhundanámsekið núna í júlí og efdust þar tilvonandi smalahundar.

Ársfundur var haldinn 18. apríl, og stjórnin var þar endurkjörin. Í henni sitja Guðrún Th. Guðmundsdóttir formaður, Svanborg Magnúsdóttir gjaldkeri, Kristlaug Elín Gunnlaugsdóttir ritari, Ingvaldur Lilja Hjálmararsdóttir og Hilmar Sigurgíslason meðstjórnendur.

*Fyrir hönd stjórnar,
Svanborg Magnúsdóttir.*



Whippet í beituhaupi.

Mjóhundadeild

Stjórn Mjóhundadeildar eftir seinasta ársfund:

Magnea Friðriksdóttir - formaður, Eyrún Steinsson - gjaldkeri, Selma Olsen - ritari, Friðrik Helgason - meðstjórnandi, Drífa Örvarsdóttir - meðstjórnandi.

Nýir meistatar:

ISCh Enigma Dreams Final (afghan hound)

ISCh Gullmola Killer Queen (saluki)

Innfluttur hundur

Whippet-tíkin, Tylko Ty Planeta Wenus kom til Íslands á vordögum frá Póllandi, eigandi hennar er Gunnur

Sif Sigurgeirsdóttir og ræktandi er Justyna Szopa.

Beituhlaup

Beituhlaupsnefndin hefur staðið fyrir reglulegum beituhlaupsæfingum í sumar. Mikill áhugi er fyrir þessu sporti og hafa 14 hundar klárað þrjú licensehlaup og nokkrir hundar hafa tekið eitt til tvö licensehlaup.

Árshátíð deildarinnar

Deildin stóð fyrir árshátíð sem haldin var á Horninu. Árshátíðin heppnaðist vel, borðaður var góður matur og síðan voru afhentar viðurkenningar. Veittar voru viðurkenningar fyrir árangur á sýningum, í hundafimi og ræktendur fengu viðurkenningar fyrir sinn árangur.

Úrslit frá hundasýningum 2013

Reykjavík Winner 26. maí 2013

Dómari: Lena Stálhandske (Svíþjóð)

Alþjóðleg sýning 23.-24. febrúar.

Dómari: Göran Bodegard (Svíþjóð)

Afghan hound

BOB, RW-13 ISCh Enigma Dreams Fire Down Below

BOS, RW-13 Glitnir Heiður

Saluki

BOB hvolpur Puppyeyes Akmal

BOB, RW-13, nýr ISCh, BIG1 Gullmola Killer Queen

BOS, RW-13 ISCh Gullmola Don't

Stop Me Now

Whippet

BOB, BIS-2 (6-9 mán.) Eldpoku Strönd

BOB, RW-13, BIG3, m.stig Leifturs

Nökkvi

BOS, RW-13 ISCh Álfadísar Drauma

Dagbjört

Afghan Hound

BOB, BIS-4 (6-9 mán.) Glitnir Vestri

BOS (6-9 mán.) Glitnir Heiður

BOB, m.stig, Cacib, BIG, BIS-2

Enigma Dreams Fire Down Below

BOS, m.stig, Cacib, nýr ISCh Enigma

Dreams Final Fantasy

Saluki

BOB, Cacib Gullmola Bohemian

Rapsody

BOS, Cacib AMCh Silvershadow's

Desert gold

Elessar

Whippet

BOB (4-6 mán.) Eldpoku Klettur

BOS (4-6 mán.) Eldpoku Orka

BOB, BIG2, ISCh Leifturs Kvika

BOS, m.stig Leifturs Nökkvi

Kveðja, Mjóhundadeild



Höfðaborgar Let Me Entertain You.

Papillon- og phaléne-deild

Úrslit síðustu sýninga

Á sýningunni 25. maí voru úrslitin þessi:

Papillon

BOB C.I.B. ISCh Silenzio's Theresia

BOS ISCh Hálsakots Flamin' Hot

'N' Gorgeous

BÖT C.I.B. ISCh Silenzio's Theresia,

2. sæti í úrslitum

B.hv.t. 4-6 mánaða Aiming High

„Team“ Million Dollar Baby, 3. sæti

í úrslitum

B.hv.t. 6-9 mánaða Hálsakots Say

Dream On

Besta par Höfðaborgar Myrra og

Höfðaborgar Magni

Besti afkvæmahópur ISCh FINCh

Siljans Art Deco Connection „Luke“

og afkvæmi, 4. sæti í úrslitum

Phaléne

BOB FINUCh DKUCh NUCH

Freetaín's Kickia Her Majesty

BOS ISCh Hálsakots Better Be So-

omething Good

Hvolpasýning HRFÍ 23. júní, þar sem veðrið lék við dýr og menn:

B.hv.t. 4-6 mánaða Höfðaborgar Let

Me Entertain You, 4.sæti í úrslitum

B.hv.t. 6-9 mánaða Butterfly's Kisses

Holly Jolly Christmas

Aðrar fréttir

Aðrar fréttir eru helst þær að sumar-

grill var haldið í Hlíð 29. júní. Byrj-

að var á góðri tæplega klukkutíma

göngu í ágætis veðri og síðan voru

úrslit í ljósmyndasamkeppninni til-

kynt. 59 myndir **bárust** inn og við

þökkum öllum fyrir þáttökuna.

Sérstakar þakkir fá styrktaraðilar fyrir

örletti við deildina. Verðlaun voru

vegleg og efturfarandi aðilar gáfu þau:

Velmerkt gaf strigaprentun fyrir

myndina í 1. sæti. Síðan gáfu Dek-

urdýr, Dýrheimar og Hundahreysti

verðlaun í öll sæti.

Í 1.sæti var mynd frá Helgu Gísla-

dóttur sem jafnframt tók myndina

Í 2.sæti var mynd frá Ingibjörgu Jónu

Magnúsdóttur, ljósmyndari: Gunnar

Þór Gunnarsson

Í 3. sæti var mynd frá Ásdísi Bjarna-dóttur, ljósmyndari: Róbert Elís Erlingsson

Breytingar á ræktunarreglum deildarinnar voru samþykktar á aðalfundi Papillon- og phaléneideildar 21. mars sl. og samþykktar af stjórn HRFÍ 3.apríl sl. Þær öðlast gildi frá 1. september 2013. Við hvetjum deildar-meðlimi til að skoða þessar reglur á heimasíðunni <http://www.papillon-deild.is/> og minnum á póstlistann papillondeild@gmail.com

Fyrir hönd stjórnar.

Guðný Stefania Tryggvadóttir, ritari.



Great North Golden Aurora Boralis „Grace“ í veiðiprófi. Ljós. Kristín Jóna Símonardóttir.

Retrierverdeild

Aðalfundur Retrierverdeildar var haldinn 23. mars í húsnæði HRFÍ við Síðumúla. Samtals sóttu 32 félags-

menn fundinn. Ítarleg fundargerð er á heimasíðu deildarinnar. Helstu

mál voru að vanda skýrsla stjórnar og

kosningar um þrjú sæti í stjórn. Tveir

af þeim þremur stjórnarmeðlimum

sem voru í lausum sætum gáfu kost

á sér aftur, en alls voru 4 sem gáfu

kost á sér í þrjú laus sæti. Úrslit urðu

þau að í stað Þorsteins Birgissonar

sem ekki gaf kost á sér aftur kom

Þórhallur Viðar Atlason. Stjórn hefur

skipt með sér verkum og er Guð-

björg Guðmundsdóttir formaður,

Guðmundur A. Guðmundsson gjald-

keri, Heiðar Sveinsson ritari, Arnar

Tryggvason og Þórhallur Viðar Atl-

ason meðstjórnendur.

Sýningar

Tvær sýningar hafa verið haldnar

síðan síðasta blað kom út. HRFÍ stóð

fyrir sýningu 25. og 26. maí sl. og

tóku 74 retrieverhundar þátt í sýn-

ingunni: 53 labrador, 19 golden og

2 flat-coated. Heildarfjöldi hunda

var 718 og voru retriever því 10,3%

þátttakenda sem er frábær þátt-

taka. Helstu úrslit voru **flat-coated:**

BOB Sváli RW 2013, **golden:** besti

hvolpur 4-6 mánaða Perlugull Lady, besti hvolpur 6-9 mánaða Amazing Gold Galdur, BOB Dewmist Glitter N' Glance RW 2013, BOS ISShCh Great North Golden Sunrise Glacier RW 2013. **Labrador:** besti hvolpur 4-6 mánaða Jökulrósar Villimey, besti hvolpur 6-9 mánaða Sóltúns Venus Vaka, BOB ISShCh Richbourne Silvercloud RW 2013, BOS ISShCh Leiru Röskur RW 2013.

Nýr íslenskur sýningarmeistari: ISShCh Svali, eigandi Nína Rut Eiríksdóttir.

Deildarsýning var haldin 7. júlí í Húsafelli. Dómari sýningarinnar var Jan Roger Sauge frá Noregi. Skráðir voru 90 hundar og gekk sýningin vel fyrir sig. Helstu úrslit: **Flat-coated:** BOB Bez Ami's Always My Charming Tosca. **Golden:** Besti hvolpur 4-6 mánaða Perlugull Lady, besti ungliði Heatwave Little Miss Sunshine, besti ungliði 2 Dewmist Glitter'n Glance, BOB Heatwave Little Miss Sunshine, BOS ISShCh Great North Golden Mount Belukha, BÖT C.I.E. ISShCh Standelbec Gabriella. **Labrador:** Besti hvolpur 4-6 mánaða Jökulrósar Máney, besti hvolpur 4-6 mánaða 2 Stekkjardals Augustus, besti ungliði Dolbia Kara, besti ungliði 2 Draumalands Skyfall, BOB ISShCh Buckholt Cecil, BOS Draumalands Mount Etna. Úrslit sýningarinnar: Besti hvolpur 4-6 mánaða Jökulrósar Máney, besti hvolpur 4-6 mánaða 2. sæti Perlugull Lady, besti ungliði Heatwave Little Miss Sunshine, besti ungliði 2 Bez Ami's Always My Charming Tosca, besti ungliði 3 Dolbia Kara, besti hundur sýningar ISShCh Buckholt Cecil, besti hundur sýningar 2 Heatwave Little Miss Sunshine, besti hundur sýningar 3 Bez Ami's Always My Charming Tosca, besti öldungur sýningar C.I.E. ISShCh Standelbec Gabriella.

Veðiþróf

Nú er lokið 9 af 11 þrófum sumarsins og hefur þáttaka verið mjög góð og enn betri en í fyrra. Veidínefnd bætti við þrófum í sumar og jafnframt var tekin ákvörðun um að halda sig við 16 hunda fjölda eins og frekast væri unnt. 148 gildar skráningar hafa verið til þessa og er þegar yfirbókað á þau 3 próf sem eftir eru. Að þessu sinni voru haldin tvö próf við Melgerðismela og voru þau með sitthvorum dómaramum og tókust fráberlega. Veittur var bikar fyrir besta hund samanlagt í stigagjöf fyrir báða dagana og hann hlaut Kolkuós Jara og

Elmar B. Einarsson. Hápunktur prófa sem eru búin var tveggja daga próf sem haldið var í Húsafelli 5. og 6. júlí á stærstu Retrieverhelgi sem haldin hefur verið, en samtals var 41 hundur prófaður í veiðiþrófum og 90 hundar sýndir. Dómari í veiðiþrófum var Hans Petter Grongstad frá Noregi og setti hann upp skemmtileg próf með nýjum áherslum.

Veittur var bikar fyrir stíghæsta hund seinni veiðiprófsdag og á sýningu. ISFtCh Lís í eigu Elsu Hlínar Magnúarsdóttur hlaut þennan bikar í ár.

Það sem af er sumri hefur einn hundur unnið sér inn rétt til að sækja um íslenskan veiðimeistaratitil (ISFtCh) og er það Ljósavíkur Assa í eigu Jens Magnúsar Jakobssonar.

Skemmti- og göngunefnd

Nefndin hefur haldið úti þeirri dagskrá og að auki komið sterk inn við aðra viðburði deildarinnar. Staðið hefur verið fyrir göngum, hvolpahittingi, skemmtikvöldum og útilegum svo eitthvað sé nefnt. Dagskrá nefndarinnar er á viðburðadagatali á heimasíðu deildarinnar. Fjöldgöngun á tveggja daga viðburðum hefur verið góður vettvangur fyrir útilegur og hefur það mælst mjög vel fyrir. Ennfremur hefur áhugi á að fylgjast með veiðiþrófum aukist mjög mikið. Eins og áður bendum við félagsmönnum á að sækja þá viðburði sem deildin stendur fyrir og nota tækifærið til að kynna skemmtilegu fólk og umhverfisvenja hundana sína.

Stjórn Retrieverdeildar og nefndir þakka nú sem fyrr frábert starf félagsmanna. Það sem af er ári hafa margir hvolpar farið til nýrra eigenda og bjóðum við ykkur öll hjartanlega velkomin til þeirra viðburða sem efnit er til og hlökkum til að vinna með ykkur. Við bendum áhugasömum á heimasíðu deildarinnar www.retriever.is og einnig öflugra og virka Facebook-síðu deildarinnar <http://www.facebook.com/groups/retrieverdeild.hrfi/>

*Eh. stjórnar Retrieverdeildar,
Heiðar Sveinsson.*



Kolskeggs Klaka Skrápur varð besti hundur sýningar 2 á Reykjavík Winner 2013. Ljóm. Ágúst Ágústsson.

Schnauzerdeild

Schnauzerdeildin hefur verið mjög virk síðustu misseri. Við höldum okkar fyrstu uppskeruhátíð þann 19. janúar þar sem ræktendur og eigendur schnauzerhunda voru heiðraðir. Ljúffengur matur og skemmtiatriði fram á nótt með vel heppnuðu uppboði sem var kærkomin fjáröflun fyrir deildina.

Stíghæstu ræktendur voru heiðraðir:

Helguhlíðar-ræktun: Stíghæsti ræktandi á svart/silfur dvergschnauzer

Svartwalds-ræktun: Stíghæsti ræktandi á svörtum dvergschnauzer

Made in Iceland-ræktun: Stíghæsti ræktandi á hvítum dvergschnauzer

Kolskeggs-ræktun: Stíghæsti ræktandi á pipar/salt dvergschnauzer

Black Standard-ræktun: Stíghæsti ræktandi á svörtum standard schnauzer

Svartskeggs-ræktun: Stíghæsti ræktandi á svörtum risaschnauzer

Stíghæsti sýningarhundur deildarinnar: Svartwalds Bright 'n' Shiny Future

Stíghæsti vinnuhundur deildarinnar: Svartskeggs Black Pearl

Stíghæsti ræktandi deildarinnar: Helguhlíðar-ræktun

Stíghæsti öldungur: Charming Aska frá Ólafsvöllum

Stíghæstu hundar í hverjum lit:

Hvítur dvergschnauzer: Made in Iceland White Xmas Angel

Pipar/salt dvergschnauzer: Kolskeggs Jólalstelpa

Svart/silfur dvergschnauzer: Helguhlíðar Millý

Svartur dvergschnauzer: Svartwalds Bright 'n' Shiny Future

Svartur standard schnauzer: Black Standard About a Boy

Pipar/salt standard schnauzer: Bláklukku DÍA Donna

Svartur risaschnauzer: Mir-Jan's Campari

Hvolpar sem komust í úrslit um besta hvolp dagsins:

Svartskeggs Sweet Home Alabama

Helguhlíðar Dimma Svartwalds Golden Boy

Aðrar viðurkenningar:

Hundafimi: Hrímnis Sædis for Svart-höfða

Vinnuhundur:

Bronspróf: Svart-höfða Angus Young Hlýðni 1 próf: Svartskeggs Black Pearl

Spor: Mir-Jan's Campari

Alþjóðleg hundasýning var haldin 23.-24. febrúar og fengum við schnauzer-sérfræðinginn, Ninu Karlsdóttur frá Svíþjóð og yfir heildina leist henni mjög vel á tegundina, frekari úrslit eru inn á deildarsíðu Schnauzerdeildar.

Deildarsýning Schnauzerdeildar var haldin í mars 2013 og var dómari hinn virti, Javier Sanches frá Spáni sem er nú fallinn frá, því verr og miður fyrir schnauzerheiminn. Hann var mjög virtur dómari og hafði dæmt víðsvegar um heiminn. Javier hélt líka ræktunarnámskeið sem var mjög fræðandi og skemmtilegt. Úrslit frá sýningunni í heild sinni eru inn á deildarsíðunni.

Best in show úrslit:

BIS hvolpur 4-6 mánaða: Heljuheims Geri

BIS hvolpur 6-9 mánaða: Svartwalds Germania

BIS-JR 1: Svartwalds For Those about to Rock

BIS-JR 2: Steinhóla Flintstone

BIS-JR 3: Made In Iceland Barney

BIS öldungur: Charming Aska frá Ólafsvöllum

BIS-Vinnuhundur: Svartskeggs Black Pearl

Best in show 1: Svartwalds Bright 'N' Shiny Future

Best in show 2: Helguhlíðar Dimma

Best in show 3: Made in Iceland Blossom

Best in show 4: Black Standard About a Boy

Fyrsta Reykjavík Winner sýningin var stórglæsileg og schnauzer átti gjörsamlega þá sýningu en margir komust í úrslit og hér eru nokkur sæti sem við fengum í úrslitum sýningar:

Kolskeggs Klaka Skrápur varð annar besti hundur sýningar, stórglæsilegur árangur þar!

Besti hvolpur dagsins 6-9 mánaða var Heljuheims Fenrir

Besti hvolpur dagsins 4-6 mánaða var Kolskeggs Ljósi Storikláus

Annað besta par sýningar var Svartwalds Bright n Shiny future og Svartwalds Germania

Deildin hefur verið mjög dugleg við

að virkja nýja meðlimi, meðal annars með kynningu á deildinni, snyrtinámsskeiðum, virkum göngum og fleiru.

Landsmót Schnauzerdeildar var haldið helgina 15.-16.júni. Væðrið lék við okkur og mæting mjög góð og allir skemmtu sér vel í bæði leikjum og söng. Börnin tóku þátt í gannissýningu (ungir sýndur) og þó nokkrir tóku þátt. Flestir tjölduðu og gistu á staðnum. Vonandi verður þetta bara byrjun á skemmtilegri hefð sem deildin mun halda áfram að standa fyrir.

Við erum sérlega heppin með hversu áhugasamt og gott fólk er í okkar deild og viljum þakka meðlimum deildarinnar fyrir áhugann sem að þeir hafa sýnt okkar ástæru deild. Höldum áfram að vinna vel saman og hafa það gaman.

*Fyrir hönd Schnauzerdeildar,
Maria Björg Tamimi.*



Besti hundur sýningar á Reykjavík Winner sýningu HRFÍ, Kolgrímu Dee Hólm ásamt eiganda og ræktanda, Sírý Hóllu Stefánsdóttir.

Schäferdeild

Schäferdeildin var stofnuð árið 1988 og er því á þessu ári búin að starfa í aldarfjórðung. Á þessum tímamótum þótti við hæfi að deildin setti upp glæsilega afmælisýningu, en þetta var þriðja sérsýning deildarinnar frá stofnun hennar. Sýningin var haldin þann 6. júlí sl. í reiðhöllinni í Viðidal og heppnaðist með eindæmum vel. Sextíu og einn hundur var skráður til leiks og er það metskráning frá stofnun Schäferdeildarinnar. Góð stemning var fyrir sýningunni og lögðust ræktendur og eigendur schäferhunda innan deildarinnar saman á eitt að gera sýninguna sem glæsilegasta á allan hátt.

Karl Otto Ojala schäfer-sérfræðingur frá Noregi var fluttur til landsins til að meta hundana okkar bæði á sýningunni sem og í vinnuþrófum um sömu helgi. Karl Otto er með mikla reynslu af dómaraströfum í kringum tegundina og er með hæstu gráðu frá SV í Þýskalandi. Þegar dómari með svona mikla þekkingu á tegundinni kemur hingað á klakann þá er mikilvægt að ræktendur hlusti vel á það sem hann hefur að segja því hann getur lagt línurnar fyrir okkur og sagt okkur nákvæmlega hvað við þurfum að gera til að bæta stofninum okkar. Stjórn Schäferdeildarinnar átti gott samstarf við Karl Otto en hann situr í stjórn norska Schäferklúbbsins. Koma hans til landsins hefur opnað á frekara samstarf deildarinnar og norska Schäferklúbbsins í framtíðinni.

C.I.B. ISCh RW-13 Welincha's Yasko (snögghærður) varð besti hundur sýningar á afmælisýningunni. Eigandi hans er Sírý Halla Stefánsdóttir. Annar besti hundur sýningar varð Svarthamars Garpur (síðhærður). Eigandi hans er Davíð Ingvason. Frekari úrslit er hægt að sjá á vefsíðu deildarinnar www.schaferdeildin.is. Reykjavík winner sýning HRFÍ fór fram síðustu helgina í maí og má með sannri segja að schäfer- tegundin hafi stolið senunni. RW-13 Kolgrímu Dee Hólm gerði sér lítið fyrir og varð besti hundur sýningar. Ræktandi Kolgrímu Dee er Sírý Halla Stefánsdóttir. Það er ekki á hverjum degi sem schäferhundur verður besti hundur sýningar, hvað þá hundur sem er úr íslenskrri ræktun. Hamingjuóskir til ræktanda og eigenda. Stjórn deildarinnar vill koma á framfæri þakklæti til allra sem komu að skipulagningu og uppsetningu afmælisýningarinnar. Þegar á reyndi kom í ljós hversu sterk þessi deild er í raun og veru og er gott til þess að vita í verkefnum framtíðarinnar. Stjórnin vill einnig þakka þann velvilja sem þau fyrirtæki sýndu sem haft var samband við og styrktu okkur með ýmsum hætti við framkvæmd sýningarinnar. Fylgist með viðburðum deildarinnar á vefsíðu deildarinnar www.schaferdeildin.is.

*Fyrir hönd stjórnar Schäferdeildarinnar,
Guðmundur Rafn Ásgeirsson, formaður.*



C.I.B. ISCh Anyka Bootylicious Babe, stígahesti öldungur deildarinnar (og HRFÍ, enn sem komið er).

Siberian huskydeild

Sýningar

Reykjavík Winner 2013
Dómari var Jörgen Hindse (Danmörk)
Niðurstöður voru eftirfarandi:
BOB: ISCh RW-13 Miðnætur Rum Tum Tugger – Th. 1 – BIS-4
BOS: RW-13 Miðnætur Glamorous Grizabella
BOB hvolpur 6-9 mánn.: Frostrós
BOS hvolpur 6-9 mánn.: Eyberg Ice The Great King Arthur
BOB hvolpur 4-6 mánn.: Son of a Gun for Bigfootprint
BOS hvolpur 4-6 mánn.: Hairspray Queen of Winter Island
Einnig átti deildin fulltrúa í öldungaflokki en það var tíkin, C.I.B. ISCh Anyka Bootylicious Babe sem varð besti öldungur sýningar aðra sýninguna í röð.

Göngur

Deildin stóð fyrir göngu 28. júlí sem var vel sótt og stefnan er tekin á að halda göngur 1 sinni í mánuði. Nánari upplýsingar um staðsetningar og dagsetningar verður hægt að nálgast á Facebook-síðu deildarinnar.

Got

Það sem líðið er að þessu ári hafa fæðst 3 got, alls 15 hvolpar.

*Eh. stjórnar,
Alexandra Björg Eyþórsdóttir.*



Bræðurnir Bruce og Eros ásamt sýnendum sínum á hvolpasýningu HRFÍ. Ljós. Kolbrún Jónsdóttir.

Tíbet spanieldeild

Reykjavík Winner Show - 13 var haldin 25.-26. maí sl. Alls tóku 18 tíbet spaniel þátt, þar af 4 hvolpar sem allir fengu heiðursverðlaun. Dómari fyrir okkar tegund var Lena Stálhandske frá Svíþjóð. Þessi sýning gaf BOB og BOS hundunum titilinn RW-13 fyrir framan nafnið sitt. Svona winner-sýningar eru vel þekktar í nágrannalöndum okkar.

Úrslit urðu eftirfarandi:

BOB og RW-13 var valin Tíbrár Tinda Pink Lotus „Lotus“. Hún fékk sitt 5. meistarastig (of ung fyrir meistaratígn). Eigandi og ræktandi Auður Valgeirsdóttir.
BT 2 var valin Tíbrár Tinda Tourmaline „Lotta“. Eigendur Auður Valgeirsdóttir og Kristín Elfa Guðnadóttir. Ræktandi Auður Valgeirsdóttir.
BT 3 var valin Frostrósar Hrafna. Eigandi hennar er Kristín Anna Tof. Ræktendur Jo Ann Önnudóttir/ Brynjar Gunnarsson.
BOS og RW-13 var valinn C.I.B. ISCh Tíbrár Tinda Prayer Wheel Spinner „Rúbín“. Eigandi hans er Kolbrún Jónsdóttir. Ræktandi Auður Valgeirsdóttir.
BR 2 var valinn Perlu-Lindar Bjartur. Hann fékk sitt 1. meistarastig. Eigandi hans er Steinunn Þórisdóttir. Ræktandi Berglind Björk Jónsdóttir.
BR 3 var valinn Tíbrár Tinda Tiger's Eye „Tiger“. Eigandi og ræktandi hans er Auður Valgeirsdóttir.
BR 4 var valinn ISCh Tíbrár Tinda Monastery's Guardian „Buddha“. Eigendur hans eru Auður Valgeirsdóttir og Rannveig Rúna Viggósdóttir. Ræktandi Auður Valgeirsdóttir.
BR 5 var valinn Toyway Tim-Bu „Timbú“. Eigandi hans er Kolbrún Jónsdóttir. Ræktandi Jouko Leiviskä.
Hvolpar 6-9 mánaða
BOB með HP var valinn Bruce.

Eigandi og ræktandi hans er Guðrún Helga Harðardóttir.

BR 2 með HP var valinn Ares „Eros“. Eigendur hans eru Stefán Þórarinnsson og Jóhanna Þórarinsdóttir. Ræktandi Guðrún Helga Harðardóttir.

BR 3 með HP var valinn Hercules. Eigandi hans er María Guðbjörg Guðfinnsdóttir. Ræktandi Guðrún Helga Harðardóttir.

BOS með HP var valin Demi. Eigandi hennar er Margrét Kjartansdóttir. Ræktandi Guðrún Helga Harðardóttir.

BOB ræktunarhópur var valinn Tíbráar Tinda-ræktun. Hópurinn fékk heiðursverðlaun og endaði sem þriðji besti ræktunarhópur dagsins. Ræktandi Auður Valgeirsdóttir.

Farandbikara fyrir BOB og BOS gaf Perlu-Lindar ræktun. Gjafabikara fyrir fullorðna gaf JRJ (Kolbrún Jónsdóttir). Gjafabikara og verðlaunapeninga fyrir alla hvolpana gaf JRJ (Kolbrún Jónsdóttir).

Þökkum við þeim kærlega fyrir gjafmildina.

Hvopasýning HRFÍ var haldin í frábæru veðri í Víðidal 23. júní sl. fyrir allar tegundir innan HRFÍ.

Þrjú tibet spaniel hvolpar tóku þátt, einn í flokki 4-6 mánaða og tveir í flokki 6-9 mánaða. Þeir stóðu sig vel og fengu allar heiðursverðlaun. Sóla og Bruce komust bæði í undanúrslit en ekki í sæti um besta hvolp sýningar.

Dómari fyrir okkar tegund var Þórdís Björg Björgvinsdóttir.

4-6 mánaða

BOB var valin Perlu-Lindar Sóla. Eigandi og ræktandi hennar er Berglind Björk Jónsdóttir.

6-9 mánaða

BOB var valinn Bruce. Eigandi og ræktandi hans er Guðrún Helga Harðardóttir.

BR 2 var valinn Ares „Eros“. Eigendur hans eru Stefán Þórarinnsson og Jóhanna Þórarinsdóttir. Ræktandi Guðrún Helga Harðardóttir.

Nýr alþjóðlegur meistari hefur fengið staðfestingu frá FCI. Það er rakkinn, C.I.B. RW-13 ISCh Tíbráar Tinda Prayer Wheel Spinner „Rúbín“. Stoltur eigandi hans er Kolbrún Jónsdóttir og ræktandi Auður Valgeirsdóttir.

Stjórn deildarinnar óskar eigendum og ræktendum hjartanlega til hamingju með hundana sína.

Göngur og félagsstarf

Göngur hafa verið reglulegar á árinu með ágetri þátttöku. Göngustjórnar eru þær Jóhanna Þórarinsdóttir og Ingibjörg Blomsterberg.

Stjórn ásamt ræktendum stóð fyrir hvolpahittingi fyrir hvolpa undir 1 árs í vor sem haldinn var í Gælundýr.is á Korputorgi. Þessi uppákoma tókst frábærliga vel, mæting var góð og gaman sjá alla nýju hvolpana í deildinni okkar leika sér fallega saman ásamt fjölskyldum sínum. Boðið var upp á veitingar.

Ræktun-Fjölgun

Von er á hvolpum í enda ágúst nk. undan Frostrósar Sölkú og ISCh Tíbráar Tinda Monastery's Guardian „Buddha“.

Ræktandi er Dagný Egilsdóttir.

Deildin

Ársfundur deildarinnar var haldinn í apríl og var m.a. kosið í stjórn deildarinnar. Þjú sæti voru laus og gáfu allar sem fyrir voru aftur kost á sér, ekki komu fleiri framboð og voru þær því sjálfkjörnar. Sjá nánar um ársfundinn á heimasíðu deildarinnar.

Við viljum minna tibet spaniel-eigendur á að láta augnskoða hundana sína reglulega til að hægt sé að fylgjast með stofninum. Næsta augnskoðun verður í nóvember. Skráning á skrifstofu HRFÍ. Þeir sem ætla að rækta undan tikunum sínum og eigendur undaneldishunda verða að vera með gild augnvottorð þegar parað er og má vottorðið ekki vera eldra en 13 mánaða við þörum (sjá reglur um undaneldi á heimasíðu HRFÍ). Einnig er nauðsynlegt að undaneldisdýr séu með ræktunardóm á sýningum áður en þau eru notuð til ræktunar. Ef ræktendur óska eftir ráðleggingum ræktunarstjórnar um val á undaneldishundum skal senda skriflega beiðni til stjórnar að minnsta kosti 2 mánuðum fyrir áætlað lóðari tíkar.

Ný heimasíða deildarinnar fór í loftið á síðasta ári undir stjórn Helgu Kolbeinsdóttur og var öllum deildar meðlimum sendur póstur um opnun síðunnar. Slóðin er tibetspaniel.weebly.com Deildin heldur líka úti Facebook-síðu með fréttum og tilkynningum undir heitinu „Tibetan spaniel á Íslandi innan HRFÍ“. Tibetan spaniel in Iceland“. Tölvupóstur er sendur til allra sem eru á póstlistanum okkar um þær uppákoma og tilkynningar sem deildin stendur fyrir. Endilega látið okkur vita ef þið fáið ekki

tölvupóst frá okkur og einnig ef breytingar verða á netfangi. Endilega fylgist með síðunum okkar, þar er allt sett inn um starf deildarinnar og uppákoma, eins og göngur og fleira ásamt upplýsingum um tegundina.

Með bestu kveðju til ykkar allra.

Fh. stjórnar Tibet spanieldeildar HRFÍ.

Auður Valgeirsdóttir formaður. tibra@heimsnet.is eða tibbadeild@gmail.com sími 557-5622 eftir kl. 13.00 alla daga.



Sigrún með RVV-13 ISCh Rosetopps Icran (Tuma) og Kristín með RV-13 CIB ISCh Swedetop's Keepsake (Twiggy).

Yorkshire terrierdeild

Ársfundur deildar var haldinn í mars á þessu ári og kosið var til nýrrar stjórnar.

Stjórn deildarinnar eftir ársfund 2013:

Elvar Freyr Jónsteinsson - formaður - 66Elvar@gmail.com

Kristine Erla Olson - ritari - swedetopps@simnet.is

Sigrún Gréta Einarsdóttir - gjaldkeri - sigrungreta@gmail.com

Þórarinn Pálsson - tengiliður - totipals@gmail.com

Ásthildur Helga Bragadóttir - meðstjórnandi - asthild@gmail.com

Göngunefnd þetta árið skipa Bertha Eronsdóttir og Ásthildur Helga Bragadóttir.

Margar nýjar hugmyndir hafa komið hjá nýju stjórninni, t.d. umhirðunámskeið sem verður haldið fyrir félagsmenn í ágúst n.k. Þá bæði fyrir þá sem vilja byrja að pakka hundinum sínum fyrir sýningar og/eða dagleg umhirða yorkans, klippingar á nógum, eyrum o.s.frv.

Ætla stjórn að halda „opna fundi“ þar sem stjórn mun bjóða félögum til að mæta og ræða málin, koma með hugmyndir um félagsstarfið og fleira.

Göngur deildarinnar hafa verið vel sóttar og skemmtilegar. Fyrsta gangan var farin frá Raudavatni og á áfangastað var svo grillað. Farið var í mjög skemmtilega fjöruferð í Þorlákshöfn í maí og síðan endaði mannfólkið á að fá sér kaffi og kökur á kaffihúsi í Þorlákshöfn. Gengið var í kringum Reynisvatn í byrjun júní og gengið í Öskjuhlöðinni í júlí.

Fæddir hvolpar eru nú þegar orðnir 15 úr 4 gotum á árinu og von er á fleiri skráningum á þessu ári.

Vegna óviðráðanlegra orsaka voru stíghæsti hundur og stíghæsti ræktandi ársins 2012 ekki heiðraðir fyrir en í apríl á þessu ári en þeir voru eftirfarandi:

Stíghæsti ræktandi ársins 2012: Klara G. Hafsteinsdóttir með Rosetopps-ræktun

Stíghæsti hundur ársins 2012: RW-13 ISCh Rosetopps Icran (Tumi) í eigu Sigrúnar Grétu Einarsdóttur og Þórarins Pálssonar.

Óskum við þeim til hamingju með þennan flotta árangur.

Sýningar hjá HRFÍ hafa verið vel sóttar öllum til ánægju og hafa tveir alþjóðlegir meistarar fengið staðfestingu á árinu, C.I.B. ISCh Rosetopps Greta Garbo (Gréta) í eigu ræktandans Klöru G. Hafsteinsdóttur og RW-13 C.I.B. ISCh Swedetop's Keepsake (Twiggy) einnig í eigu ræktandans, Kristine Erlu Olson.

Á sumarsýningu HRFÍ eignuðumst við tvo nýja Reykjavík Winner, RW-13 ISCh Rosetopps Icran (Tuma) og RW-13 CIB ISCh Swedetop's Keepsake (Twiggy).

Óskum við eigendum jafnt og ræktendum til hamingju.

Útilega átti að vera haldin í Þrastarskógi í júlí en vegna mikillar rigningar verður þeirri útilegu frestað til júlí 2014 í von um að það árið verði aðeins þurrara og kannski sólríkara.

*Kveðja,
stjórn Yorkshire terrierdeildar.*

NÝTT

Gerðu ráð fyrir breytingum



DAGUR

1

88% hunda og katta léttust á tveimur mánuðum; heima hjá sér*

DAGUR

60

og um
ókomin
ár...

Loksins, þyngdarstjórnun sem sannanlega virkar

Í rannsókn sem dýralæknar leiddu, léttust 88% af 314 gæludýrum um 0,7% af líkamsþyngd að meðaltali á viku. Heima.

Ræddu málið við dýralækninn þinn.
Meira á HillsVet.com/Metabolic



RECOMMENDED
BY VETERINARIANS
WORLDWIDE

* Sjá niðurstöður hjá Hill's Pet Nutrition, Inc.
™ Trademarks owned by Hill's Pet Nutrition, Inc. ©2012 Hill's Pet Nutrition, Inc.

Fáanlegt fyrir bæði hunda og ketti

Hundar vilja ekki gervitennur þeir vilja DentaStix®



Minnkar myndun tannsteins um allt að 80%*

*Við daglega notkun